# Fornleifaúttekt vegna fyrirhugaðs jarðstrengs á Vesturlandi



**Ritstjóri: Kristjana Vilhjálmsdóttir**

Höfundar efnis: Agla Geirlaug Aradóttir Ringsted, Gylfi Helgason, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Kristborg Þórsdóttir, Kristjana Vilhjálmsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck & Stefán Ólafsson

**Reykjavík 2023**
**FS902-22311**

**Fornleifastofnun Íslands ses**

*Forsíðumynd er af Steingróu DA-118:054 í landi Breiðabólstaðar.*
*Myndina tók Kristjana Vilhjálmsdóttir.*

©2023
Fornleifastofnun Íslands
Bræðraborgarstíg 9
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Netfang: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

## Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifaskráningar vegna fyrirhugaðrar lagningar á jarðstreng á fjórum aðskildum svæðum á Vesturlandi: Einu í Hvammssveit og á Fellsströnd í Dalabyggð, einu í Snæfellsbæ milli Höfða og Ennis og tveimur á Mýrum í Borgarbyggð. Skráningin var unnin að beiðni RARIK. Deiliskráningarsvæðið sem tekið var út var samanlagt um 75,5 km langt. Í öllum tilfellum var tekið út 30 m breitt belti og það gengið skipulega við úttektina.

Vettvangsvinna fór fram sumarið 2022. Alls voru skráðar 145 fornleifar á 117 minjastöðum og voru 115 metnar í stórhættu og 24 í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Að vettvangskönnun lokinni voru tillögur settar fram um færslu á jarðstrengnum.



*Efnisorð:* Fornleifaskráning, deiliskráning, jarðstrengur, Hvammssveit, Fellsströnd, Dalabyggð, Mýrar, Borgarbyggð, Snæfellsbær, Fornleifastofnun Íslands.



## Summary

This report presents the findings and conclusions of a detailed survey carried out in summer 2022 in four separate areas in West Iceland. One in Hvammssveit and Fellsströnd in the Dalabyggð municipality, one in the Snæfellsbær municipality and two in Mýrar in the Borgarbyggð municipality. The survey was commissioned by the Iceland State Electricity (RARIK) in relation to a new underground power line in the municipalities. The survey was carried out within four areas, all 30 m wide and in total about 75,5 km long. In all 145 archaeological sites were surveyed at 117 locations. Of those, 115 sites considered to be at high risk and 24 to be at risk due to the proposed power line.



*Keywords:* Archaeology, detailed survey, powerline, Hvammssveit, Fellsströnd, Dalabyggð, Mýrar, Borgarbyggð, Snæfellsbær, Institute of Archaeology in Iceland.

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

# Efnisyfirlit


I. Inngangur .................................................. 1

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf .................................................. 3

III. Aðferðir við fornleifaskráningu .................................................. 5

IV. Fornleifaskrá .................................................. 7

IV.I Dalir .................................................. 7

DA-105 Skerðingsstaðir .................................................. 7
DA-106 Hvammur .................................................. 10
DA-108 Skarfsstaðir .................................................. 20
DA-109 Kýrunnarstaðir .................................................. 24
DA-110 Knarrarhöfn .................................................. 29
DA-111 Teigur .................................................. 33
DA-113 Holt (Rauðbarðaholt) .................................................. 39
DA-114 Hóll .................................................. 44
DA-115 Skoravík .................................................. 50
DA-117 Hafursstaðir .................................................. 64
DA-118 Breiðabólstaður .................................................. 74
DA-119 Þúfa (Valþúfa) .................................................. 82
DA-120 Hella .................................................. 86
DA-121 Skógar .................................................. 95
DA-122 Staðarfell .................................................. 98
DA-125 Túngarður .................................................. 104
DA-126 Hallsstaðir .................................................. 108
DA-128 Orrahóll .................................................. 112
DA-651 Fornleifar á fleiri en einn jörð í Hvammssveit .................................................. 117
DA-661 Fornleifar á fleiri en einn jörð á Fellsströnd .................................................. 119

IV.II Snæfellsnes .................................................. 121

SN-167 Brimilsvellir .................................................. 121
SN-178 Hrísar .................................................. 125
SN-182 Túnga .................................................. 127

IV.II Mýrar .................................................. 133

MH-171 Melur .................................................. 133
MH-172 Fíflholt .................................................. 136
MH-174 Álptá .................................................. 138
MH-179 Ánastaðir .................................................. 144

MH-180 Hundastapi ..... 146
MH-188 Traðir ..... 149
MH-662 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Álftaneshreppi ..... 151
MH-671 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Hraunhreppi ..... 152
V. Niðurstöður og umræða ..... 155
V.I Úttektarsvæði 1 – Dalir ..... 161
V.II Úttektarsvæði 2 – Snæfellsnes ..... 175
V.III Úttektarsvæði 3 – Mýrar ..... 177
V.IV Úttektarsvæði 4 – Mýrar ..... 179
Heimildir ..... 181
Viðauki I: Hnitaskrá ISN93 ..... 185
Viðauki II: Minjakort ..... 187

# I. Inngangur

Sumarið 2022 fór RARIK þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að stofnunin tæki að sér deiliskráningu fornleifa á fyrirhugaðri strengleið í Hvammssveit og á Fellsströnd í Dalabyggð, á Mýrum í Borgarbyggð og í Snæfellsbæ milli Höfða og Ennis. Áður hafði Fornleifastofnun Íslands skráð fornleifar á afmörkuðum svæðum í Snæfellsbæ[1] og var stuðst við þau gögn eftir þörfum. Auk þess hafði Fornleifastofnun unnið heimildaskráningu á þeim svæðum sem voru til skoðunar í Dalabyggð[2] og nýttist hún vel í verkefninu.

Úttektarsvæðin voru alls fjögur og voru tvö þeirra á Mýrum en eitt í Dalabyggð og eitt í Snæfellsbæ. Svæðin voru öll 30 m að breidd, 15 m til beggja átta frá miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs. Heildarlengd úttektarsvæða var um 75,5 km. Á þeim svæðum þar sem sjáanlegt þótti á vettvangi að fyrirhugaður jarðstrengur myndi raska fornleifum var nærliggjandi umhverfi einnig athugað með tilliti til mögulegrar færslu á strengleið.

Svæðin sem um ræðir eru:




*Staðsetning úttektarsvæða á Fellsströnd/Hvammssveit, Snæfellsnesi og Mýrum.*
*Kort byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.*

1 Kristborg Þórsdóttir 2017.

2 Gylfi Helgason 2017a; Gylfi Helgason 2017b.

**Dalir (Hvammssveit og Fellsströnd)**

1. Frá Orrahól að Hvammi, með greinum að Staðarfelli og Skorravík. Alls var tekin út um 40,1 km löng leið sem lá gegnum lönd jarðanna Orrahóls, Lyngbrekku, Svínaskógar, Hallsstaða, Túngarðs, Skóga, Hellu, Staðarfells, Skorravíkur, Valþúfu, Breiðabólsstaðar, Hóls, Rauðbarðaholts, Teigs, Knarrarhafnar, Kýrunnarstaða, Skarfsstaða, Hofakurs, Skerðingsstaða og Hvamms.

**Snæfellsnes**

2. Frá bæ á Brimilsvöllum að Mávahlíðarvegi. Tekin var út um 5,0 km löng leið sem lá gegnum lönd jarðanna Brimilsvalla, Hrísa, Tungu og Mávahlíðar.

**Mýrar**

3. Frá bæ í Laxárholti að Litla-Læk. Tekin var út um 11,7 km löng leið sem lá gegnum lönd jarðanna Laxárholts, Traða, Hólmakots, Hundastapa, Ánastaða og Hrafnkelsstaða.
4. Frá Miklaholti að Fíflholti með greinum að Álftártungu og að Mel. Alls var tekin út um 18,7 km löng leið sem lá gegnum lönd jarðanna Miklaholts, Brúarlands, Álftár, Álftártungu, Fíflholts og Mels.

Vettvangsrannsókn fór fram í tveimur áföngum, í júní og júlí 2022. Gengið var skipulega um úttektarsvæðin, allir minjastaðir hnitsettir og sjáanlegar minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Alls voru skráðar 145 fornleifar á 117 minjastöðum. Um vettvangsvinnu sáu Agla Geirlaug Aradóttir Ringsted, Gylfi Helgason, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Kristjana Vilhjálmsdóttir og Sólveig Guðmundsdóttir Beck, fornleifafræðingar. Kristjana sá einnig um skýrsluskrif og kortagerð. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja kafla er farið yfir skráningakerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem eru innan deiliskráningarsvæðis og í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslu er heimildaskrá og viðaukar (hnitaská ISN93 og minjakort).

## II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, […] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].„ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
>
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna

völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Umhverfis allar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði en umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 m friðhelgað svæði. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

# III. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (SÞ, RA o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala en það er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-084:001). Séu fleiri en ein fornleif (minjaeining) á hverjum minjastað bætist við eininganúmer aftast í númeraröðinni (dæmi: RA-084:001_01). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari, búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.




*Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.*

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund,

hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 og er möguleg skekkja mælinganna innan við 1 metri, allt niður í nokkra sentimetra.

Þar sem getur um „heimild um…„ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir séu þær fyrir hendi en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Allir minjastaðir innan úttektarsvæðis töldust í stórhættu vegna framkvæmda. Á það jafnt við minjar sem enn sjást á yfirborði og þær sem aðeins heimildir eru um þar sem líkur eru taldar á því að þær séu enn að hluta til varðveittar undir sverði. Þar sem úttektarsvæði náði inn á helgunarsvæði fornleifa, almennt 15 m frá fornleif eða nær en 100 m í tilviki friðlýstra minja, var minjastaðurinn metinn í hættu vegna framkvæmda.




*Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar m.t.t. til byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessar skýringar gilda fyrir öll minjakort og myndir af uppmældum minjum í fornleifaskrá.*

Í síðustu línu er svo getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

# IV. Fornleifaskrá

## IV.I Dalir

### DA-105 Skerðingsstaðir

**1686:** 20 hdr., Hvammskirkjueign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 181.

**1695:** 20 hdr., Hvammskirkjueign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 181.

**1703:** 20 hdr., Hvammskirkjueign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, 90.

**1731:** 20 hdr., Hvammskirkjueign, skv. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 87.

**1847:** 20 hdr., Hvammskirkjueign, skv. Jarðatali Johnsen, 167.

Eyðibýli: Auðartóftir (105:032), skv. Árbók 1882, 76.

Jarðarítök: Heimajörð brúkar selstöðu í Þverdal innan Hvammslands, skv. JÁM VI, 90. Hvammslands á engi á jörðinni nefnt Kirkjuengi, skv. Landamerkjabréfi No. 7.

**1917:** Ræktað tún 3,8 ha (1,2 ha þýft) og 0,9 ha undir hús og fl. Öll torfan er samtals 4,7 ha og garðar 280 m2.

**1703:** „Túnið er mikinnpart grýtt og þýft, í betra lagi grasgefið. Engjar á dreif, víða snöggvar, og litlar. Hagar í lakara lagi og þrönglendir. Selstaða er brúkuð í Hvammslandi á Þverdal […]. Silúngsveiði hefur verið að nokkru gagni í Laxá og kennske lítið í Hvammsá […]. Skógur hefur verið nokkur, nú eyddur. Hrís er til eldiviðar af fjalldrapa. Túnið spillist af bæjarlæknum, sem kastar uppá það sandi og grjóti. Sami lækur hefur stórkostlega fordjarfað einn part af túninu […]. Engjar hefur Laxá sumar afbrotið […]. Hagar blása upp og falla í skriður. Vatnsból þrýtur stundum, og er þá erfitt til vatns. Slægjur eru jafnlega tilfengnar á öðrum jörðum," segir í JÁM VI, 90-91.

**1731:** „Koster. Toduvollur er þar godur og grasgiefenn sem griot ur hlijdenne og lækurenn j tunenu eche Skadar. Torfrista og Stunga biargvænleg. Okoster. Jordenn er landlitjel, liett under bu og fialled fire ofann skridurunned og uppbläsed," segir í Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 87.



*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Skerðingsstaða DA-105 frá árinu 1917, skráðar minjar og línuleiðir.*

**DA-105:011** heimild um áveitu 368228 526653

„Húsatún nefnist túnið á flatneskjunni niður undir veitunni þar sem hallanum sleppir," segir í örnefnaskrá. Veitan er 740 m VNV við bæ 001, niðri á flatlendi. Veitan er fast suðvestan við Hvammskirkjuveg heim í Hvamm DA-106.

Ofan og norðaustan við veg er votlendi en sléttað tún að suðvestan.

Ekkert sést til fornleifa. Heimamaður á Skerðingsstöðum taldi að torfgarðar hefðu verið til staðar sem búið er að slétta, en Hjörtur Sveinsson heimildamaður í Hvammi sagði engin mannvirki hafa verið á svæðinu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Skerðingsstaðir, 1

**DA-105:017** *Draugakinn* örnefni draugur 368823 526458

„Draugakinn. Heitir brattinn neðst í Norðurvelli," segir í örnefnaskrá. Draugakinn er rúmum 110 m suðvestur af bæ 001. Miðja úttektarsvæðis vegna raflínulagningar RARIK 2022 liggur neðan við kinnina.

Draugakinn er grasi gróin brekka, þar er nú sléttað tún.

Að sögn ábúanda er engin sérstök sögn þekkt tengd örnefninu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Skerðingsstaðir, 1

**DA-105:033** náma mógrafir 368453 526307

Tvær mógrafir eru um 510 m suðvestur af bæ, rétt vestan við veg að Hvammi DA-106. Mógrafirnar ná yfir svæði sem er um 24 x 9,5 m og snýr NNV-SSA. Fyrir færslu lá miðja úttektarsvæðis vegna raflínulagningar RARIK 2022 yfir mógrafirnar en er eftir breytingu um 190 m vestan við þær.



*Mógrafir 033, horft til VNV.*

Mógrafirnar eru í jaðri mýrarstykkis sem er að mestu austan við Hvammskirkjuveg. Um 17 m vestan vegarins er girðing sem afmarkar sléttað tún en svæðið milli vegarins er þýft, að mestu þurrt en deigt á köflum.

Syðri grafirnar eru u.þ.b. ferhyrningslaga, og snúa VNV-ASA. Þær eru um 25 cm djúpar, 10 m á lengd og 5 m á breidd á VNV-enda en mjókka til ASA í 2 m. Nyrðri grafirnar eru óljósari en þær syðri. Þær eru álíka djúpar, um 25 cm, en brúnir ekki eins skýrar. Þær eru 12,5 x 8 m að stærð og snúa NNA-SSV. Þær hafa verið lengri til SSV en eru að hluta komnar í tún.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## DA-106 Hvammur

**1686:** 15 hdr., bændaeign og beneficium, skv. The Old Icelandic Land Registers, 181.

**1695:** 15 hdr., bændaeign og beneficium, skv. The Old Icelandic Land Registers, 181.

**1703:** Jarðardýrleiki óviss, kirkjustaður og beneficium, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, 91.

**1731:** Jarðardýrleiki óviss, kirkjustaður og beneficium, skv. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 87.

**1847:** 15 hdr., kirkjustaður og beneficium, skv. Jarðatali Johnsen, 167.

Í Landnámu segir: „Auðr landnámskona, es byggði vestr í Breiðafirði í Hvammi.“ ÍF I, 26; sbr. einnig ÍF I, 100, 103, 139, 182, 242, 264, 286; sbr. einnig Laxdælda sem nánast er samhljóða nema Auðr heitir Unnr, ÍF V, 9, 11, 13, 14.

Í Borgfirðingasögu segir að Þórð gellr búi að Hvammi, sbr. ÍF III, 31-33. Bárðar saga getur þess jafnframt, sbr. ÍF XIII, 138.

Í Grettis sögu segir: „Skeggi bjó í Hvammi.“ ÍF VII, 90, sbr. einnig ÍF VII, 23.

Í Kristni sögu segir: „Þeir Þorvaldr ok biskup fóru í Vestfirðínga fjórðung at boða trú; þeir kómu í Hvamm um alþingi til Þórarins fylsennis, ok var hann þá á þingi.“ ÍF XV, 9.

Í Þorvalds þætti víðförla I segir: „Þeir kómu vest í Hvamm í Breiðafjarðardqlum.“ ÍF XV, 72; sbr. einnig ÍF XV, 95.

**Um 1150:** Jörðin spilar veigamikinn þátt í sögusviði Sturlu sögu og var m.a. bústaður Sturlu Þórðarsonar. Sturl I, 68; sbr. einnig; Sturl. I, 65, 66, 72, 74-84, 87, 89, 91, 95-99, 101-103, 105, 114.

**Um 1161:** Í Guðmundar sögu segir: „Jóra var ellzt détra Þorgeirs; hana átte […]. Síþan Sturla Þórðarson í Hvamme.“ Bsk. I, 409; sbr. einnig Bsk. I, 426, 457, 546-548, 596.

**Um 1161:** Í Prestsögu Guðmundar góða segir: „Þat var allt á einum missirum ok fall Inga konungs ok þat, er brenndr var bær Sturlu í Hvammi.“ Sturl. I, 121; sbr einnig: Sturl. I, 131, 142.

**Um 1183:** Í Íslendingasögu segir: „Sturla. Sonr Þórðar Gilssonar, bjó í Hvammi vel þrjá tigu vetra. Hann andaðist, þá er hann hafði sjau vetr ins sjaunda tigar. „ Sturl. I, 229; sbr. einnig Sturl. I, 230-232, 236, 237, 309-315, 317-319, 323, 328 342, 360, 365, 373, 379, 382-386, 389,397, 412, 422, 454, 472. c. 1242-1244. Í Þórðar sögu Kakala segir: „Svertingr hét maðr ok var Þorleifsson. Hann bjó þá í Hvammi.“ Sturl. II, 7; sbr. einnig Sturl. II, 48, 288 (Króksfjarðarbók).

**Um 1289:** Í Árna sögu segir: „Herra Snorri hinn digri gekk til sættar í Hvammi í Dölum ok sor eið.“ ÍF XVII, 194.

**5.5.1421:** „Sagði þorlæif t kirkian j huamæ atte joridna æ akræ ok æfra hvamm […].“ DI IV, 292-293.

**29.1.1485:** Dómur dæmdur að Hvammi „aa þingstad riettum“. DI VI, 532.

**21.2.1495:** „Guðni Jónsson gefr Birni syni sínum „enn að nýju„ jarðirnar Hvamm í Hvammssveit [...].“ DI VII, 251-252.

**29.7.1497:** “Björn Guðnason gefr og geldr Ragnhildi Bjarnadóttur konu sinni jarðirnar Hvamm í Hvammssveit, Ásgarð, Glerárskóga og Ketilstaðir fyrir jarðir þær, er hún á í Austfjörðum, en Björn er búinn til utanfarar.“ DI VII, 368-370.

**30.1.1492:** Dómur dæmdur að Hvammi „a þingstad riettum“. DV VII, 92-97.

**29.4.1492:** Dómur dæmdur að Hvammi. DI VII, 174-176.

**8.10.1500:** „Bréf að Björn Guðnason bygði Jóni Eiríkssyni jörðina Hvamm í Hvammssveit, og fleiri jarðir, til ábýlis um þrenna næstu næstu tólf mánuði, með því skilorði, er í bréfinu greinir.“ DI VII, 519-520.

**Um 1500:** „Bréf, frá Birni Guðnasyni til Stepháns biskups í Skálholti, þar sem hann biðr biskup að gera sér og kirkjunni í Hvammi í Hvammsveit rétt af Andrési Guðmundssyni og Guðmundi syni hans, er haldið hafi Hvalsárreka fyrir Hvammskirkju í þrjátii vetr eða meir.“ DI VII, 536-537.

**19.9.1504:** Dómur dæmdur að Hvammi „a þingstad riettum“. DV VII, 725-727.

**22.6.1506:** Dómur dæmdur að Hvammi „aa þingstad riettum“. DI VIII, 103-106.

**Um 1510:** „Vitnisburður tólf manna um það hvernig […] Hvammr í Hvammssveit, [...] er komið undir Björn Guðnason, svo og […] aðrar eignir fleiri.“ DI IX, 53-58.

**25.5.1512:** Dómur dæmdur að Hvammi. DI VIII, 380-382.

**7.11.1514:** Dómur dæmdur að Hvammi „a þingstad rettvm a almenniligv þriggia hreppa þingi.” DI VIII, 522-528.

**12.5.1515:** Dómur dæmdur að Hvammi. DI VIII, 547-549.

**29.8.1524:** „Ragnhildur húsfreyja Bjarnadóttir og börn Bjarnar heitins Guðnasonar gjalda Ögmundi biskupi sakafé heilagrar Skálholtskirkju 124 hundruð […]. Jn primis huamm j huammsueit fyrir lx að dýrleika […] med ollum þeim gaugnum og giædum sem greindum iördum fylger og fylgt hefuer at fornu og nyiu.“ DI IX, 234.

**26.7.1525:** „Ögmund biskup selt Teiti bónda Þorleifssyni Hvamm í Hvammsveit og aðrar fleiri jarðir fyrir norðan og vestan land fyrir Bjarnanes í Hornafirði með Bjarnanesseignum, ásamt fleirum jörðum í Austr-Skaptafellssýslu […]. Jn primist hofum vier sellt hobum il fvllrar eignar og frials forrædis jordina alla huam j huamssueit sextiger hundrudum at dýrleika

[…].“ DI IX, 272-273; sbr. einnig Bsk. II, 435.

**15.7.1527:** „Ögmund biskup í Skálholti fær Teiti bónda Þorleifssyni til fullrar og æfinlegrar eignar jörðina Hvamm í Hvammssveit undan sér og heilagri Skálholskirkju og lausafé eptir kaupbréfi þeirra; þar með kvittar biskup Teit um fornan og nýjan reikning Bjarnaness kirkju.“ DI IX, 419-420.

**1.7.1530:** „Dómr tuttugu og sex manna, háðr á Öxarárþingi eptir skipan Friðriks konungs af Danmörk og Noregri um kærur Hannesar Eggertssonar til Ögmundar biskups í Sálholti, að biskup héldi fyrir sér og Guðrúnu Björnsdóttur konu sinni fjórum jörðum, Vatnsfirði, Aðalvík, Hvammi og Ásgarði, og dæma þeir meðal annars Vatnsfjörð fullkomna eign heilagrar Skálholtskirkju.“ DI IX, 535-539.

**3.7.1531:** „Testamentisbréf Teits Þorleifssonar […]. Jn pirmis. iordina skarfstade j huams kirkiusokn [DA-108] gef ec til kirkiunar og stadarins j huamme jordina hualsa j ollafirde j fells kirkiusokn med fiorum malnytu kugilldum. gef ec og til kirkiunnar j huamme med ollum gognum sem greindum iordum fylger til sios og lands.“ DI IX, 585-589.

**30.6.1544:** „Tveir klerkar votta, að þeir hafi séð kaupbréf þeirra Ögmundar biskups og Teits Þorleifssonar um Hvamm í Hvammssveit og Bjarnarnes í Hornfirði.“ DI XI, 319-320.

**1.10.1548:** Dómur dæmdur að Hvammi. DI XI, 669-674.

**15.11.1548:** Dómur dæmdur að Hvammi „a þingstad riettum“. DI XI, 676-678; sbr. einnig Bsk. II, 471-477.

**1917:** Ræktað tún 10,1 ha (5,3 ha þýft) og 0,6 ha undir hús og fl. Öll torfan er samtals 10,7 ha og garðar 1240 m2.

**1703:** „Túnið er sumpart sljett, sumpart þýft, grýtt, víðlent, harðlent víðast, misjafnt grasgefið. Engjar litlar og slæmar […]. Hagar góðir, ekki mjög þrönglendir. Selstaða sæmileg í heimalandi […]. Silúngsveiði hefur að mjög litlu gagni verið í Hvammsá; nú er hún öngrar fyrihafnar verð. Grasatekja, sem ekki var mikil, er nú so nær engin. Skógur var sæmilegur; nú so að kalla aleyddur. Sortulýng var mikið; nú mikinn part eytt. Berjalestur var að gagni; nú fást þaug varla nein, so ekki er fyrirhafnarvert. Túnið spillist oftlega af skriðum og tveimur giljum úr fjallinu […]. Engjar, sem verið hafa, hefur áin sumar afbrotið […]. Hagar falla í skriður og blása upp […]. Eldiviðartak lítið af móskurði […].Vetrarhart mjög […]. Snjóflóða hætt mjög, so jafnvel er bærinn sjálfur og kirkjan þar fyrir í stórri hættu, ef illa vildi til. Torfristu og stúngu vantar,“ segir í JÁM VI, 91-92.

„Á árunum frá 1883 til ársins 1905 var talsvert sljettað í Hvammstúninu, fyrst af Jósef Jónssyni, sem bjó þar frá 1883 til 1894, og svo af sjera Kjartani prófasti Helgasyni, sem bjó þar frá 1892 til 1905,“ segir í Ö-Hvammur, 2.




*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Hvamms DA-106 frá árinu 1917, skráðar minjar og línuleiðir.*

**DA-106:002** kirkjugarður kirkja 367646 527232

Kirkja og kirkjugarður eru merkt á túnakort frá 1917. Þá stóð kirkjan norðvestan við garðinn, norðan af bæ 001 en garðurinn var vestan hans.

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1912 er kirkjan merkt norðan kirkjugarðsins. „Kirkjan stóð hjer um bil í miðjum kirkjugarðinum, vestur-undan dyrum bæjarins. Á kirkjugarðinum voru tvö hlið, annað á austurvegg hans, sem snjeri að bænum, en hitt hliðið var á vesturvegg garðsins […]. Kirkjugarðurinn var allur byggður úr torfi, hár og reisulegur […]. Loft var í kirkjunni inn að kórdyrum; var það haft til geymslu á kornvörum og öðrum munum. Auk þess var klukknaport, og var það afþiljað frá aðalloftin […]. Kirkjan var fremur lítil og miklu minni en sú kirkja sem nú er í Hvammi, enda var þá önnur kirkja í Ás-garði, sem rifin var 1883, þá er Hvammskirkja var endurbyggð […]. Kirkjan var þá færð úr kirkjugarðinum austur á túnið […]. Kirkjugarðurinn í Hvammi stendur á sama stað, sem áður, en endurbyggður úr grjóti og stækkaður að miklum mun," segir í örnefnaskrá.

Í Vísitasíubók Brynjólfs biskups um Vestfirðingafjórðung segir: „Kjrkjann i sialffre sier sterk og st nockud gejngenn. alþiliud med reyse þake og standþil ad wndanteknum tuejmur staffgöölffum."

c. 1140: „Þar bjó Þorkell prestur, góður bóndi,“ segir í Sturlu sögu.

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII, 12.

1308: „Arni biskvp gerþi vigslvr vm havstid. i Hvammi. „Annales Vet, Flateyjarannáll, IA 53, 391 [líklega þessi frekar en Hvammur í Norðurárdal]. 03.10.1308: „Huammur j huammzsueit. Kirkian j hvamme er helgud gudi allzvalldannda oc sælli gudz modur marie. johanne baptista. petri oc johanne postulum. olafi konungi oc þorlaki biskupi. marie magdalene oc ollum gudz helgum monnum. kirkiann a lannd a akre og efra huamm oc enng j äsgardz lanndi […]. skylldu þeir menn sem ä þessum fyrr nefndum londum bua greida j huamm tijunnd oc tolla oc allar naudsynniar æfinnliga. þeir sem af kirkiu skulu veitast oc suo sonngur thil bænhusa. lagde jon bondi sueinsson skylld j lannd sitt glerarskoga. ostoll fiordung ostz eda eyre oc vndir þvij nafnne gafu adrir bønndr osttoll thil kirkiunnar. þeir ed landeigendur voru jnnan þijnga sem jon gaf. jätte jon herra biskupe tueggia kennemanna skylld eptir Þuij sem verid hafdi fyrr j huamme. prestz oc diäcns.“ Máld DI III, 8-9.

[1355]: „Þetta gafst til kirkiunnar j huamme epter jon anndadann. attvngur j hualreka oc vidreka med ollum gognum oc giædum j äuikur reka. kanntara kapa sæmilig oc mariu liknneski magdalene þat sem eij kostadi minna enn .x. aura j noregi. a olof þorläkzdottir þetta huortueggia til at fä oc iij. merkur j annari grein j nockuru þuij sem kirkiann þarf jnnan sig. þriar merkur vax.“ [skeytt aftan við 1308 í Þjsks Bps A II, 1] Máld DI III, 102.

1355: „J Þorpum millum grundar oc karahafnar. [á Helgafellsklaustur reka] at helmijnge vid Tvngustad hinn xij hlut j ollvm hvalreka. A kirkia vr hvamme fyrst ad taka af hinn tolfta.“ DI III, 106 [Rekaskrá Helgafellsklausturs]

[1394]: „cxxviii. Kirkia j huamme er helgud gude allzvalldanda. Þad ber alltt samann vid wilchinsbok. vtann hier stendur. lagde jon Bonde Sueinsson skuld j land sitt glerarskoga. allt annad ber saman.“ Hítardalsbók DI III, 227.

1397: „a land a Akre oc efra Hvamme oc eing j Asgardz land Þa er Herra Arni Helgason vygde kirkiu i Hvamme fiorumm nattumm epter Michelsmesso lagde hann til kirkiunnar iiij bæe. Kietilstade. Hol oc Radbardarholft oc Teig. skylldu þeir menn sem a Þessumm bæiumm bva greida i Hvammi tiunder og lysitolla og allar naudsynniar æfinnlega. Þær sem af kirkiu skulu veitast. og so songur til Bænhvsa. Lagdi Jon bondi Sveinsson skylld i land sitt Glerarskoga osttoll fiordung ostz edur eyri. og vnder Þui nafni gafu adrer bændur ostztoll til kirkiunnar Þeir er landeigendur voru innan þijnga sem Jon gaf. Jatti Jon herra byskuppi tueggia kiennimanna skylld epter þui sem adur hafdi verid i Hvammi prestz oc diaknna. Jtem gafst til kirkiunnar j Hvammi epter Jon andadann attungur j hualreka oc vidreka med ollumm gognumm oc giædumm j Avijkurreka. Þetta lagdi Sveinn til firir portionem Ecclesiæ vmm. v. ar þa er Herra Þorarinn visiteradi [1362-64] [ornamenti] portio Ecclesiæ fiell nidur

fyrer Þa hluti sem Ormur bondi oc Jon son hanns hafa tillagt Jn primis vidreki halfur oc hualreki halfur milli Hvalsär oc Grindar vndannteknum logligum jtokum þeim sem þar eru j ädur. jafnvel j eynni sem j landi. Jtem .j. skogur j Glerärskogumm firir nedann gotu Þa er liggur vmm topter mille faskrudar oc Glerär oc firir bækur Þær sem hann lagdi til og adgiord kirkiu.“ Máld DI IV, 159-161.

[fyrir 1401]: „[Kirkja á Skarði á Skarðsströnd á]þria hlute i vidreka firir þorpum ok hvalreka milli kara hafnar oc grindar. ath Þeim vidreka fraskildum sem felz kirkia oc tungu kirkia eigv. oc tveir tolftvngar i hualreka er annan a tungu kirkia enn annan huams kirkia i greindum takmavrkum. ok þeim vid reka sem bænhvsit a af bænhusvik i þorpum. eru þath sex alna tre ok þadan af minne. En staduren i skalholte a fiordung i hvalreka oc i vidreka i greindu takmarki iafnt vid Skardskirkiu.“ Máld DI III 655-658.

05.05.1421: „[S]agdi Þorlæifr at kirkian j huamæ atte jordina aa akræ ok æfra hvamm [er Þorleifr Árnason, maður Kristínar Björnsdóttur, seldi Hvamm og fleiri jarðir Þ.á.m. Skarfsstaði og Glerárskóga, Ásgeiri Árnasyni].“ DI IV, 293.

[um 1470]: „a land ä akre oc efra huammi oc eingi j äsgardz landi [+hvalreka, viðreka og afrétt] jtem liggia þangad vij bæir til allra tolla oc tijunda. Þar ä ad vera prestur oc diakn heimilisfastir jtem lagdi jon bondi sueinsson skylldu j land sitt glearskoga osttoll. fiordungz ost oi [af?, á?] eyre oc vndir þuij nafni gäfu adrer bændur osttoll thil kirkiunnar þeir sem landeigandi voru jnnan þijnga sem jon gaf. Jtem skogur j glerärskogum fyrir nedan gotu […].“ Máld DI V, 593-595.

[1491-1518]: „Maldage Kyrkiunnar Huamms I Huammssveit. Kyrkia Sanctæ Mariæ Gudz mödur Sancti Johannis Baptistæ oc Sancti Petri Apostoli i Huammi i Hummssveit a .x. kyr og Lx äsaudar og þar til .v. kugilldi eptir þui sem Gudine bonde afhenndti.“ DI VII, 69.

1495: „[…] a biskupinn at heimta […] j huamme hia birne gudnasyni iij vetter smiors oc hesturen vnder oc allr reidskapr med.“ DI VII, 284-85.

[1500]: „[Björn Guðnason kærir fyrir Stefáni bpi vegna kirkjunnar í Hvammi að Andrés Guðmundsson og Guðmundur sonur hans hafi ranglega] halldit hvalsar reka fyrer kirkivne þar […] Hefe eg advr synt ydr mitt skæl og vite þier þat sialfer adh þar liggur bade fyrer kirkivnnar maldagi og svo bref. og þvi bidvr ec ydr enn […] ad þier giored heilagri kirkiv j hvammi oc mic lavg ogriett af þessvm fyrrgreindum fedgvm […] adh þeir rangliga hallda og hafa halldit halfan hvalsar reka fyrer kirkivnni j hvammi vpp aa þriatigi vetur eda leingur hvern ec helld allan kirkivnnar eign vera og vered hafa […].“ DI VII, 536-37.

[um 1510]: „Huammur j Huammsueit Er so vnder Biorn [Guðnason] kominn ad hann atte fyrst. so vier vitum. Hustru Christijn Bionzdotter. Þä keiffte hann ad henne Asgeir Arnason og gaff fyrer halffa Audkulu j Suijnadal. Þä Erffde Jön hann Effter Asgeir fødur sinn. Þä

Gudne Effter Jön fødur sinn. Þä Biorn Gudnason Effter fødur sinn.“ DI IX, 55.

29.05.1522: „Ásgarður, Magnússkógar, Ketilsstaðir, Glerárskógar og Breiðabólstaður [svo] eru í Hvammskirkjusókn.“ DI IX, 93.

29.08.1524: „[Ragnhildur Bjarnadóttir ekkja Bjarnar Guðnasonar og börn þeirra gjalda Ögmundi bpi í sakafé heilagrar kirkju] huamm j huammsueit fyrir .lx. c Jtem asgard firir .l. hundrud. Jtem ketilstadi fyrir fiogur hundrud og xx.“ DI IX, 234.

26.07.1525: „[Ögmundur bp selur Teiti bónda Þorleifssyni] jordina alla huam j huamssueit sextiger hundrudum at dyrleika. jtem jordina asgard .l. c. jtem magnusskoga og ketelstadi huora vm sig fyrir .iiij. c. og. xx. halfa glerarskoga fyrir .xv. c. breidabolstad fyrir .iiij. c. og .xx. allar j huams kirkiv sokn uerandi.“ DI IX 273. sbr. einnig DI IX, 234.

15.07.1527: „Ögmundur bp fær Teiti bónda Þorleifssyni til fullarar og æfinlegrar eignar jörðina Hvamm í Hvammssveit undan sér og heilagri Skálholtskirkju.“ DI IX, 420, sbr einnig. DI IX, 537 [Dómur].

03.07.1531: „Teitur Þorleifsson gefur Hvamm Guði, Maríu, Pétri postula og Jóhannesi baptista og áskilur sálumessur í kirkjunni. Suo og gef ec gudi og heilagri kirkiu j huami jordina læckarskogg. og þar med vij malnytu kugildi og onur vijc j daudum peningum. suo og halfa gerlar skoga […]. x aurar diacknan(um). þeim sem er at heiglagri kirkiu j huami […]. kirkiunne og stadnum j huamme gef ec epter mic þad jnnan stoks er gardinum og kirkiune til nytsemda. greine ec þar til j koste. ef hann er. busgagn og sængur sem til eru enn adrer dauder peningar stande epter minne skipan. Ef ec geri þar rad til. So og skipa ec kirkiunne og stadnum fiora kapla alla klyftæka og klyfbæra […]. Jiordina skarfstade j huams kirkiusokn gef ec til kirkiunar og stadarins j huamme. iordina hualsá j kollafirde j fells kirkiusokn med fíorum malnytu kugiildum. gef ec og til kirkiunnar j huamme med ollum gognum sem greindum iordum fylger til sios og lands.“ DI IX, 586-89.

08.07.1531: „Kirkjunni gefnir Ketilsstaðir fyrir 24 hdr með 6 kúgildum og 2 bækur í testamenti Ingu Jónsdóttur.“ DI IX, 592.

24.05.1550: „Holt a Finmörk i Hvams kirkiu sokn xvjc at dyrleika.“ DI XI, 778.

25.09.1556: „Skarðsstaðir í Hvammssveit eru í Hvammskirkjusókn.“ BG, 501.

1575: „ä heimaland alltt […] land ä Akre og effra Huamme og eing i Asgardsland [+hvalreka, viðreka, skóg Jtem thessar jarder. Skardstade .xLc. leigd fyrer .c og xL. alner. Akur leigd fyrer .c. Hualzä .viijc. leigd fyrer .x. aura. Glerärskoga hälffa .xijc. leigd fyrer .x. aura; Máld DI XV, 595-596.

1599: […] þessar jarðir liggja þangað til tolla og tíundar. Hóll xxjvc Ketilstaðir xxiiijc Holt xvjc Teigur xvjc Kýrunnarstaðir xxiiijc hálfir Glerárskógar xvc Í Höfn er sögð hálfkirkja. Hún

eignar sér þar ekkert, en jörðin er xxxc og hefi eg ekkert gagn þar af utan tíund af jörðinni […].“ Lbs 108 4to.

1703: Kirkjustaður og beneficium. Akur, Skarfsstaðir, Skerðingsstaðir og hálfir Glerárskógar eru kirkjujarðir Hvammskirkju. Kirkjan á xxix kúgildi, sem standa í forvaríng beneficatoris og eru á kirkjunnar jörðum venjulega, og tekur hann leigur eftir Þaug. Kirkjan á ítök Þessi: Skóg í vissu takmarki í Glerárskóga landi, sem afdeildur er frá skógi sjálfrar jarðarinnar, engjatak í Ásgarðslandi, rekapart í hval og viði í Ávíkurreka (eftir Því sem máldagi segir); Þess reka nýtur hún nú ekki. JÁM VI.

1880: „Hvamms- og Ásgarðssóknir lagðar undir Hjarðarholt.“ PP [lög].

27.02.1882: „Ásgarðaskirkja lögð niður og sóknin lögð til Hvamms.“ PP.

22.03.1890: „Hvammsprestakall endurreist.“ PP.

16.11.1907: „Dagverðarnessókn lögð undir Hvammsprestakall.“ PP.

Kirkjugarður 002 er enn til staðar innan girðingar 10 m vestan við núverandi íbúðarhús. Endi fyrirhugaðs jarðstrengs RARIK heim að Hvammi liggur upp að suðausturenda kirkjugarðsins og endar um 10 m suðaustan við girðinguna umhverfis garðinn.

Fast norðaustan við garðinn er sléttað malarplan og malarvegur heim að bæ og utan við garðinn að norðan, sunnan og vestan er sléttað tún og graslendi. Landið hallar mildilega til suðvesturs.

Kirkjugarðurinn er ferhyrndur, um 45 x 42 m að flatarmáli og liggur NA-SV. Gengið er inn í garðinn um járnhlið að norðaustan og suðaustan. Trjágróður hefur verið settur niður í garðinum að suðvestanverðu. Garðurinn er sléttaður með járngrindverk allt um kring og lítil sem engin ummerki um torf- eða grjóthlaðinn kirkjugarðsvegg.



*Legsteinn í kirkjugarði 002, horft til SSV.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Hvammur, 9-10; Danskar bæjateikningar 1912; Vísitasíubók Brynjólfs biskups um Vestfirðingafjórðung 1639-1671, 64-65; 391; Sturl. I, 65; DI III 8-9, 102, 106, 227, 655-658; DI IV, 159-161, 293; DI V, 593-595; DI VII, 69 DI VII, 284-85, 536-37; DI IX, 93, , 234, 420, 537, 586-589, 592; DI XII 12; DI XV, 595-596; BG, 501; Bps A II, 1; JÁM VI, 82, 90-93; Lbs 108 4to, bl. 520; PP, 162, 164.

**DA-106:005_01** heimild um kálgarð 368823 526458

„Hvergi er kálgarðsrækt stunduð svo talið verði þar í sóknum nema í Hvammi, en víðar hefir hún verið reynt," segir í Sýslu- og sóknalýsingum. Á túnakorti Hvamms frá 1917 eru tveir kálgarðar 005_01, og hestarétt 005_02, merkt um 70 m sunnan við bæ 001. Þessi mannvirki sjást einnig á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1912. Í örnefnaskrá segir um kálgarðinn: „Fyrir sunnan og vestan fjósið [017] og reiðhestahúsið [016] var stór og mikill kálgarður; náði hann suður að bæjarlæk, að reiðgötunni [018] að vestan og heim (norður) að skemmu [015] móður minnar [Magnúsar Friðrikssonar]. Þessi kálgarður gaf vanalega af sjer mikla uppskeru á haustin, bæði af kartöflum og rófum," og síðar: „Matjurtagarðar eru miklu minni [nú], enda er fólk þar til muna færra en áður var, svo sem allvíðast er á sveitaheimilum,".

Samkvæmt túnakorti 1917 var kálgarður 005_01 fast sunnan og suðaustan við timburhús 004 og um 10 m austsuðaustan við kirkjugarð 002. Kálgarðurinn virðist hafa verið tvískiptur og var rétt 005_02 áföst austari hluta garðsins að sunnanverðu. Þessar minjar eru horfnar. Endi fyrirhugaðs jarðstrengs RARIK heim að Hvammi liggur yfir bláenda kálgarðsins að vestanverðu og endar um 10 m suðaustan við girðinguna umhverfis kirkjugarð 002.

Á þessu svæði er grasigróin brekka til SSA, fast utan og suðaustan við kirkjugarðinn 002, og liggur malarvegur heim að bæ og kirkju úr SSA yfir svæðið norður fyrir kirkjugarðinn.

Ekkert sést til fornleifa. Bæði kálgarðurinn og réttin eru horfin undir malarveg og vegna sléttunar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Hvammur, 8, 11; Danskar bæjateikningar 1912; SSD, 88

**DA-106:005_02** heimild um rétt 367698 527201

Á túnakorti frá 1917 eru tveir kálgarðar 005_01, og áföst hestarétt 005_02 að sunnanverðu, merkt um 70 m suðaustan við bæ 001. Þessi mannvirki eru einnig sýnd á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1912 fast sunnan við bæ 001.

Samkvæmt túnakorti 1917 var kálgarður 005_02 fast sunnan við timburhús 004 og um 10 m austsuðaustan við kirkjugarð 002. Kálgarðurinn virðist hafa verið tvískiptur og var réttin áföst austari hluta garðsins að sunnanverðu. Þessar minjar eru horfnar. Endi fyrirhugaðs jarðstrengs RARIK heim að Hvammi liggur um 18 m suðvestan við og framhjá hestarétt, yfir bláenda kálgarðs 005_01 að vestan verðu og endar um 10 m suðaustan við girðinguna umhverfis kirkjugarð 002.

Á þessu svæði er grasigróin brekka til SSA, fast utan og suðaustan við kirkjugarðinn 002, og liggur malarvegur heim að bæ og kirkju úr SSA yfir svæðið norður fyrir kirkjugarðinn.

Á túnakorti er réttin hálfmánalaga í laginu og liggur austur-vestur, en ekkert sést til fornleifa. Bæði kálgarðurinn og réttin eru horfin undir malarveg og vegna sléttunar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Danskar bæjateikningar 1912

**DA-106:037** *Útburðarpyttur* heimild um draug 368252 526344

„Neðst á Hvammseyrunum, nálægt Hormó, sem er í Skerðingsstaðalandi, er djúpur pyttur, sem Útburðarpyttur heitir. Pyttur þessi mun aldrei þorna, þótt miklir þurkar sjeu að sumri til […]. Gamlar sagnir eru, að fyr á öldum hafi börnum, sem systkin áttu saman, verið drekkt í þessum pytti, og af því hafi pytturinn fengið nafnið," segir í örnefnalýsingu og síðar: „Ekki ósjaldan kvaðst fólk heyra ýlfur mikið frá Útburðarpytti, og var það sett í samband við þessa sögn [sjá 047]. Var trú fólks, að þá er þetta ýlfur heyrðist, vissi það á vestan- eða útsunnan-rosaveður."

Útburðarpyttur var um 1,1 km suðaustur af bæ 001, á merkjum Hvamms og Skerðingsstaða. Miðja úttektarsvæðis vegna raflínulagningar RARIK 2022 liggur með merkjum á þessu svæði.

Búið er að grafa skurð í gegnum Útburðarpytt og liggur hann norðvestur-suðaustur. Flest stykkin umhverfis, beggja vegna merkja eru komin í tún að frátöldu stykki norðan við pyttinn í landi Hvamms sem er óræktað.

Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi 2022 þar sem breyting á línuleið barst eftir að vettvangsvinnu á svæðinu lauk. Staðsetning pyttsins er merkt á örnefnakort Landmælinga Íslands en engin merki sjást um pyttinn á loftmynd og er hann kominn í skurð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Hvammur, 14, 22

## DA-108 Skarfsstaðir

**1686:** 40 hdr., Hvammskirkjueign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1695:** 40 hdr., Hvammskirkjueign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1703:** 40 hdr., Hvammskirkjueign, skv. Jarðabók Árna Magnússoanr og Páls Vídalins VI, 93.

**1731:** 40 hdr., Hvammskirkjueign, skv. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 85.

**1847:** 40 hdr., Hvammskirkjueign, skv. Jarðatali Johnsen, 167.

Í Grettis sögu segir: „En útan í brúnni undir ásunum, þeim er heim er upp heldu brúnni, var gqort með hringum ok dynbjqllur, svá at heyrði til Skarfsstaða." ÍF VII, 173; sbr. einnig ÍF VII, 270.

**Um 1148:** Í Sturlu sögu segir: „Skeggi hét maðr, er bjó á Skarfsstöðum." Sturl. I 64; sbr. einnig Sturl. I, 83, 88, 91.

**Um 1227**: Í Íslendinga sögu segir: „Þeir fóru út ok settust í Víkingsgil út frá Skarfsstöðum." Sturl. II, 312.

**5.5.1421:** „Ollum monnum þeim sem þetta bref sia ædr hæyra […] at þorlæifr arnnason selldi asgæire arnnasyni med samþycki kristinar biornsdottur konu sinnar jardir […] skarfstadir […] med aullum þeim gögnum ok gædum sæm þæssum jrdum hæfir fylgt at fornu ok nýiu […]." DI IV, 292-293.

**3.7.1531:** „Testamentisbréf Teits Þorleifssonar […]. Jn pirmis. iordina skarfstade j huams kirkiusokn gef ec til kirkiunar og stadarins j huamme [DA-106] Iordina hualsa j ollafirde j fells kirkiusokn med fiorum malnytu kugilldum. gef ec og til kirkiunnar j huamme med ollum gognum sem greindum iordum fylger til sios og lands." DI IX, 585 589.

**1.10.1548:** „Tylftardómr klerka norðan og sunnan, útnefndr af Jóni Biskupi á Hólum, er þá var administrator Skálholtsbiskupsdæmis, um ákærur biskups til Daða Guðmundssonar […] biskupin kiærdi til dada at hann hefdi halldit sinne iordu skarfstodum med x malnytu kugilldum […] dæmdum vier greinda jord skarfstadi biskups ions eign uera oc uerit hafa j sogdum tima. hier med dæmdum vier optnefndan dada skylldugan aftur ad lykia greinda jord med kugilldum […]." DI XI, 669. 673; sbr. einnig DI XI, 685.

**25.9.1556:** Skarfsstaðir í Hvammssveit eru í Hvammskirkjusókn. BG, 501.

Hjáleigur: Stekkur (108:020), skv. Ö-Skarfsstaðir, 3, ónefnt hús (108:031 ), skv. Mannlíf og mórar í Dölum, 75

Bænhús var á jörðinni á fyrri hluta 12. aldar, sbr. Sturl. I, 91.

Jörðin fór í eyði árið 1980, skv. ÁFÍ, 79.

**1917:** Ræktað tún 5,3 ha (2,1 ha þýft) og 1,1 ha undir hús og fl. Öll torfan er samtals 6,4 ha og garðar 342 m2.

**1703:** „Túnið er sumpart sljett, sumpart þýft, sumt grýtt og snögt. Engjar mýrlendar, víðslægar; hafa verið grasgefnar, en eru gengnar úr sjer. Hagar í meðallagi að gæðum en þrönglendir, so þar fyrir beitast engjarnar. Selstaða hefur verið í heimalandi, nú lángvarandi aldrei brúkuð og öldúngis óbrúkanleg [...]. Selveiði er þar ekki fyrihafnarverð og hefur ei verið. Túnið blæs upp af stórviðrum, og grefur í sundur af vatni [...]. Engjar spillast allvíða af leir, sandi og grjóti, so þeir eru mikinn part eyddir, fyrir utan engjarnar. Hættur eru miklar fyrir kvikfjenað, so stundum verður að skaða, af dýjum og torfgröfum," segir í JÁM VI, 94.

**1731:** „Koster. Tun er þar miked, og þott þad sie þyft og grytt Sumstader, þa er þad grasgiefed þegar vel ärar. Uteäangur hinn beste ä vetrumm. Selveidi litelfiörleg ef idkud være j Netalogumm. Torfrista og stunga næg. Okoster. Landlytel Jord móte Dyrleika og þad sem til fiallz liggur so nær sem allt j griöt Komed. Utheyes Slægiur Snöggvar þo vijdlendar. Gott under bu ä Sumrumm og landliett ä vorenn til beytar," segir í Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 86.




*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Skarfsstaða DA-108 frá árinu 1917, skráðar minjar og línuleiðir.*

**DA-108:004** heimild um fjárhús 366898 523294

Búfjárhús eru merkt á túnakort frá 1917 fast sunnan og neðan við tröð 003, um 70 m ASA við bæ 001. Fyrirhugaður jarðstrengur RARIK liggur framhjá þessum minjastað um 20 m til suðurs og suðausturs.

Á þessu svæði er sléttað graslendi og tún.

Ekkert sést til fornleifa á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**DA-108:027** *Grátur* þjóðsaga 366885 523266



*Grátur 027, horft til vesturs.*

„Grátur. Þar átti ófrísk kona að hafa sprungið af hlaupum frá sjó. Selur átti að hafa elt hana. Hún var rauðklædd," segir í örnefnalýsingu. Óljóst er hvar þessi staður hefur nákvæmlega verið en hnit var tekið undir klettanibbu þar sem gæti hafa verið skjól, um 55 m ofan og NNV við núverandi íbúðarhús og um 70 m ASA við gamla bæjarstæði 001. Fyrirhugaður rafstrengur RARIK mun liggja beint yfir þetta svæði.

Þetta svæði er mjög þýft og grasigróið.

Ekkert sést til fornleifa.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Skarfsstaðir, 4

**DA-108:041** þúst óþekkt 366913 523273

Óljós þúst er í brún hjalla í sunnanverðu heimatúni, fast suðaustan undir gömlum rafmagnsstaur, um 100 m ASA við gamla bæjarstæði 001 og um 40 m NNA við trjálund ofan og VNV við núverandi bæjarhús. Fyrirhugaður jarðstrengur RARIK mun liggja meðfram og/eða í brún bakkans, fast austan og sunnan við þessa þúst. Ekkert útihús er merkt á þessu svæði á túnakorti.



*Þúst 041, horft til suðausturs.*

Á þessu svæði er stórþýft og úr sér vaxið graslendi.

Þústin er um 8 m á lengd, um 6 m á breidd og liggur VNV-ASA. Hún er óljós, vel grasigróin og ávöl og er í brún hjalla sem er um 2-3 m á hæð til ASA. Þústin er um 0,2-0,5 m á hæð en innanmál er mjög óljóst. Gæti hafa verið um 5x3 m að innanmáli. Hlutverk er óþekkt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## DA-109 Kýrunnarstaðir

**1686:** 23 hdr., 80 áln., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1695:** 24 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1703:** 24 hdr., bændaeign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, 94.

**1847:** 24 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 167.

Jörðin er nefnd Kýrinnarstaðir á 15. öld, e.g. DI IV, 292-293.

**5.5.1421:** „Ollum monnum þeim sem þetta bref sia ædrhæyra […] at þorlæifr arnnason selldi asgæire arnnasyni med samþycki kristinar biornsdottur konu sinnar jardir ær suo heita […] kyrinarstadir […] hueria vm sig med aullum þeim gögnum ok gædum sæm þæssum jrdum hæfir fylgt at fornu ok nýiu […].“ DI IV, 292-293.

**1561-1564:** „Reikningar Eggerts lögmanns Hannessonar um dánarbú Daða Guðmundssonar í Snókadal […]. Jtem eitt quillde aa Akre hia Jone Þorsteinssyniog er Sueirn aaa Kyrunnarstodummm ar fyrir j borgum […] .“ DI XIV, 203, 208; sbr einnig: DI XIV, 177, 215, 218.

**24.10.1563:** „Kaupmálabréf Sigurðar Jónssonar og Guðnýjar Jónsdóttur […] Aunni minne Biarnardottur gef ek jordina […] kirnestade iiij að dýrleika […].“ DI XIV, 170, 177.

1563, 26. október. Jarðarinnar er getið í Tesíamentisbréf Daða Guðmundssonar í Snóksdal. DI XIV, 172, 177; sbr. einnig DI XIV, 208, 215, 218.

**1599:** Hvammskirkja heimtaði tíund af jörðinni, skv. Lbs 108 4to, bl. 520

**12.10.1670:** „Með ráði þeirra hjóna, Þorláks Arasonar og Málfríðar Gísladóttur, og með samþykki konu sinnar, Helgu Þorláksdóttur, selur sýslumaðurinn Jón Vigfússonar eldri séra Páli Ketilssyni eftirfylgjandi jarðir: Ytrafelll [DA-124] 24 hndr., Túngarð [DA-125], 15 hndr.,og Sveinaskóg (Svínaskóg?) [DA-127], 12 hndr […]. [þ]ar að auki hálfa Kýrunnarstaðir („Kirnarstaðir„ í hdr) í Hvammssveit og Hvammskirkjusókn, 12, hndr, og 20 hndr. í Broddanesi í Kollafirði og Fellskirkjusón (Strand.). Hér í mót gefur sr. Páll og lofar samþykki konur sinnar, jörðina Hellur, liggjandi á Landi og í Skarðskirkjusókn (Rang.), 40 hndr. að dýrleika, og Geldingalæk, einnig 40 hndr, í Gunnaholtskirkjusókn (Rang.),“ segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 80.

**10.7.1696:** „Snæbjörn Björnsson selur sr. Einari Törfasyni 10 hndr. í Kýrnarstöðum í Hvammssveit og Hvammskirkjusókn með þeim skilmála, að sr. Einar betali með jafngóðri fasteign eða lausafé, hálft þriðja hundrað fyrir hvert jarðarhundrað, í lausafé, hálft þriðja hundrað fyrir hverst jarðarhundað, í ríxdölum, eða öðrum gildum lausafjárpeningum […]. [Þ]á afhendir næi prestur séra Einar greindi Snæbirni nítíu ríxdali in specie til eignar og betalnings upp i Kýrnarstaði, en lausnar á pantinum við Benedikt Jónsson, so hann strax

sína peninga fá megi en parturinn laus verði og öll átján hundruðin í Kýrnarstöðum eign séra Einars verða megi eftir upphæð verð aura og betalnsins ofanskrifaðs skilmála Snæbjörns, hvar til séra Einar áhafnar átta hundruð í jörðinni Magnússkógum [DA-097], liggjandi í hérgreindri Hvammssveit, hvorju eru verður Snæbjörn samþykkur verður sem framast hann má að lögum," segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 89.

**6.6.1698:** „Snæbjörn Björnsson selur náfrænda sínum, sr. Einari Torfasyni, 8. hndr, í Kýrnastöðumm í Hvammssveit og Hvammskirkjusókn. Hér á mót lofar sr. Einar að gjalda 80 ríxdali in specie. Hann greiðir nú 11 ríxdali in specie og afhendir obligatíu sína upp á 69," segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 91.

**1917:** Ræktað tún 6,7 ha (2,4 ha þýft) og 2,5 ha undir hús og fl. Öll torfan er samtals 9,2 ha. Ekki er gefin upp stærð af matjurtagörðum.

**1703:** „Grasatekja er ómaksverð.Túninu er hætt fyrir sandi og grjóti úr bæjarlæknum, og það hefurr áður túninu spilt, sami lækur hefur skemmt með grjóti og landbroti fjárhúsatún, sem þar hefur verið. Engjum spillir leir og grjót úr aurlæknum víða, einkum í vatnavöxtum. Vatn þrýtur stundum, og þá er erfitt til vatns. Stórviðri koma þar oft, sem skemma jörðina og berja af grasrót bæði á túninu og annarsstaðar," segir í JÁM VI, 95.

**1731:** „Koster. Tún er þar miked og grasgiefed, sumstadar þyft g þvi seinunned. Eingiar j betra lage bæde heygodar og þurrlendar vydast. Fjallhagar þeir sen öskimemder eru grösuger og gott under bu. Utegangur hinn beste af þeim jordumm sem eru j hvamzSveit. Selstada hefur ad forngilldu vered enn eche ij manna minne brukud. Torfrista og stunga änægeleg. Okoster. Jordenn er landlitel a möte Dyrleika. Og fiallended voda uppblased og j griöt komed. Oræktrar myrar eru j tunenu sumstadar sem ecke spretta, af vanhyrding Leigulida," segir í Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 85.

**DA-109:001** *Kýrunnarstaðir* bæjarhóll bústaður 365683 522857

Bærinn er merktur á túnakort frá 1917. Þá var steinhús á bæjarhólnum. „[E]fst í þeirri tungu stendur bærinn, og er ekkert, sem bendir til, að hann hafi verið færður nokkuð sem nemur úr stað," segir í örnefnaskrá.

Í fasteignamati 1918 segir: „Íbúðarhús, 10 x 7,5 x 2,5 m, með 2 m risi, úr steinsteypu, með járnþaki og kjallara undir 10 x 7,5 x 2,2 m, bygt 1911." Þá voru einnig uppistandandi „Eldhús 3,2 x 2,5 m„ og „Bæjardyr 4,4 x 2,5 m," hvorttveggja úr torfi. Líklegt er að eldri torfbær hafi snúið stöfnum til suðausturs.

Gamli bærinn á Kýrunnarstöðum er um 610 m ofar (norðvestar) en yngra íbúðarhús sem byggt var 1975 samkvæmt fasteignaskrá. Úttektarsvæði vegna jarðstrengslagningar RARIK



*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Kýrunnarstaða DA-109 frá árinu 1917, skráðar minjar og línuleiðir.*

2022 liggur upp á bæjarhólinn og endar á suðurhluta hans.

Umhverfis bæjarhólinn er þýft tún í órækt sem hallar til suðausturs.

Bæjarhóllinn er þýfður og grasi gróinn. Hann er að hluta til náttúrulegur hóll að því er virðist, en þó markar vel fyrir uppsöfnun. Bæjarhóllinn er 53 x 50 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er 1,5-1,8 m á hæð að suðaustanverðu en aðeins um 40 cm norðvestantil. Gamla íbúðarhúsið stendur enn, norðvestantil á hólnum, en er í algjörri niðurníðslu. Búið er að rífa byggingu sem var fast NA við húsið, eftir eru lágir steyptir veggjabútar.


*Bæjarhóll 001, horft til SSA.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Kýrunnarstaðir, 6; Fasteignamat 1916-1918 - undirmat; Dalasýsla, bls. 230

**DA-109:003** vegur leið 365668 522838



*Vegur 003, horft til VSV.*

Vegur er merktur inn á túnakort frá 1917 frá fjárhúsum 002 til austurs að bæ 001. Vegurinn lá frá bænum til austurs að rétt 005. Úttektarsvæði vegna jarðstrengslagningar RARIK 2022 liggur upp á bæjarhól 001 þar sem vegurinn hefur legið yfir hólinn.

Vegurinn liggur um þýft tún í órækt, í halla til suðausturs. Á tveimur stöðum liggur vegurinn yfir læki innan túnsins.

Til suðvesturs og norðausturs frá bæjarhól 001 er upphlaðinn vegur, um 30-40 cm hár og um 3 m breiður. Vegurinn er grasi gróinn og lítið farinn en þó sjást bílför. Alls nær vegurinn yfir um 279 m langt svæði en hann sést þó ekki á bæjarhólnum sjálfum. Til suðvesturs liggur vegurinn um 78 m frá bæjarhólnum að læk sem rennur um túnið en sést ekki skýrt handan lækjarins. Til norðvesturs liggur vegurinn frá bæjarhólnum um 169 m að mörkum gamla túnsins. Á túnakorti 1917 er vegurinn sýndur enda þar við rétt 005 en í dag sveigir vegurinn þar til suðausturs og áfram framhjá nýrra íbúðarhúsi og niður að Klofningsvegi.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**DA-109:006** heimild um fjós 365696 522855

Á túnakorti frá 1917 er fjós og hlaða merkt um 10 m suðaustan við bæ 001. Vegur 003 liggur frá minjastaðnum í austurátt að rétt 005. Í fasteignamati 1918 segir: „Fjós yfir 7 nautgripi, úr tofi með járnþaki.“

Fjósið stóð vestast á bæjarhólnum. Miðlína úttektarsvæði vegna jarðstrengslagningar RARIK 2022 er um 10 m frá þeim stað þar sem fjósið var.

Bæjarhóllinn er þýfður og grasi gróinn. Umhverfis bæjarhólinn er þýft tún í órækt, í halla til suðausturs.

Þar sem húsin voru er nú grasi vaxið þýfi á bæjarhólnum. Óljóst markar fyrir dældum en engar skýrar útlínur sjást.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Fasteignamat 1916-1918 - undirmat; Dalasýsla, bls. 230

**DA-109:007** heimild um túngarð 365829 522802

Á túnakorti frá 1917 er túngarður teiknaður umhverfis tún bæjar 001. Í fasteignamati 1918 er aðeins nefnd túngirðing úr gaddavír en ekki er ómögulegt að hlaðinn garður hafi áður verið um allt túnið.

Úttektarsvæði vegna jarðstrengslagningar RARIK 2022 liggur yfir þann stað þar sem túngarðurinn var, um 160 m ASA af bæ 001.

Gamla túnið á Kýrunnarstöðum er í órækt og er þýft bæði utan túns og innan.

Þar sem túngarðurinn var meðfram austurhlið túns er nú skurður við nyrðri helming gamla túnsins. Uppkast úr skurðinum er austan við skurðinn. Hafi hlaðinn garður verið umhverfis túnið á þessi svæði hefur hann líklega farið þar undir eða í skurð. Engin merki sjást þó heldur um túngarð sunnar þar sem skurðinum sleppir. Túngarðurinn var eingöngu athugaður á vettvangi innan úttektarsvæðisins en leifar garðs virðast sjást á loftmynd bæði nærri útihúsum 004 og við rétt 005.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Fasteignamat 1916-1918 - undirmat; Dalasýsla, 230

## DA-110 Knarrarhöfn

**1686:** 30 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1695:** 30 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1703:** 30 hdr., bændaeign, skv Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, 95.

**1731:** 30 hdr., bændaeign, skv. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 84.

**1847:** 30 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 167.

Jörðin einnig nefnd Höfn, e.g. JÁM VI, 95.

**[fyrir 1401]:** „[Kirkja á Skarði á Skarðsströnd á] þria hlute i vidreka firir þorpum ok hvalreka milli kara hafnar oc grindar." DI III, 655-658.

**8.8.1451:** „Jón Ásgeirsson kvittar Gunnar Bjarnarson um andvirði eyja þeirra er liggja fyrir Skógarströnd og svo heita: Stafey, Gjarðey, tvær Hrútey, Húseyja þrjár, Hryggr, Snæfoglsey, og alla þá hólma, sem þeim fylgja." Skrifað og innsiglað að Knarrarhöfn. DI VI, 52-53.

**24.10.1563:** „Kaupmálabréf Sigurðar Jónssonar og Guðnýjar Jónsdóttur [...] Aunni minne Biarnardottur gef ek jordina Hofnn j Huamssvueit [...]." DI XIV, 170, 177.

**Um 1563-1564:** „Reikningar Eggerts lögmanns Hannessonar um dánarbú Daða Guðmundssonar i Snóksdal [...]. Hofn. Anno Domini M. d. lx. iij ar voru suo margar jarder og quilldi aa Ieigustodum j Hafnar vmbodi j Huamssueit og Medalfelssstrond gilld og ogilld þau er att hafdi Dade heittinn Gudmundzson huers sal gud nade sem hier epter seiger jn primis. Anna.4 ) Jtem Hofnn sialf er xxxc." DI XIV, 203, 207; sbr. einnig DI XIV, 175, 177-178, 213-215.

Hjáleigur: Ónefnt hús (110:041), skv. Minningab. MF, 123.

Hálfkirkja var á jörðinni á seinni hluta miðalda, sbr. DI XV, 595.

**1917:** Ræktað tún 7,4 ha (4,0 ha þýft) og 0,2 ha undir hús og fl. Öll torfan er samtals 7,6 ha og garðar 297 m2.

**1703:** „Túnið er sumpart sljett, sumpart þýft og grýtt, í meðallagi grasgefið sumt en sumt snögt. Engjar mýrlendar, sæmilega grasgefnar og víðslægar. Hagar í betra lagi en ekki víðlendir. Selstaða í heimalandi nú lengi ekki brúkuð; má þó brúka [...]. Selveiði kann þar að vera að nokkru gagni ef til vill. Grastekja varla eða ekki fyrirhafnarverð. Túnið fordjarfast mikillega af stórviðrum [...]. Hagar blása upp smámsaman. Vatnsból er slæmt og þrýtur oftlega [...]. Þar er flæðihætt á vordag fyrir fje, so að skaða hefur orðið, „ segir í JÁM VI, 95-96.

**1731:** Fiallhagar göder ä sumrumm, og gott under bu. Item a vorenn þa Snior ej banna. Utegangur gódur fyrer nedan fiallhagana fyrer hross og hesta. Selstaða sæmeleg ad forngilldu nu aflögd. Selveidi nochur ef Idkud være. Torfrista og stunga änægeleg [...]. Eingiar voru

þar enar bestu, nu eru þær miked Komnar ij Oberiur bæde af orækt Leigulida, og af Sande, sem vatnzgangur ä Vor ä þær ber úr Lækiumm undann Hlydenne fire ofann,so Leigulidar kaupa sier Slægiur a odrumm Jördumm oft og tidumm. Flædehætt er þar ä vorenn under mösköflumm,“ segir í Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 84.




*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Knarrarhafnar DA-110 frá árinu 1917, skráðar minjar og línuleiðir.*

**DA-110:001** *Knarrarhöfn* bæjarhóll bústaður 365015 521145

Á túnakorti frá 1917 er bærinn merktur ásamt sambyggðum kálgarði til vesturs. Í fasteignamati 1918 segir: „1. Baðstofuhús 7,5x3,8 m, portbygt, stofa undir lopti 3,8x3,8x2 m, herbergi 3,8x2 m og maskínuhús 3,8x2 m. 2. Búr 3,8 x 2 m, með risi og járnþaki, úr torfi. 3. Eldhús 3,8x2,5 m [úr torfi]. 4. Bæjardyr 7,5x1,3 m [úr torfi].“



*Bæjarhóll 001, horft til SSV.*

Núverandi íbúðarhús í Knarrarhöfn stendur í norðurjaðri bæjarhólsins og

hefur líklega verið reist ofan í gömlu tröðinni 011 fast norðan og norðvestan við gömlu bæjarhúsin sem snéru stöfnum til ASA. Fast norðvestan og ofan við íbúðarhúsið er brött grasigróin brekka. Fyrirhugaður jarðstrengur RARIK endar í norðvesturjaðri bæjarhóls 001 í tröð 011, um 5 m norðvestan við núverandi íbúðarhús.

Grunnur hefur verið grafinn fyrir húsinu ofan í bæjarhólinn. Nýlega er búið að skipta um dren meðfram veggjum þess svo að búið er að slétta út og skera burt jarðveg fast upp að brekkurótum. Ofan og norðvestan við húsið hefur verið komið fyrir tanki eða einhvers konar undirstöðu ofan í brekkuna og lagður hefur verið jarðsími niður brekkuna að húsinu.

Bæjarhóllinn er mestur umfangs sunnan og suðvestan núverandi íbúðarhúss en búið er að slétta svæðið, svo lítið sést til fornleifa. Hóllinn er um 65x35 m að utanmáli og er 1-3 m á hæð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Fasteignamat 1916-1918 - undirmat; Dalasýsla, bls. 232

**DA-110:011** gata traðir 364977 521161

Traðir eru merktar á túnakort frá 1917, að bæ 001 úr norðri. Í fasteignamati 1918 segir: „Tröð að bænum úr torfi og grjóti."

Ennþá sjást merki um tröðina í brekkunni ofan og norðvestan við bæjarhól 001 um 5 m ofan við núverandi íbúðarhús. Fyrirhugaður jarðstrengur RARIK liggur niður til suðausturs að bæjarhól 001, að mestu norðan traðarinnar. En suðausturendi strengsins endar í tröðinni miðri í norðvesturjaðri bæjarhóls 001.

Engin ummerki sjást um traðirnar á bæjarhólnum sjálfum vegna bygginga og sléttunar. Tröðin liggur í boga upp til norðvesturs frá bæjarhól um grasigróna og þýfða brekku.



*Traðir 011, horft til suðausturs.*

Tröðin er vel grasigróin og lítur út eins og gamall lækjarfarvegur. Hún er skorin inn í brekkuna og er 1-2 m á breidd og 0,5-1 m á dýpt. Samkvæmt fasteignamati var tröðin hlaðin með torfi og grjóti, en ekkert sést í hleðslur á yfirborði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Fasteignamat 1916-1918 - undirmat; Dalasýsla, bls. 232

**DA-110:043_01** garðlag óþekkt 365067 521472

Um 300 m norður af bæ 001 eru tvö garðlög, rétt norðvestan við Klofningsveg. Þau ná yfir svæði sem er um 80 x 7,5 m að stærð og liggur norðaustur-suðvestur.

Miðlína úttektarsvæðis vegna jarðstrengslagningar RARIK 2022 er um 2 m norðvestan við garðlögin.

Norðvestan við veginn er lyngi gróin brekka í halla til suðausturs. Næst veginum er gróður rýr.

Garðlag 043_01 er norðvestar. Það er um 50-80 cm á hæð, 40 m á lengd og 1-3 m á breidd, breiðast um miðbik garðlagsins. Garðlagið er að mestu grasi gróið en rof er á hluta suðausturhliðar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Garðlag 043_01, horft til suðvesturs.*

**DA-110:043_02** garðlag óþekkt 365025 521427

Garðlag 043_02 er um 36 m suðvestur af enda garðlags 043_01 og liggur út frá Klofningsvegi til norðvesturs. Garðlagið er grasi gróið og er um 7,5 m langt, 60-70 cm á hæð og 1,5-2 m á breidd, breiðast suðaustast. Ekki sjást merki um garðlagið suðaustan við Klofningsveg. Garlagið er greinilegra en garðlag 01.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Garðlag 043_02, horft til NNA.*

## DA-111 Teigur

**1686:** 12 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1695:** 12 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1703:** 12 hdr., bændaeign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, 96. 1731: 12 hdr., bændaeign, skv. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 83.

**1847:** 12 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 167.

**1308:** Hvammskirkja heimtar tíund af jörðinni (DI III, 102), 1397 (DI IV, 159-161), 1599 (Lbs 108 4to, bl. 520).

**26.10.1563:** „Testíamentisbréf Daða Guðmundssonar í Snóksdal. [...] Aunni minne Biarnardottur gef ek jordina [...] Teig x að dýrleika [...].“ DI XIV, 171, 177.

**23.3.1604:** „Með handseldur samþykki og í umboði bróðurdóttur sinnar, Ingiríðar Árnadóttur, selur Bjarni Björnsson Jóni Magnússyni eldra jörðina Teig, 12 hndr., að dýrleika liggjandi á Meðalfellsströnd og í Hvammskirkjusókn. Í sama kaupi fékk Bjarni sögðum Jóni til eignar allan þann við, sem þar hafði verið í húsum, þegar jörðin lagðist í eyði, og alla þá sök og sókn á hvern, þann sem haft hafði búið án heimildar hennar,“ segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 75.

**1917:** Ræktað tún 3,7 ha (1,8 ha þýft) og 2,2 ha undir hús og fl. Öll torfan er samtals 5,9 ha og garðar 391 m2.

**1703:** „Túnið er þýft, grýtt og snögt. Engjar á dreif í flóum lítilfjörlegar. Hagar heilnæmir fyrir fje. Selstaða í heimalandi, aldrei brúkuð; má brúka ef vill [...]. Túinu spillir lækur, sem ber á það sand og leir, og stórviðri ber af því sumstaðar grasrótina,“ segir í JÁM VI, 96.

**1731:** „Hagbeit er þar göd og gott under bu. Utegangur godur ä vetrumm. Torfrista og stunga sæmileg. Koted er landlited, Hriöstrugt og griötmiked Vyda, og ij sumumm stödumm af vedrumm uppbläsed,“ segir í Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 83-84.

**DA-111:001** *Teigur* bæjarhóll bústaður 364069 519715

Bærinn er merktur sem stakt mannvirki inn á túnakort frá 1917.

Í fasteignamati 1918 segir „1. Baðstofa pallbygð, 5,7 x 3,8 m., alþiljuð með timburhlið og grjóthlöðnum kjallara undir, nýleg. 2. Eldhús 1,9 x 2,5 m. 3. Stofa 3.2 x 3.2 m. 4 dó [Stofa] 2.5 x 3.2 m. Geymsluloft yfir báðum stofunum. 5. Bæjardyr. 6. Smiðjuhús 3,2 x 1,9 m. Frammieldhús 1,9 x 2,5 m. 8. Fjós yfir 5 nautgripi. 9. Hesthús yfir 4 hross.“




*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Teigs DA-111 frá árinu 1917, skráðar minjar og línuleiðir.*

Gamli bærinn er um 70 m vestur af íbúðarhúsi byggðu 1953 samkvæmt fasteignaskrá. Norðausturjaðar bæjarhólsins er um 6,5 m sunnan við miðju úttektarsvæðis vegna jarðstrengslagningar RARIK 2022.

Bærinn stóð við hlíðarrætur og eru klettar ofan (norðvestan) við bæjarhólinn. Á og umhverfis hólinn eru stórar breiður af hárri elftingu. Birki hefur verið plantað suðvestast á hólnum þar sem skemma 002_03 stóð og einnig norðaustantil á hólnum þar sem blómgarður 002_01 var áður.



*Bæjarhóll 001 og kálgarður 002_01, horft til suðurs.*

Bæjarhóllinn er um 52 x 38 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hann hæstur um 1 m og er mjög gróinn húsapunti og elftingu, sem náði upp að hnjám þegar staðurinn var heimsóttur sumarið 2022. Bæjartóftir eru norðvestantil á hólnum. Þær voru utan úttektarsvæðis 2022 og voru ekki mældar upp nákvæmlega. Bæjartóftirnar snúa norðaustur-suðvestur, með framhlið til suðausturs. Þær eru

hlaðnar úr torfi og grjóti og sjást a.m.k. þrjú hólf. Tóftirnar eru mjög grónar en víða sést í grjót. Steyptur strompur er í miðju bæjartóftanna.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Fasteignamat 1916-1918 - undirmat; Dalasýsla, 234

**DA-111:002_01** garðlag kálgarður 364079 519709

Á túnakorti frá 1917 er blómgarður og kálgarður 002_01 teiknaður saman ásamt skemmu 001_02 til hliðar rúmum 10 m sunnan við bæ 001. Garðarnir voru á norðausturhluta bæjarhólsins. Norðausturjaðar bæjarhólsins er um 6,5 m sunnan við miðju úttektarsvæðis vegna jarðstrengslagningar RARIK 2022.

Bærinn stóð við hlíðarrætur og eru klettar ofan (norðvestan) við bæjarhólinn. Á og umhverfis hólinn eru stórar breiður af hárri elftingu. Birki hefur verið plantað suðvestast á hólnum þar sem skemma 03 stóð og einnig norðaustantil á hólnum þar sem blómgarður 02 var áður.



*Kálgarður 002_01 og smiðjutóft 001_02, horft til norðvesturs.*

Sýnilegar leifar garðanna voru utan úttektarsvæðis 2022 og voru ekki mældar nákvæmlega. Blómgarðurinn og kálgarðurinn voru samhliða og sneru norðaustur-suðvestur og var blómgarðurinn í norðaustari hluta. Garðlag sem skilið hefur garðana af er sjáanlegt, um 10 m á lengd. Birkitré stendur við suðvestur enda garðlagsins. Einnig sést svipað garðlag sem afmarkað hefur norðausturhlið kálgarðsins.og gengur út frá smiðjutóft 02. Mögulegt er að fleiri leifar hleðsla leynist á hólnum en hann var þakinn háum gróðri þegar staðurinn var heimsóttur. Rabbarbari vex í kálgarðinum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**DA-111:002_02** tóft smiðja 364062 519690

Tóft smiðjunnar var utan úttektarsvæðis 2022 og var hún því ekki mæld nákvæmlega. Hún er suðvestarlega á bæjarhólnum, við suðvesturenda kálgarðs 01. Tóftin er einföld, snýr norðvestur-suðaustur, og er opin til suðausturs. Tóftin er grasi gróin og vex rabbarbari inni í henni. Birki hefur verið plantað fast suðvestan við tóftina.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**DA-111:005** garðlag túngarður 364054 519799

Á túnakorti frá 1917 er túngarður merktur umhverfis heimatún Teigs. Í fasteignamati frá 1918 segir: „Túngirðing úr torfi og grjóti og gaddavír."

Leifar garðsins sjást norður af bæ 001, ofan (norðan) við Búrhól. Úttektarsvæði vegna jarðstrengslagningar RARIK 2022 liggur yfir garðinn.

Svæðið er grasmói í brekku sem hallar til suðausturs. Víða eru klettadrangar og hólar.



*Túngarður 005, horft til NNV.*

Garðurinn er grjóthlaðinn, 0,5-1 m breiður en mikið sokkinn í gróður og rís ekki meira en 10-15 cm hærra en umhverfið. Það grjót sem sést er mjög mosa og skófum vaxið. Þar sem garðurinn sést vestast, liggur hann um 12,5 m til NNA. Þá er rof í garðinum á um 3,5 m kafla. Frá þeim stað þar sem garðurinn sést aftur liggur hann um 21,5 m til ANA en fjarar þar út.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Fasteignamat 1916-1918 - undirmat; Dalasýsla, 234

**DA-111:017_01** *Búrhóll* heimild um fjárhús 364078 519785

„Búrhóll. Hryggvaxinn hóll með allmörgum klettum skammt vestur af norðurhorni túnsins," segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir ennfremur: „Suðvestan við Búrhól eru greinilegar rústir af gömlu húsi." Staðurinn er um 70 m NNA af bæ 001 og er innan túns eins og það var teiknað 1917. Engin tóft sést suðvestan við Búrhól en þar er garðlag 017_02. Miðja úttektarsvæðis vegna jarðstrengslagningar RARIK 2022 sker vestari enda garðlagsins.

Svæðið er þýft graslendi með mikilli sinu, í halla til suðaustur. Víða eru klettar, þar á meðal Búrhóll, ílangur klettahóll sem liggur suðaustur-norðvestur, að miklum hluta grasi gróinn. Syðst á honum er hár klettadrangur, Tröllaklettur.

Ekki sjást merki um tóft við Búrhól en mikill gróður var á svæðinu þegar það var heimsótt og er ekki útilokað að hann hafi hulið minjarnar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Teigur, 1; Ö-Teigur Svör, 2

**DA-111:017_02** garðlag óþekkt 364076 519782

Út frá suðvesturhlið Búrhóls gengur illgreinanlegt grjóthlaðið garðlag til suðvesturs. Það er um 12,5 m langt og 0,5-0,8 m breitt. Það er um 25 cm hátt en rís lítið hærra en þúfurnar. Garðlagið er svotil alveg hulið sinu en aðeins sést glitta í grjót á einstaka stað. Hlutverk garðlagsins er óþekkt en mögulega gæti verið um túngarð að ræða og þá líklega eldri garð en 005.



*Garðlag 017_02, horft til SSA.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-111:025** tóft beitarhús 364023 519794

Tóft er um 90 m NNV af bæ, um 25 m vestur af mörkum gamla túnsins. Hún er 12 m suðvestan við mörk úttektarsvæðis vegna jarðstrengslagningar RARIK 2022.

Svæðið er grasmói í brekku sem hallar til suðausturs. Víða eru klettadrangar og hólar. Lækur rennur um 11 m sunnan við tóftina.






*Tóft 025, horft til ANA á ljósmynd.*

Tóftin er hlaðin milli tveggja klettahóla. Hún er einföld, um 6 x 2,5 m að stærð og snýr austur-vestur með op á vesturhlið. Tóftin er gróin grasi og lyngi. Klettahólarnir afmarka norður og suðurhlið en grjóthleðslur sjást þó þar í hliðum og á austurhlið. Breidd veggja er 0,3-1 m, breiðastir á suðurhlið. Hæð veggja er víðast 0,5-1 m en austurhlið er lægri, um 30 cm.

**Hættumat:** hætta vegna framkvæmda

## DA-113 Holt (Rauðbarðaholt)

**1686:** 15 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1695:** 16 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1703:** 16 hdr., bændaeign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, 97. 1731: 16 hdr, bændaeign, skv. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 80.

**1847:** 16 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 167.

Jörðin er einnig nefnd Rauðbarðaholt eða Ráðbarðaholt, e.g. DI III, 9.

**1308:** Hvammskirkja heimtar tíund af jörðinni (DI III, 102), 1397 (DI IV, 159-161), 1599 (Lbs 108 4to, bl. 520).

**20.4.1430:** „Gjafabréf Lopts Guttormssonar til sona sinna og Kristínar Oddsdóttur, Orms, Skúla og Sumarliða, þar sem hann gefr hverjum þeirra þrjú hundruð hundraða í löndum, og lausafe skipar fyrir um ómagavist á höfuðbólum sínum […] Sumarlida gief eg þessar jarder j Daulum […] Hollt […].“ DI IV, 404-406.

**4.8.1535:** „Kaupmálabréf Orms Sturlusonar og Þorbjargar Þorleifdóttur […]. Gaf þrattnefndur Ormur Stullason þrattnefndre Þorbiorgu Þorleifsdottur i tilgiof. lx. að dýrleika var tilgreind jörðin Skoravijk [DA-115] xxx að dýrleika og Hollt fyrer xx að dýrleika er liggur i Staðarfellskirkiusokn og þar til .x. malnitu kugillde […].“ DI IX, 739-740.

**24.5.1550:** „Ormr lögmaðr Sturluson selr Daða bónda Guðmundssyni jörðina Holt á Finnmörk, með þeim greinum er bréfið hermir.“ DI XI, 777-779; sbr. einnig: Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 76.

**1599:** Jörðin borgar tíund til Hvammskirkju, skv. Lbs 108 4to, bls. 520.

**24.10.1563:** „Kaupmálabréf Sigurðar Jónssonar og Guðnýjar Jónsdóttur […] Aunni minne Biarnardottur gef ek jordina […] Hollt xvj að dýrleika […].“ DI XIV, 170, 177.

**20.5.1606:** „Með samþykki eiginmanns síns séra Jóns Vigfússonar, selur Annar Björnsdóttir Jóni Magnússyni eldra alla jörðina Holt í Hvamssveit og Hvammskirkjusókn, 16 hndr. að dýrleika. Hér í mót greiðir Jón 16 hndr. í lifandi og dauðum aurum, sem skyldu gjaldast á tveimur árum,“ segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 75.

Jarðarítök. Jörðinn sótti skóg til Staðarfells einu sinni á ári skv. örnefnaskrá (Ö-Rauðbarðaholt II, 17).

**1917:** Ræktað tún 4,0 ha (1,9 ha þýft) og 0,8 ha undir hús og fl. Öll torfan er samtals 4,8 ha og garðar 196 m2.

**1703:** „Túnið er mikinn part þýft, sumstaðar mýrlent, og snögt. Engjar á dreif, sumar mýrlendar; hafa verið grasgefnar en gánga úr sjer. Hagar góðir. Selstaða í heimalandi nú aldrei

brúkuð; gjörir ei heldur gagn að brúka [...]. Túnið spillist af aur og sandi [...]. Engjar spillast af grjóti og aurskriðum [...]. Hagar spillast með sama slag. Hættur eru sumstaðar af dýjum fyrir kvikfjenað," segir í JÁM VI, 98.

**1731:** „Koster. Jordenn ä land miked grosugt og Hagagott, Utegängur ä vetrumm, þá sniöar ecke banna hinn beste. Torfrista og stunga góð," segir í Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 81.




*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Rauðbarðaholts DA-113 frá árinu 1917, skráðar minjar og línuleiðir.*

**DA-113:003** heimild um fjárhús 361914 520473

Á túnakorti frá 1917 er fjárhús merkt um 70 m norðvestan við bæ 001. Jaðar úttektarsvæðis vegna jarðstrengslagningar RARIK 2022 liggur yfir staðsetningu útihússins.

Þar sem húsið var er nú sléttað tún, í rækt. Girðing markar jaðar túnsins fast vestan við húsið og hefur trjáplöntum nýlega verið plantað meðfram girðingunni innan túns. Nýlegt rask og moldarhrúga er í túninu rétt sunnan við staðsetningu hússins.

Ekki sjást merki um fjárhúsin á yfirborði og hafa þau verið sléttuð í tún.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**DA-113:004** heimild um fjárhús 361852 520457

Á túnakorti frá 1917 fjárhús merkt um 120 m vestan við bæ 001. Þar sem húsin stóðu er nú steinsteypt útihús. Úttektarsvæði vegna jarðstrengslagningar RARIK 2022 liggur fast norðan við staðsetningu útihússins.

Umhverfis húsið er smáþýft en sléttuð tún sunnar. Malarvegur liggur vestur-austur norðan við húsið og að því.

Ekki sjást merki um eldri hús á þessum stað og hafa fjárhúsin líklega farið undir yngri hús. Húsin gætu hafa staðið örfáum metrum norðar en núverandi hús en hefur þá verið sléttað úr minjunum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**DA-113:005** heimild um kálgarð 361805 520435

Á túnakorti frá 1917 er kálgarður teiknaður um 180 m vestan við bæ 001. Úttektarsvæði vegna jarðstrengslagningar RARIK 2022 liggur yfir staðsetningu kálgarðsins.

Þar sem kálgarðurinn var er þýft beitarstykki, utan núverandi túns.

Ekki sjást merki um kálgarðinn á yfirborði. Dældir eru á svæðinu en engar skýrar útlínur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**DA-113:006_01** garðlag túngarður 361771 520394



*Túngarður 006_01 vestan bæjar, horft til ANA.*

Á túnakorti frá 1917 er túngarður merktur umhverfis heimatún bæjar 001. Garðurinn hefur að miklu leyti verið sléttaður í tún en sést að hluta meðfram norður og vesturhlið gamla túnsins á svæði sem er alls um 268 x 126 m og snýr VSV-ANA. Túngarðurinn var athugaður árið 2022 um 220 m vestur af bæ 001 og um 60 m norður af bæ, þar sem úttektarsvæði vegna jarðstrengslagningar RARIK liggur yfir garðinn. Um 60 m NNA af bæ 001 er

tóft 02 byggð upp við túngarðinn.

Þar sem túngarðurinn sést liggur hann um þýfð beitarstykki, utan núverandi túns. Mýrlent er utan gamla túnsins.

Þar sem túngarðurinn liggur meðfram vesturhlið gamla túnsins sést hann meira sem brún í túninu en garðlag. Hæð garðsins er víðast um 30-70 cm að utanverðu, lægstur nyrst, en aðeins 15-20 cm að innan. Breidd garðsins er víðast 2-2,5 m.Garðurinn sést fyrst um 170 m VSV af bæ 001, við skurð sem afmarkar vesturmörk núverandi túns. Austan við skurðinn hefur garðurinn verið sléttaður í tún en vestan skurðsins liggur garðurinn fyrst um 63 m til norðvesturs, þá 42 m til NNV og tekur svo stefnu til norðaustur um 17 þangað til garðurinn endar við girðingu. Norður af bæ er garðurinn meira rofinn en sést í fjórum bútum innan úttektarsvæðisins 2022 á alls um 47 m löngum kafla og liggur þar u.þ.b. í stefnu VNV-ASA. Á loftmynd sjást einnig merki um garðlagið vestar, utan úttektarsvæðisins, en austast endar garðlagið við skurð sem afmarkar norðurmörk núverandi túns. Við austasta bútinn af túngarðinum er sambyggð tóft 02. Handan skurðsins hefur túngarðurinn verið sléttaður í tún. Garðurinn er um 30-50 cm hár á þessu svæði og víðast 1,5-2 m breiður.



*Túngarður 006_01 norðan bæjar, horft til austurs með tóft 006_02 í bakgrunni.*

Túngarðurinn er grasi gróinn að mestu en á stöku stað sést í grjót. Ógróin rof eru í garðinum á nokkrum stöðum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**DA-113:006_02** tóft reykkofi 362001 520506

Tóft 006_02 er byggð fast upp við túngarð 01 að innanverðu. Hún er einföld, um 6 x 4,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er opin til suðvesturs en norðausturhlið er sambyggð túngarðinum. Tóftin er grasi gróin að hluta en víða eru í henni ógróin rof. Breidd veggja er víðast um 1,5 m. Hæð veggja er mest um 1 m en suðausturhlið er mjög röskuð og er mestöll í þúfum, hæð um 30 cm, nema suðvestast þar sem um 1,5 m langur hluti veggjarins stendur sem stakur stólpi. Samkvæmt ábúanda var tóftin reykkofi.






*Tóft 006_02 og hluti túngarðs 006_01, horft til norðausturs á ljósmynd.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## DA-114 Hóll

**1686:** 23 hdr., 80 áln., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1695:** 24 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1703:** 24 hdr., bændaeign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, 98.

**1731:** 24 hdr., bændaeign, skv. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 81.

**1847:** 24 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 167.

**1308:** Hvammskirkja heimtar tíund af jörðinni (DI III, 102), 1397 (DI IV, 159-161), 1599 (Lbs 108 4to, bl. 520).

**20.4.1430:** „Gjafabréf Lopts Guttormssonar til sona sinna og Kristínar Oddsdóttur, Orms, Skúla og Sumarliða, þar sem hann gefr hverjum þeirra þrjú hundruð hundraða í löndum, og lausafe skipar fyrir um ómagavist á höfuðbólum sínum [...] Sumarlida gief eg þessar jarder j Daulum [...] hol [...].“ DI IV, 404-406.

**1599:** Jörðin borgar tíund til Hvammskirkju, skv. Lbs 108 4to, bls. 520.

**1917:** Ræktað tún 6,2 ha (1,0 ha þýft) og 0,2 ha undir hús og fl. Öll torfan er samtals 6,4 ha og garðar 240 m2.

**1703:** „Túnið er víða sljett, sumstaðar þýft og grýtt, og snögt. Engjar mýrlendar, hafa verið góðar en ganga úr sjer. Hagar rjett góðir, þeir bestu fjærst. Selstaða í heimalandi góð; er nú aldrei brúkuð, en væri til bata að brúka. Útigángur heilnæmur en verst illa [...]. Grasatekja er þar stundum að nokkru gagni. Túnið blæs upp, so upp úr því kemur grjót. Engjar spillast lítilsháttar af leir og skriðum; í þeim vex upp sumstaðar rifhrís af lángvarandi órækt. Hagar blása upp smámsaman. Stórviðrasamt mjög og vetrarhart,“ segir í JÁM VI, 98.

**1731:** „Jordenn er landmikel, grösug og göd under bú. Hagbeit god vetur og sumar þä jórd er aud. Torfrista og stunga næg [...]. Vatnzboled hverfur þar jafnadarlega ä vetrumm ur odrum stad j annann, so þar er oft stor öhægd þess ad orka,“ segir í Jarðabók yfir Dalasýslu, 81-82.

**DA-114:001** *Hóll* bæjarhóll bústaður 360393 519957

Bærinn er merktur á túnakort frá 1917 þá var útihús sambyggt honum að austan. Í fasteignamati 1918 segir: „1. Baðstofa á bálki 9,4x3,5 m. 2. Eldhús 5,7 x 3,5 m. 3. Búr 7,5x3,2 m. 4. Bæjardyr 5,7x2,5 m. 5. Stofuhús 5,7x5,7 m, úr timbri á 2 vegi, torfi á 2 vegi, alþiljað innan, með lofti í, járnþak. 6. Skemmugarmur úr torfi 5,7x3,2 m, timburgafli.“ „Austar er svo Búrhóll [031] og svo Bæjarhóll, er bærinn stendur á,“ segir í örnefnalýsingu.

„Á Hóli í Hvammssveit var verið að grafa fyrir húsi 1927. Var þá komið ofan á leifar tveggja sáa með „einhverjum matarleifum í,“ en stafirnir voru svo fúnir, að þeir tolldu ekki saman.




*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Hóls DA-114 frá árinu 1917, skráðar minjar og línuleiðir.*

Botninn var hins vegar sendur á Þjóðminjasafnið. Hann hefur verið 1,13 m í þvm., með tveimur okum," segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags frá 1943. Bæjarhóllinn á Hóli er mjög greinilegur, um 85 m norðan og ofan við þjóðveg og um 1,1 km ANA við Breiðabólstað DA-117:001. Hinn fyrirhugaði jarðstrengur RARIK á í aðalatriðum að liggja suður fyrir og sneiða framhjá bæjarhólnum. Þó er áætlað að lítill endi liggi frá aðalstrengnum til ANA uppá bæjarhólinn vestanverðan yfir gamla bæjarstæðið og enda fast norðan við núverandi íbúðarhús.

Keyrt er malarveg frá þjóðvegi og uppá hólinn að vestan verðu og á strengurinn að vera norðan við þessa heimreið.



*Bæjarhóll 001, horft til ANA.*

Bæjarhóllinn er sléttaður og stendur íbúðarhúsið frá 1927 ennþá efst á hólnum. Hóllinn er um 70x65 m að flatarmáli, 1-3 m á hæð og liggur gróflega NNA-SSV. Líklegt er að gamli bærinn hafi verið fast norðan við núverandi íbúðarhús. Leifar sjást af fjósi 002, en fjósið og

kálgarður 003 hafa bæði verið á bæjarhólnum. Enn má sjá leifar af gömlu tröðinni til austurs niður af hólnum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Hóll ÞK, 4-5; Árbók 1943-1948, 27; Fasteignamat 1916-1918 - undirmat; Dalasýsla, 238

**DA-114:002** þúst fjós 360390 519986



*Fjós 002, horft til SSA.*

Á túnakorti frá 1917 er fjós merkt um 10 m norðan við bæ 001. Í fasteignamati 1918 segir; „Fjós yfir 8 nautgripi, [úr torfi] með járnþaki."

Fjósið er lítið annað en grasigróin þúst um 23 m norðan við núverandi íbúðarhús frá 1927. Fyrirhugaður jarðstrengur RARIK á að liggja milli núrverandi íbúðarhúss og fjóshólsins og endar um 17 m sunnan við fjóshólinn.

Svæðið hefur verið sléttað og búið er að gróðursetja tré í þústina.

Þústin er um 25 m á lengd, um 16 m á breidd og liggur gróflega A-V. Þústin er um 0,5-1 m á hæð og vel greinileg en ekki er hægt að greina grjóthleðslur eða innanmál fjóssins í hólnum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Fasteignamat 1916-1918 - undirmat; Dalasýsla, 238

**DA-114:003** heimild um kálgarð 360397 519941

Á túnakorti frá 1917 er kálgarður merktur um 10 m sunnan við bæ 001. Fyrirhugaður jarðstrengur RARIK liggur að mestu leiti sunnan bæjarhóls en áhrifasvæði strengsins liggur yfir suðvesturhorn kálgarðsins. Meginlína strengs er um 10 m sunnar. Á þessu svæði er íbúðarhús og sléttaður grasigróinn bæjarhóll.

Ekkert sést til fornleifa.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**DA-114:009** garðlag túngarður 360580 519907

Á túnakorti frá 1917 er túngarður teiknaður umhverfis heimatún bæjar 001. Tvo búta af túngarði má enn sjá umhverfis heimatúnið, Túngarðshluti 009a er um 175 m við bæjarhól 001 til vesturs og 009b er um 85 m við bæjarhól 001 til suðausturs. Fyrirhugaður jarðstrengur RARIK sker túngarðinn þveran í vestri (hluta A) en á því svæði er garðurinn þegar þó nokkuð skörðóttur. Í suðaustri liggur jarðstrengur samsíða túngarðsbroti (hluta B), aðeins um 8 m ofar að norðanverðu.



*Túngarður 009, hluti A, horft til suðausturs.*



*Túngarður 009, hluti B, horft til vesturs.*

Báðir garðlagsbútar eru í þýfðu graslendi sem virðist ekki hafa verið sléttað.

Túngarðurinn hefur verið hlaðinn úr torfi og grjóti en óljóst er hvort hann hefur verið óslitinn umhverfis allt heimatúnið. Hluti A snýr norðvestur-suðaustur, er um 62 m á lengd, 2 m á breidd og 0,5-1,5 m á hæð. Búið er að gróðursetja tré í norðvesturenda hans og skorið hefur verið stórt gat vegna skurðgraftar. Hluti B er þó verr farinn og lítur meira út eins og sambland af uppgreftri úr skurði og hleðslur undir girðingu. Hann snýr austur-vestur, er um 84 m á lengd, um 1-1,5 m á breidd og 0,5-1,5 m á hæð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**DA-114:029** *Melluhús* heimild um fjárhús 360355 519958

„Þar norður af [Brunnhúsflöt 028] Melluhúshóll, nær hann að Túnlæk, er rennur þar vestur túnið. Þar stóðu áður ærhús tvö, samnefnd, Melluhús," segir í örnefnalýsingu.



*Melluhúshóll 029, horft til vesturs.*

Mellhúshóll er fast ofan við heimreið og fast vestan við bæjarhól 001, um 20 m vestan við núverandi íbúðarhús. Fyrirhugaður jarðstrengur RARIK liggur þvert í gegn um suðurjaðar rústahólsins til austurs heim að íbúðarhúsi.

Á þessu svæði er sléttað graslendi og fast norðan hólsins er skurður sem liggur til vestur út úr túni.

Ekkert sést af Melluhúsum í dag því búið er að slétta tóftirnar. Þar er tvískiptur grasigróinn útflattur hóll sem er um 30 m á lengd, um 20 m á breidd og liggur A-V. Hóllinn er um 0,5 m á hæð en ekkert sést til hleðsla eða innanmáls tófta. Líklegt er að skorið hafi verið af hólnum þegar malarvegur er lagður upp á bæjarhólinn vestanverðann.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Hóll ÞK, 4

**DA-114:044** þúst óþekkt 360367 519918


*Þúst 044, horft til norðausturs.*

Í heimatúni um 10 m suðvestan við bæjarhól er stór sléttuð þúst í túni sem líkist öxl út frá bæjarholtinu. Fyrirhugaður jarðstrengur RARIK liggur þvert yfir miðju þessarar þústar.

Bæjarstæðið er sléttað tún á þessu svæði og búið er að gróðursetja tré í brekkuna.

Þústin er um 20 m á lengd, um 15 m á breidd, um 0,5-1 m á hæð og liggur NNA-SSV. Ekki er hægt að greina innanmál. Hugsanlegt er að hér hafi staðið mannvirki en hlutverk er óþekkt og ekkert hús er sýnt á túnakorti á þessu svæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## DA-115 Skoravík

**1686:** Jarðardýrleiki óviss, kirkjueign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1695:** 30 hdr., 1/2 bændaeign og 1/2 kirkjueign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1703:** 30 hdr., kirkjueign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, 100.

**1731:** 30 hdr., kirkjueign, skv. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 76.

**1847:** 30 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 167.

Jarðarinnar er getið í Landnámu, sbr. ÍF I, 147.

**Um 1226:** Í Íslendinga sögu segir: „Í Skorravík bjó þá Þorgils Snorrason.“ Sturl. I, 311.

**4.8.1535:** „Kaupmálabréf Orms Sturlusonar og Þorbjargar Þorleifdóttur […]. Gaf þrattnefndur Ormur Stullason þrattnefndre Þorbiorgu Þorleifsdottur i tilgiof. lx að dýrleika var tilgreind jörðin Skoravijk xxx að dýrleika og Hollt [DA-113] fyrer xx að dýrleika er liggur i Staðarfellskirkiusokn og þar til .x. malnitu kugillde […].“ DI IX, 739-740; sbr. einnig DI XI, 579-580.

Jörðin fór í eyði árið 1970, skv. ÁFÍ 2011, 84.

**1917:** Ræktað tún 3,5 ha, (1,6 ha þýft) og 0,1 ha undir hús og fl. Öll torfan er samtals 3,6 ha og garðar 351 m2.




*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Skoravíkur DA-115 frá árinu 1917, skráðar minjar og línuleiðir.*

**1703:** Túnið sumpart sljett, sumpart þýft, grýtt og misjafnt grasgefið. Engjar á dreif, mýrlendar; misjafnt grasgóðar. Hagar sumstaðar í betra lagi, sumstaðar í meðallagi [...]. Skógur vel sæmilegur til kola og eldiviðar; er nú öngvum ljeður, en áður fám einum, og guldu þeir lítinn toll fyrir. Túnið spillist oft af skriðum, so einn partur þess er af. Engjar og hagar með sama móti, og af vatni og hrísvexti. Skógur kalinn víða, so hætt er við falli. Vatnsból erfitt," segir í JÁM VI, 100-101.

**1731:** „Koster. Toduvöllur mikell og gagnlegur. Hagbeit ä vetrardag ij betra lage. Skogur Nægur til kolagiördar og elldevidar. Selveide litjel nær ydkud er. Torfrista og stunga änægeleg. Okoster. Fiallshlijdenn öll uppbläsenn og Skridurunnenn. Griötfall ärlega ä tun, utgaga, og eingiar," segir í Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 76.

**DA-115:001_01** *Skoravík* bæjarhóll bústaður 356314 515952

Á túnakorti frá 1917 er bærinn 001_01 merktur með stöku eldhúsi 001_02, kálgarði 001_03, fjósi og hlöðu 001_04. Einnig er vatnsleiðsla 001_05 merkt á kortið út frá fjósi 001_04, „Bærinn, eða íbúðarhúsið, er í miðju túninu. Það var byggt 1906. Kjallari hlaðinn úr íslensku grjóti, sem nú er farið að skekkjast eða sligast á blettum. Íbúðarhæðin úr timbri og risið upp yfir, járnklætt. Síðar var svo byggður skúr við efri hlið hússins," segir í örnefnaskrá. Í fasteignamati 1918 er bænum lýst svo: „1. Baðstofa 7,5 x 3,8 x 2,22 m, pallbygð, alþiljuð með timburveggjum á 2 vegi, torfveggjum á 2 vegi, kjallara undir, bygð 1905. Járnþak á baðstofu. 2. Skúr 4,4 x 2,5, úr timbri, með járnþaki." „Er það til vitnis að árið 1903 og 1904 var bréfhirðing fyrir sveitina í Skoravík, því þau ár var ekki hægt að sinna henni frá Staðarfelli," segir í Árbók Ferðafélags Íslands frá 2011. Bæjarhóll 001_01 og minjar þar við, eldhús 001_02, kálgarður 001_03 og fjós 001_04 ná yfir svæði sem er alls um 53 x 45 m og snýr norður-suður. Fyrirhugaður jarðstrengur RARIK liggur yfir kálgarð 001_03 að bæjarhólnum og nær áhrifasvæði hennar yfir norðvesturhluta bæjarhólsins og stærstan hluta kálgarðinss. Eldhús 001_02 er um 6 m sunnan við mörk úttektarsvæðis. Fjós 001_03 er um 7 m norðaustan við enda fyrirhugaðrar raflagnar



*Minjar við bæjarhól Skoravíkur 001.*

en úttektarsvæðið nær yfir suðvesturhluta þess. Líklegur suðvesturendi vatnsleiðslu 001_05 er um 13 m utan við mörk úttektarsvæðisins.

Umhverfis bæinn er smáþýft tún í órækt, í halla til suðurs. Ofan (norðan) við túnið er grasi vaxin hlíð. Í hlíðinni eru víða klettar og stórgrýti.



*Bæjarhóll 001_01, horft til NNA.*

Bæjarhóllinn er grasi vaxinn, um 33,5 x 28 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er hæstur sunnan til, um 1,5 m á hæð, en rennur saman við brekkuna norðantil. Norðarlega á hólnum stendur bárujárnsklætt íbúðarhús á einni hæð. Húsið er í niðurníðslu og er óíbúðarhæft.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Fasteignamat 1916-1918 - undirmat Dalasýsla, 272; Ö-Skoravík JJ, 1; ÁFÍ 2011, 84

**DA-115:001_02** tóft eldhús 356305 515931

Eldhústóft 001_02 er sunnarlega á bæjarhól 01, um 9 m SSV af íbúðarhúsinu. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti, um 7,5 x 5,5 m að stærð og snýr austur-vestur, með inngang á suðurhlið. Breidd veggja er víðast 1,5-2 m og hæð mest um 1,7 m. Grjóthleðslur sjást að innanverðu og að utan á suðurhlið. Mest eru teljanleg 10-11 umför af grjóti. Mikið er af rusli






*Eldhústóft 001_02, horft til norðurs á ljósmynd.*

og timbri inni í tóftinni, m.a. upprúlluð vírgirðing, en í norðausturhorni sést glytta í brak úr kolaeldavél.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**DA-115:001_03** garðlag kálgarður 356296 515957

Kálgarður 001_03 er norðvestan bæjarhólsins. Garðurinn er að mestu ofan við bæjarhólinn en suðvesturhorn garðsins nær inn á hólinn, um 3 m vestan við vesturhlið íbúðarhússins. Kálgarðurinn er um 33 m á lengd og snýr norður-suður. Norðurhlið garðsins er um 17,5 m á breidd. Um 8-9 m frá suðurenda eru um 1 m op bæði á vestur- og austurhlið en sunnan við opið á vesturhlið breikkar garðurinn til vesturs og er suðurhliðin kálgarðsins alls um 20,5 m á breidd. Upp við vesturhlið að utanverðu, norðan við opið á garðinum, er lítið hólf, um 5,5 x 2 m að innanverðu. Hólfið snýr norður-suður og er opið til suðurs.





*Kálgarður 001_03, horft til NNA á ljósmynd.*

Hleðslan umhverfis garðinn er mikið til grasi gróin; suður- og austurhliðar virðist eingöngu grjóthlaðnar en torf hefur líklega einnig verið notað í aðrar hliðar. Austantil innan minna hólfsins sést einnig í hleðslur og má þar greina 5-6 umför af grjóti, en annars sjást aðeins 1-2 umför. Breidd veggja er víðast 1,5-2,5 m og hæð 40-50 sunnantil en litlu hærri norðantil, um 60 cm. Innan kálgarðsins er húsapuntur í miklum vexti en einnig er þar nokkuð af spýtnabraki.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**DA-115:001_04** tóft fjós 356319 515964

Í fasteignamati 1918 segir: „3. Hlaða 7,5 x 3,8 x 2,5 m. 4. Skúr við hlöðuna, 7,5 x 3,8 x 2,2 m. 5. Fjós yfir 6 nautgripi við skúr og hlöðu. Öll þessi síðasttalin 3 hús eru með torfveggjum á 3 vegi, en timbur á 1 veg og með járnþaki; bygð 1909.“




*Fjóstóft 001_04, horft til norðvesturs á ljósmynd.*

Fjóstóft 001_04 með hlöðu er um 9 m norðan við íbúðarhús á bæjarhól 001_01 og tæpum 2 m austan við kálgarð 001_03. Tóftin er tvískipt, um 19 x 11 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti, að mestu grasi gróin en þó sést í grjót á nokkrum stöðum, helst á vesturhlið á við suðausturhorn. Mest eru greinanleg 4-5 umför af grjóti. Breidd veggja er víðast um 2 m. Tóftin er að hluta grafin inn í brekkuna að norðanverðu og er hæð veggja á norðurhlið um 40 cm að utan. Við suðurhlið og að innanverðu er hæð veggja um 1-1,2 m. Frá vesturhlið tóftarinnar liggur grjóthlaðinn kantur, um 40-50 cm á hæð, um 7,5 m til norðurs. Norðurendi kantsins er u.þ.b. á móts við norðurhlið kálgarðs 03. Bæði hólf tóftarinnar eru opin til suðurs. Það vestara er um 8,5 x 7,5 m að innanmáli en það austara 3,8 x 7,5 m. Stærð tóftarinnar er sambærileg hvernig byggingin er teiknuð á túnakorti en miðað við fasteignamat 1918 var hún á þeim tíma þrískipt. Ekki er því ólíklegt að vestara hólfinu hafi áður verið skipt í tvennt. Mikið spýtnabrak er í vestara hólfinu en innan austara hólfsins er grasi gróið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Fasteignamat 1916-1918 - undirmat Dalasýsla, 272; Túnakort 1917

**DA-115:001_05** heimild um vatnsból 356331 515973

Í fasteignamati 1918 segir: „Vatnsleiðsla með galv. Járnpípum, 75 m löng, í fjósið.“ Á túnakorti 1917 er vatnsleiðsla sýnd liggja um 55 m til norðausturs frá norðausturhorni fjóss 03.

Merki um vatnsleiðsluna sjást ekki á yfirborði en ekki er ólíklegt að hún liggi þar enn í jörðu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Fasteignamat 1916-1918 - undirmat Dalasýsla, 272; Túnakort 1917

**DA-115:002** tóft fjárhús 356107 515940

Á túnakorti frá 1917 er útihús merkt sem búfjárhús um 200 m vestan við bæ 001. Á þessum stað er fjárhústóft og liggur fyrirhugaður jarðstrengur RARIK yfir suðurhluta tóftarinnar. Þessi hús eru líklega sömu og fjárhús sem lýst er í fasteignamati 1918: „6. Fjárhús 4 yfir 124 fjár, úr torfi, grjóti og timbri. [...] Hlaða við fjárhús 7,5 x 3,5 m [úr torfi, grjóti og timbri].“

Tóftin er í smáþýfðu túni í órækt, í aflíðandi halla til suðurs. Ofan (norðan) við túnið er grasi vaxin hlíð. Í hlíðinni eru víða klettar og stórgrýti.






*Fjárhústóft 002, horft til norðurs á ljósmynd.*

Tóftin er um 21 x 18,5 m að stærð og snýr u.þ.b. austur-vestur. Norðurhlið er hlaðin úr torfi og grjóti, um 3,5 m á breidd og um 2 m á hæð. Að mestu er gróið yfir hleðslur en grjót sést á stöku stað, mest greinanleg þrjú umför. Austur- og vesturhliðar eru grjóthlaðnar en að mestu er grjóið yfir grjótið. Þær eru mun mjórri og lægri en norðurhliðin, um 1-1,5 m á breidd og 15-20 cm á hæð. Mögulegt er að grjóthleðslurnar hafi verið undirstöður fyrir timburveggi. Þil hefur verið á suðurhlið en hún afmarkast aðeins af um 15-20 cm háum grasi vöxnum kanti. Hlaða hefur líklega verið í norðurhluta, um 3 x 11 m að innanmáli. Suðurhluta tóftarinnar er skipt í fjögur hólf með þremur görðum. Þeir hafa líklega verið úr timbri en eru hrundir og að miklu leyti gróið yfir spýtnabrakið. Garðarnir eru um 11-11,5 m á lengd, 2,5-3 m á breidd og 30 cm á hæð. Fremst (syðst) í austasta garðanum er fjárbað úr timbri og járni.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Fasteignamat 1916-1918 - undirmat Dalasýsla, 272

**DA-115:003** heimild um útihús 356100 515911

Á túnakorti frá 1917 er útihús merkt um 210 m vestan við bæ 001, og um 5 m suðvestan við fjárhús 003. Af þeim húsum sem talin eru upp í fasteignamati 1918 er líklegast að þarna hafi verið „Hesthús 2 [yfir] 11 hross [úr torfi, grjóti og timbri].“ Suðurjaðar áhrifasvæðis fyrirhugaðrar raflagnar RARIK nær yfir þann stað þar sem útihúsið stóð áður.

Þar sem útihúsið stóð er smáþýft tún í órækt, í aflíðandi halla til suðurs. Ofan (norðan) við túnið er grasi vaxin hlíð. Í hlíðinni eru víða klettar og stórgrýti.

Ekki sjást merki um útihúsið á yfirborði og hefur verið sléttað úr minjunum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Fasteignamat 1916-1918 - undirmat Dalasýsla, 272

**DA-115:004** garðlag túngarður 356084 515939

Á túnakorti frá 1917 er túngarður teiknaður umhverfis tún bæjar 001.

„Fjárhúsatún [019]. Nær það inn að garði, sem var hlaðinn grjóti,“ segir í örnefnaskrá. Í fasteignamati frá 1918 segir: „11. Túngirðing, úr grjóti og gaddavír um 950 m löng.“

Fyrirhugaður jarðstrengur RARIK liggur yfir vesturmörk gamla túnsins og sjást tveir túngarðsbútar innan áhrifasvæðis.

Túngarðurinn afmarkar smáþýft tún í órækt, í aflíðandi halla til suðurs. Ofan (norðan) við túnið er grasi vaxin hlíð. Í hlíðinni eru víða klettar og stórgrýti.



*Túngarður 004, horft til norðausturs.*

Túngarðurinn liggur í stefnu ANA-VSV og sést á alls um 28,5 m löngum kafla en rof er á garðinum á um 2,5 m löngum kafla um 8,5 m frá VSV-enda. Garðurinn er grjóthlaðinn og er víðast um 2 m á breidd. Garðurinn er nánast sokkinn í jörðu og rís ekki meira en 10-20 cm hærra en umhverfi. Mosi hefur á nokkrum stöðum vaxið yfir garðinn svo varla sést í grjót en gróðurinn yfir garðinum sker sig frá grasi vöxnu umhverfinu. Ekki sést garðlag meðfram vesturhlið gamla túnsins innan áhrifasvæðis raflagnarinnar en á loftmynd virðist mögulega marka fyrir garðinum sunnan svæðisins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Skoravík MJ, 4; Fasteignamat 1916-1918 - undirmat Dalasýsla, 272

**DA-115:015_01** *Ekrur* garðlag akur 355756 515943

„Háuklettar heita klettarnir nokkuð vestanvert við túnið. Vestur af túninu eru Ekrur. Er greinilegt, að þar hafa verið gerði; sést fyrir garðlögum. Stekkur er þarna og heitir Ekrustekkur 015_05," segir í örnefnaskrá. Ekrur eru um 480 m vestur af bæ 001, fast norðan við veg að bænum. Minjasvæðið er alls um 167 x 47 m að stærð og snýr austur-vestur. Á svæðinu eru tvö fornleg sambyggð garðlög 015_01 og 015_02, tóft 015_03 byggð upp við garðlag 015_01, tóft 015_04 byggð upp við garðlag 015_02 og Ekrustekkur 015_05. Svæðið hefur líklega náð lengra til suðurs en verið rofið af seinni tíma vegaframkvæmdum. Úttektarsvæði vegna fyrirhugaðrar raflagnar RARIK liggur yfir syðri hluta garðlaga 015_01 og 015_02. Miðlína úttektarsvæðis liggur yfir suðausturenda garðlags 015_01 en suðausturendi garðlags 015_02 er tæpa 4 m norðan við miðlínuna, Tóftir 001_03-001_05 eru allar utan úttektarsvæðs, 001_03 er um 5 m norðan þess, 001_04 er um 21 m norðan svæðis og 001_05 er um 8 m utan svæðis.




*Minjar við Ekrur 015.*

Minjarnar eru í gras- og lyngmóa í aflíðandi halla til suðurs undir brattri hlíð og klettabjörgum. Mikið er af stórgrýti ofan við Ekrur og hefur grjóthrun í nokkrum tilvikum náð inn á minjasvæðið.



*Garðlag 015_01, horft til VNV.*

Garðlag 015_01 afmarkar um 110 x 36 m stórt svæði sem snýr austur-vestur, vestantil á minjasvæðinu. Garðlagið hefur mögulega upphaflega myndað lokað gerði en suðurhlið þess hefur þá verið rofin af seinni tíma vegaframkvæmdum. Það er 3,5-4 m á breidd og um 40-50 cm á hæð, gróið grasi og lyngi. Ekki sést í hleðslugrjót en á nokkrum stöðum er grjót ofan á og við garðinn sem oltið hefur ofan úr hlíðinni.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Skoravík MJ, 3

**DA-115:015_02** garðlag akur 355784 515956



*Garðlag 015_02, horft til norðvesturs.*

Garðlag 015_02 afmarkar austari hluta svæðisins og gengur vesturhlið garðlagsins til norðurs út frá norðausturhlið garðlags 015_1. Það er um 81,5 m x 47 m að stærð og snýr-austur vestur. Garðlagið hefur mögulega upphaflega myndað rétthyrnt gerði en líkt og í tilviki garðlags 015_01 hefur vegur þá rofið suðurhlið þess. Garðlagið er nokkuð útflattara og meira gengið í þúfur en garðlag 015_01, víðast 4,5-6,5 m á breidd og 30-40 cm á hæð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-115:015_03** tóft óþekkt 355686 515935

Tóft 015_03 er hlaðin upp við norðvesturhluta garðlags 015_1 að innanverðu. Tóftin er um 9 x 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er grjóthlaðin en mjög mosavaxin. Breidd veggja er um 1,5 m en hleðslur eru nokkuð sokknar í jörð og aðeins um 20-30 cm háar. Enginn inngangur sjáanlegur. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklegast er um útihús eða stekk að ræða.






*Tóft 015_03, horft til norðvesturs á ljósmynd.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-115:015_04** tóft óþekkt 355767 515952

Tóft 015_4 er hlaðin upp við norðvesturhorn garðlags 015_2 að innanverðu. Tóftin er tvískipt, um 8 x 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Breidd veggja er um 1,5 m og hæð mest um 40 cm milli hólfa en annars um 20-30 cm. Ytri mörk vestari hluta suðurhliðar eru þó heldur óljós og renna nánast saman við Ekrustekk 15_05 sem er þar fast sunnan við. Stekkurinn er þó






*Tóft 015_04, horft til austurs á ljósmynd.*

almennt unglegri að sjá en tóftin. Vestara hólfið er um 2 x 2 m að innanmáli og er inngangur mögulega á suðurhlið upp við millivegg. Enginn inngangur er greinanlegur í austara hólfið sem er um 2 x 2,5 m að innanmáli. Tóftin er gróin grasi og mosa og sést hvergi í grjót en innan í austara hólfinu er stórt grjót sem hrunið hefur úr hlíðinni. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklegast er um útihús eða stekk að ræða.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-115:015_05** *Ekrustekkur* tóft stekkur 355765 515944

Ekrustekkur 015_5 er fast sunnan við tóft 015_04 og er greinilegastur af minjum á svæðinu. Stekkurinn er hlaðinn innan garðlags 015_02 þar sem það gengur út frá garðlagi 015_1. Vesturhlið stekksins er hlaðin ofan á vesturhlið garðlags 015_02 en norðausturhlið garðlags 01 hefur verið nýtt fyrir suðurhlið stekksins. Stekkurinn er um 12 x 11,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er hlaðinn úr torfi og grjóti, grasi gróinn en grjót sést á stöku stað. Breidd veggja er víðast 1,2-1,5 m og hæð mest 0,8-1 m. Stekkurinn er tvískiptur og er nyrðra hólfið minna, um 3,5 x 2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er inn í hólfið á miðri austurhlið. Syðra hólfið er um 8,5 x 4,5 m að innamáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er inn í hólfið við suðurhorn, upp við garðlag 01.




*Ekrustekkur 015_05, horft til austurs á ljósmynd.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Skoravík MJ, 3

**DA-115:030** varða óþekkt 355083 515923



*Varða 030, horft til ASA.*

Varða er um 1,3 km vestur af bæ 001 og um 3 m suður af vegi sem liggur að bænum. Varðan er tæpa 5 m suðvestan við úttektarsvæði vegna fyrirhugaðrar raflagnar RARIK 2022.

Vegurinn að bænum liggur fast norðan við vörðuna. Varðan er hlaðin ofan á berggang og eru háir klettar norðvestan við hana.

Varðan er um 1 m á hæð og 1,5 x 2 m að grunnfleti. Um 8-9 umför af grjóti sjást í vörðunni en hún er þó tiltölulega illa hlaðin. Grjótið í vörðunni er nokkuð gróðri vaxin og er aðeins farið að vaxa yfir grjótbotninn. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-115:031** varða óþekkt 355477 515847



*Varða 031, horft til ANA.*

Varða er um 840 m vestur af bæ 001 og um 18 m suður af vegi sem liggur að bænum. Varðan er utan við útektarsvæði vegna fyrirhugaðs jarðstrengs RARIK, um 20 m suður af miðlínu.

Varðan stendur á klöpp og eru háir klettar norðan megin við hana.

Varðan er 1 m á lengd og 1 m á breidd. Hún er 40 cm á hæð og eru 3-4 umför af grjóti greinanleg. Varðan er grjóthlaðin og hlaðin á náttúrulegu bergi. Hún er gróin grasi og mosa.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-115:032** garðlag vörslugarður 355977 515933



*Garðlag 032 horft til vesturs.*

Um 240 m vestur af bæ 001, milli heimatúns og Ekru 015 er fornlegt garðlag norðan við veginn að Skoravík. Miðlína úttektarsvæðis vegna fyrirhugaðrar raflagnar RARIK liggur yfir suðvesturenda garðsins.

Garðlagið liggur um gras- og lyngmóa í aflíðandi halla til suðurs.

Garðlagið liggur í stefnu norðaustur-suðvestur og er um 50 m á lengd, 3,5-5 m á breidd og 30-50 cm á hæð. Garðlagið er útflatt og mjög gengið í þúfur. Það er lynggrónara en umhverfið á stöku stað sést glytta í grjót. Norðausturendi garðsins er heldur óskýr. Mikið stórþýfi er þar í áframhaldi af garðlagðinu en ekki markar skýrt fyrir garði. Líklegt er að hér sé um vörslugarð af einhverju tagi að ræða.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-115:033** tóft útihús 356066 515921

Tóft er um 250 m vestur af bæ 001, skammt utan heimatúns, um 2 m neðan (sunnan) við veg að bænum. Tóftin er innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs RARIK, um 4 m sunnan við miðlínu.

Tófin er í graslendi í aflíðandi halla til suðurs.






*Tóft 033, horft til suðvesturs á ljósmynd.*

Tóftin er einföld, um 5 x 4 m að stærð og snýr u.þ.b. austur-vestur. Hún er grasi gróin, hlaðin úr torfi og grjóti og hefur verið með bárujárnsþaki en þakið hefur hrunið ofan í tóftina. Inngangur er á tóftinni á suðurhlið en sést illa fyrir þakleifunum. Breidd veggja er um 1,1-1,5 m og hæð um 50 cm syðst en um 1,2 m nyrst. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en að öllum líkindum er um útihús að ræða.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## DA-117 Hafursstaðir

**1686:** 18 hdr., 80 ál., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1695:** 16 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1703:** 16 hdr., bændaeign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, 101.

**1731:** 16 hdr., bændaeign, skv. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 73.

**1847:** 16 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 167.

**20.4.1430:** „Gjafabréf Lopts Guttormssonar til sona sinna og Kristínar Oddsdóttur, Orms, Skúla og Sumarliða, þar sem hann gefr hverjum þeirra þrjú hundruð hundraða í löndum, og lausafe skipar fyrir um ómagavist á höfuðbólum sínum [...] Sumarlida gief eg þessar jarder [...] a Finnmork. Hollt [DA-113]. hol [DA-114]. kaulldukinn [DA-116]. hafstadi. Reiknast þessar jarder Þridia hundrad .ca - og þar til .Lxc - j fridum penningum.“ DI IV, 404-406.

**24.10.1563:** „Kaupmálabréf Sigurðar Jónssonar og Guðnýjar Jónsdóttur [...] Halbiorgu mine Biarnadottr systur hennar [...]. Skal hun eignazt j fyr skrifad hundrada hundrada jordina [...] hafstadi xvj að dýrleika [...].“ DI XIV, 170, 178.

Jörðin fór í eyði árið 1960, skv. ÁFÍ 2011, 86.

**1917:** Ræktað tún 3,3 ha (0,9 ha þýft) og 0,5 ha undir hús og fl. Öll torfan er samtals 3,8 ha




*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Hafursstaða DA-117 frá árinu 1917, skráðar minjar og línuleiðir.*

og garðar 280 m2.

**1703:** „Túnið er mestpart þýft, grýtt og snögt. Engjar á dreif mýrlendar, en summar þurrar gagnlitlar. Hagar so nær í besta máta […]. Grastekja er þar lítil. Túnið liggur undir stórri skemd af fönnnum, sem þar liggja á frameftir sumri, so kaldavatn jetur úr rótina. Engjar hefur áin sumar afbrotið, sumar fordjarfað með grjóti og sandi. Hagar blása upp og falla í skriður. Vatnsból þrýtur oft, og er þá lángt að sækja," segir í JÁM VI, 101-102.

**1731:** „Koster. Hagbeit ä Sumur Sæmeleg, og I medallage under bu […]. Torfrista og Stunga næg. Ökoster. Tun er þar sönnu stort, samt miked þyft grytt, Hart og Snögt," segir í Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 75.

**DA-117:001_01** *Hafursstaðir* bæjarhóll búsetaður 359338 519710

Á túnakorti frá 1917 er bærinn merktur með fjósi „o.fl.", sem og stökum kálgarði 001_02 sunnan við bæinn.



*Bæjarhóll 001_01 horft til norðurs.*

Í fasteignamati 1918 segir: „1. Baðstofa, 5,7 x 3,2 m, portbygð, úr torfi, alþiljuð uppi, þiljað herbergi undir lofti, þilgafl. 2. Búr 5 x 2,5 m, úr torfi, með þilgafli. 3. Eldhús 3,8 x 2,5 m [einnig úr torfi, með þilgafli]. 4. Fjós yfir 4 nautgripi„ Gamli bærinn hefur líklega snúið stöfnum til suðurs.

„Hafurstaðir er innsta býli í Fellstandarhreppi," segir í örnefnaskrá.

Á bæjarhólnum stendur hús byggt 1946 samkvæmt fasteignaskrá. Úttektarsvæði vegna jarðstrengslagningar RARIK 2022 liggur upp á bæjarhólinn og fer miðlína svæðisins yfir þann stað þar sem kálgarðurinn var.

Umhverfis bæjarhólinn er þýft tún í órækt, í aflíðandi halla til suðausturs.

Bæjarhóllinn er um 36 x 29 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er 1,8-2 m á hæð sunnan til en um 30 cm norðan til. Hóllinn er grasi gróinn og hefur trjám verið plantað norðvestan og norðaustan við hann. Á hólnum stendur bárujárnsklætt íbúðarhús á einni hæð og er steyptur pallur umhverfis húsið. Hlaðið er undir pallinn með grjóti sunnan til.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Hafurstaðir FÞ, 1; Fasteignamat 1916-1918 - undirmat; Dalasýsla, 268

**DA-117:001_02** heimild um kálgarð 359337 519698

Kálgarðurinn var syðst á bæjarhólnum og sunnan undir honum. Ekki sjást merki um kálgarðinn og hefur verið sléttað úr honum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-117:004_01** garðlag túngarður 359232 519645

Á túnakorti frá 1917 er túngarður sem umlykur allt heimatún bæjar 001. Í suðvesturhorni túnsins eru gerði 004_02 og tóft 004_03 sambyggð túngarðinum og upp við hann á suðurhlið, utan túns, eru tvö gerði 004_04 og 004_05. Minjarnar ná yfir svæði sem er um 255 x 230 og snýr austur-vestur. Úttektarsvæði vegna raflínu RARIK 2022 liggur yfir túngarðinn á tveimur stöðum, á suðurhlið og við suðausturhorn garðsins. Gerði 004_ 04 og 004_05 eru 9-10 m sunnan við miðlínu úttektarsvæðisins en minjar 004_02 og 004_03 eru utan svæðis. Tóft 004_03 er þó innan við 15 m utan svæðisins og er því höfð með í eftirfarandi umfjöllun.



*Túngarður 004_01 og gerði 004_02, horft til NNV.*

Syðri helmingur túnsins er þýfður og eru deigir blettir í suðvesturhluta. Í norðurhelmingi gamla túnsins eru tveir ræktaðir túnbleðlar. Skurðir hafa verið grafnir í suðurhluta gamla túnsins og skera þeir túngarðinn á tveimur stöðum.



*Túngarður 004_01 austan við bæ, horft til suðurs.*

Túngarðurinn er um það bil fimmhyrndur að lögun, 255 m á lengd og 218 m á breidd og snýr austur-vestur. Víðast er garðurinn 1-1,5 m á breidd. Við athugun 2022 voru suður- og austurhliðar garðsins skoðaðar. Túngarðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti en gerð hans er nokkuð mis-munandi eftir hliðum. Á vesturhlið virðist garðurinn að mestu úr grjóti og á vestari hluta suðurhliðar sést vel í grjót. Eftir því sem austar dregur verður garðurinn

grónari og er hann mögulega að mestu torfhlaðinn á austurhlið. Á vestari hluta suðurhliðar er garðurinn víðast 40-50 cm hár að innan en allt að 70 cm að utan. Um miðbik suðurhliðar er op á garðinum þar sem leið 005 liggur úr túninu. Þar austan við hefur skurður sem liggur ANA-VSV einnig skorið garðinn og uppkasti úr skurðinum hrúgað ofan á hann. Garðurinn er alls rofinn á 31 m löngum kafla á þessu svæði og er einnig rofinn á um 3 m kafla austar á suðurhlið, þar sem annar skurður sem liggur norður-suður fer gegnum garðinn. Eftir því sem austar dregur hækkar túngarðurinn og er hann allt að 1,2 m hár á austurhlið. Þar er garðurinn einnig rofinn á tveimur stöðum. Annars vegar er mjótt rof sunnarlega á austurhliðinni þar sem kindagata liggur gegnum garðinn en norðar hefur þriðji skurðurinn verið grafinn gegnum garðinn og sést hann þar ekki á um 15 m kafla.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**DA-117:004_03** tóft útihús 359221 519649

Tóft 004_03 er í túni um 130 m suðvestur af bæ 001 og er hlaðin upp við suðurhlið túngarðs 004_01. Hún er um 3x3 m stærð, og er op líklega á vesturhlið. Breidd veggja er um 1 m og hæð 30-40 cm. Tóftin er grasi gróin en grjót sést á stöku stað.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda






*Tóft 004_03, horft til austurs á ljósmynd.*

**DA-117:004_04** gerði rétt 359292 519627

Fast austan við veg 005 þar sem hann liggur úr túninu um 95 m suðvestur af bæ 001 er grjóthlaðið gerði 004_04. Gerðið er óljóst og er ekki útilokað að grjóti hafi verið hrúgað þarna upp, t.d. þegar hreinsað hefur verið úr túni, en þó virðist hleðslulag á minjunum.






*Gerði 004_04, horft til austurs á ljósmynd.*

Gerðið hefur verið hlaðið upp við túngarð 004_01 að utanverðu en hann er á þessum stað hulinn uppkasti úr skurði. Gerðið er um 13,5 x 9 m að stærð og snýr NNV-SSA. VSV-hlið nær upp að uppkastinu úr skurðinum en ANA-hlið nær aðeins um 4 m frá SSA-horni. Mögulega hefur þar verið op á gerðinu en einnig er mögulegt að því hafi verið raskað. Breidd veggja er víðast 1,5-2 m. Hæð veggja er 30-40 cm og er grjót í hleðslum mosagróið og mikið til hulið grasi.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-117:004_05** gerði rétt 359307 519631

Um 80 m SSV af bæ og 8 m ASA af gerði 004_04 er annað grjóthlaðið gerði 004_05. Gerðið er hlaðið up við túngarðinn að utanverðu og er rétt þar sem hann birtist aftur undan uppkasti úr skurði. Gerðið er um 8,5 x 7,5 m að stærð og snýr u.þ.b. norður-suður. Op er á miðri






*Gerði 004_05, horft til norðausturs á ljósmynd.*

vesturhlið. Breidd veggja er 1-1,8 m og hæð 40-60 cm. GerðiIð er mun skýrara en gerði 04 og sjást um 3-4 umför af mosa og skófum vöxnu grjóti í hleðslunni.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-117:005** vegur traðir 359313 519697



*Vegur 005 að bæ, horft til NNA.*

Á túnakorti frá 1917 eru traðir teiknaðar sem liggja frá bæ 001 í vesturátt að túnsenda. Óvíst er hvar þær enda. „Traðir voru kallaðar, þar sem farið var heim túnið," segir í örnefnaskrá. Úttektarsvæði vegna fyrirhugaðrar línulagningar RARIK 2022 liggur yfir veginn að bænum.

Vegurinn liggur gegnum óræktað þýft tún og um móa og mela sunnan túnsins, í aflíðandi halla til suðausturs.

Vegurinn liggur frá bæjarhól 001 til suðvesturs og sést þar sem þýfður gróinn stallur, um 6 m breiður. Eftir um 55 m beygir vegurinn til suðurs og breytist smám saman í um 3 m breiðan bílslóða sem liggur að Klofningsvegi. Alls er leiðin um 300 m löng.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Hafursstaðir AJ, 5

**DA-117:037** tóft brunnur 359317 519674



*Brunnur í brunnhústóft 037, horft til NNA.*

„Traðir [005] voru kallaðar […]. Niður af þeim var Brunnhúsmýrin," segir í örnefnaskrá AJ. Í örnefnalýsingu FÞ segir:„ Neðst í túninu er mýri. Þar er brunnhús."

„Á Hafursstöðum var yfirbyggður brunnur skammt fyrir neðan bæ og fjárhús," segir í svörum um efni óháð spurningaskrám í Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands.

„Vatnsból þrýtur oft, og er þá lángt að






*Brunnhústóft 037, horft til NNA á ljósmynd.*

sækja,“ segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703. Brunnhúsið er um 40 m suðvestur af bæ 001 og rúma 4 m suðaustur af miðlínu úttektarsvæðis vegna línulagningar RARIK 2022.

Tóftin er í þýfðu túni, í órækt. Stórgrýti er í túninu á stöku stað, einkum vestan og suðvestan við tóftina. Víða er deigt og seitlar vatn frá brunnhúsinu til suðausturs.

Brunnhústóftin er einföld, um 4 x 4 m að stærð, með op til suðurs. Tóftin er úr torfi og grjóti, grasi gróin en grjót sést að hluta að innan og eru 3-4 umför af grjóti greinanleg. Hæð veggja er um 40-50 cm og breidd 1-1,5 m.  Í norðausturhorni tóftarinnar er grjóthlaðinn brunnur, um 1 x 0,5 m að stærð norðvestur-suðaustur. Fúin spýta stendur í brunninum. Um 30 cm eru niður á vatnsyfirborð og er vatnið um 20 cm djúpt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Hafursstaðir AJ, 5; Ö-Hafursstaðir FÞ, 1; ÞÞ 0, 6192; JÁM VI, 102

**DA-117:048** varða óþekkt 359111 519347

Um 430 m suðvestur af bæ 001 og um 45 m norðvestur af Klofningsvegi er vörðubrot. Miðlína úttektarsvæðis vegna jarðstrengslagningar RARIK 2022 er um 6 m VNV af vörðubrotinu.

Vörðubrotið stendur efst á hálfgrónu melholti og eru lyngmóar umhverfis, í halla til suðausturs.

Varðan er ferhyrnd að grunnfleti, um 1,2 x 1 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er að mestu hrunin, og er grjót á dreif í kringum vörðuna. Hún er um 30 cm há og má mest telja 3 umför af grjóti. Grjótið í vörðunni er mjög skófum vaxið auk þess sem hún er töluvert gróin grasi.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Varða 048, horft til austurs.*

**DA-117:049_01** varða óþekkt 359181 519559

Tvö vörðubrot eru um 215 m suðvestur af bæ 001 og um 195 m norðvestur af Klofningsvegi. Um 5 m eru á milli varðanna. Syðra vörðubrot 049_01 er um 4 m ASA af miðlínu úttektarsvæðis vegna jarðlínulagningar RARIK 2022 en nyrðra vörðubrotið 049_02 er um 2 m ASA af miðlínunni.

Vörðubrotin standa á hálfgrónu melholti og eru lyngmóar umhverfis, í halla til suðausturs. Mikið er af stórgrýti á holtinu.

Syðra brotið er ofan á stórum steini, um 50 cm háum. Varðan er ferhyrnd að grunnfleti, um 1 x 1 m að stærð. Varðan er að mestu hrunin, um 30 m á hæð og mest teljanleg tvö umför af grjóti. Grjótið í vörðunni er mjög skófum vaxið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Vörður 049_01 (t.h.) og 049_02 (t.v.), horft til ANA.*

**DA-117:049_02** varða óþekkt 359181 519564



*Vörður 049_02 (framar) og 049_01 (aftar), horft til SSA.*

Nyrðra vörðubrotið er á mörkum þess að teljast varða. Stóru grjóti, allt að 40 cm í þvermál hefur verið hrúgað ofan á og til hliðar við stóran stein. Grjóthrúgan er um 1,2 m í þvermál og 60-70 cm á hæð. Grjótið er mjög skófum vaxið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-117:050** garðlag óþekkt 359205 519606

Garðlag er um 165 m suðvestur af bæ 001, um 15 m austur af túnjaðri. Um 21 m af garðinum er innan úttektarsvæðis vegna jarðstrengslagningar RARIK 2022 og liggur miðlínan yfir suðurenda hans.

Garðlagið liggur um deiga mýri, gróna grasi og lyngi, í aflíðandi halla til suðausturs. Um 3 m SSA við garðlagið er skurður sem liggur norðaustur-suðvestur.

Garðlagið er 45 m á lengd og liggur NNV-SSA en rof er í garðlaginu litlu NNV við miðju á um 4,5 m löngum kafla. Garðlagið er víðast 0,7-1 m á breidd og um 30 cm á hæð. Það er grasi gróið, nokkuð gengið í þúfur. Læna er meðfram garðlaginu að vestanverðu, um 15 cm breið, og hefur hún mögulega orðið til þegar efni var tekið í garðinn.



*Garðlag 050, horft til norðvesturs.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-117:051** garðlag óþekkt 359347 519670

Stórþýfður hryggur, mögulega gamalt garðlag, er í túni um 38 m suður af bæ 001. Miðlína úttektarsvæðis vegna jarðstrengslagningar RARIK 2022 liggur næst 9 m sunnan við garðlagið.

Garðlagið er í þýfðu túni, í órækt. Brunnhústóft 037 er um 3 m vestur af enda garðlagsins. Stórgrýti er í túninu á stöku stað, einkum vestan og suðvestan við tóftina. Víða er deigt og seitlar vatn frá brunnhúsinu til suðausturs. Raflínustaur stendur sunnan við garðlagið nærri austurenda þess.



*Garðlag 051, horft til NNA.*

Garðlagið er um 39,5 m á lengd og liggur austur-vestur. Það er 2-3 m á breidd og um 50 cm á hæð. Garðlagið er grasi vaxið, en stórgrýti er við það á einstaka stað. Hlutverk garðlagsins er óþekkt, en mögulegt er að um sé að ræða gamlan túngarð, eldri en garð 004.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## DA-118 Breiðabólstaður

**1686:** 23 hdr., 80 ál., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1695:** 24 hdr., bændaeign, skv.The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1703:** 24 hdr., bænda eign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, 102.

**1731:** 24 hdr., bændaeign, skv. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 74.

**1847:** 24 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 167.

**22.8.1506:** „Dómr sex manna útnefndr af Sturlu Þórðasyni kongs umboðsmanni millum Gilsfjarðar og Gljúfrár um ákærur þeirra hvors til annars Arnors Finssonar og Bjarna Haldórssonar út af haldi á mála Ingigerðar Þorsteinsdóttur, konu Sigmundar heitins Haldórssonar, og um aðtekt á jörðunni Breiðabólstað á Fellströnd.“ DI VIII, 103-106.

**29.5.1522:** Jörðin liggur í Hvammskirkjusókn, skv. DI IX, 93; 1531 (DI IX, 587).

**1552 og síðar:** „Skrá um jarðir Teits lögmanns Þorleifssonar [...]. Hier j mot Gaff Biskup Augmudur Teijti sem þeirra kaupbreff jnniheldur [...]. Breidabolstad xxiiij að dýrleika.“ DI IX, 92-93.

**26.7.1525:** „Ögmund biskup selr Teiti bónda Þorleifssyni Hvamm í Hvammsveit [DA-106] og aðrar fleiri jarðir fyrir norðan og vestan land fyrir Bjarnanes í Hornafirði með Bjarnanesseignum, ásamt fleirum jörðum í Austr-Skaptafellssýslu [...] breidabolstad fyrir .iiij. að dýrleika [...].“ DI IX, 272-273.

**3.7.1531:** „Testamentisbréf Teits Þorleifssonar [...]. Kirkiunne j skalhollte gef ec jordina breidabolstad iiij að dýrleika og xx sem liggur j fells kirkiu sokn med ollum gaugnuvm og gædum sem henni hefur fylt at fornu og nýu og þar med ui kugillde.“ DI IV, 585, 587.

**24.10.1563:** „Kaupmálabréf Sigurðar Jónssonar og Guðnýjar Jónsdóttur [...] Halbiorgu mine Biarnadottr systur hennar [...]. Skal hun eignazt j fyr skrifad hundrada hundrada jordina [...] Breidabolstad [...].“ DI XIV, 170, 178.

**19.10.1688:** „Magnús Ólafsson selur prestium sr. Einari Torfasyni 3 hndr. í Breiðabólstað á Fellströnd og í Staðarfellskirkjusókn. Her á móti lofar sr Einar Magnúsi 3 hndr. fyrir hvert hundrað, alls 9 hndr. sr. Einar greiðir nú strax 23 ríxdali í 5 hndr. og 15 aura, en í 3 hndr. og 5 aura, sem á vantar, skal Magnús og erfingjar hans uppbera árlega leigur og landskuld af helmingi Breiðabólstaðar, þeim sem. sr Einar áður átti, þangað til Magnús hefur fengið 9 hndr. í sitt andvirði,“ segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 84.

**22.3.1689:** „Árni Jónsson, Ari Magnússon og Steinu Bjarnadóttir selja Einari Torfasyni 9 hndr. í Breiðabólstað á Fellströnd og í Staðarfellskirkjusókn, sín 3 hndr. hvert þeirra. Hér á mót lofaðar sr. Einar þeim 27 hndr. í gagnlegu lausfé, kviku og dauðu, 3 hndr. fyrir hvert þeirra

uppberi 9 hndr. Hér að auki selja þau Einari þrjú ásauðarkúgildi, sem nú eru í leiguburði á jörðinni, en fyrir þau greiðir Einar 3 hndr., og á að hafa greitt alla upphæðina, 30 hndr. á öðru ári 1690, á þess árs haust-krossmessu,“ segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 84.

Hjáleigur: Húsmannabær (118:013), skv, Túnakorti 1917, sem og ónefnt býli (118:059), skv. Mannlíf og mórar í Dölum, 62.

**1917:** Ræktað tún 7,4 ha (4,6 ha þýft) og 2,0 ha undir hús og fl. Öll torfan er samtals 9,4 ha og garðar 380 m2.

**1703:** „Túnið er meira part þýft, sendið, víðlent og sumstaðar snögt. Engjar víðlendar, á dreif mýrlendar; hafa verið í betra lagi. Hagar góðir […]. Grasatekja er ómaks verð. Túnið spillist af sandfoki á vetur; stundum hleypur gil yfir túnið og spillir því með grjóti og sandi. Engjar spillast nokkuð lítið af gili. Hagar blása upp smámsaman,“ segir í JÁM VI, 102.

**1731:** „Töduvöllur mikell, þo þyfdur sie, samt grashiefemm. Eingiar miklar og vydslægar. Gott under bu, og beit ä smurenn […]. Torfrista og stunga nægelg. Ökoster. Fyrer 4 ärumm er skrida hlaupenn ä tuned úr læk þeim sem Rann yfer þad til skorra skiemda. Sem eche hefur ordum umm bætt,“ segir í Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 74.



*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Breiðabólstaðar DA-118 frá árinu 1917, skráðar minjar og línuleiðir.*

**DA-118:001** *Breiðabólstaður* bæjarhóll bústaður 357510 518773

Á túnakorti frá 1917 er bærinn merktur inn með tveimur skemmum, einni hlöðu, fjósi svo og stökum kálgarði.

„Breiðabólstaður er næst innsti (austasti) bær í Fellsstrandarhreppi í Dalasýslu. Bærinn stendur í dalverpi, sem liggur í austur og vestur eða.u.þ.b. Að sunnan takmarkast dalverpið af Köldukinnar- og Skorravíkurbrún," segir í örnefnaskrá. Gamli bærinn sem merktur er á túnakorti frá 1917 stóð um 110 m norðan núverandi þjóðvegs, um 40 m VNV við núverandi íbúðarhús og um 15 m austan við bæjarlækinn. Fyrirhugaður jarðstrengur RARIK liggur í krók yfir heimatúnið og sker mjög líklega gamla bæjarstæðið við bæjarlækinn að vestan, að norðan, og austan þar sem hann liggur til suðurs heim að núverandi íbúðarhúsi.

Núverandi íbúðarhús stendur á gamla bæjarstæðinu austanverðu en hóllinn sjálfur hefur mikið verið sléttaður vegna vegagerðar og annara húsbygginga.

Ekkert sést til greinilegra ummerkja um bæjarhólinn eða fornleifa á yfirborði á svæðinu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Breiðabólstaður, 1

**DA-118:004** tóft fjárhús 357629 518837

Á túnakorti frá 1917 er útihús teiknað um 130 m norðaustan við bæ 001. Á þessu svæði er tvískipt fjárhústóft úr grjóti og torfi um 100 m norðaustan við núverandi íbúðarhús. Tóftin er um 35 m norðan og 5 m ofan við núverandi útihús á Breiðabólstað. Fyrirhugaður jarðstrengur RARIK hefur verið teiknaður beint í gegnum suðvesturhorn tóftarinnar.






*Fjárhústóft 004, horft til norðausturs á ljósmynd.*

Á þessu svæði er sléttur grasbali og er girðing fast vestan við tóftina úr norðvesturhorni útihúsanna.

Tóftin er sigin, tvískipt og um 14 m á lengd og um 12 m á breidd. Tóftin liggur NA-SV og gengið hefur verið inn að suðaustanverðu um timburþil. Hólfin tvö eru svipuð að stærð eða 9,5x3 m að innanmáli og liggja NV-SA. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir, 1,5-3 m á breidd og hæð þeirra er 0,5-1 m. Veggir eru signir en 2-3 umför eru sjáanleg. Grjóthlaðnar garðaundirstöður eru fyrir miðju í báðum hólfum, um 1 m á breidd og 0,5 m á hæð, og hafa þeir skipt hólfunum í fjórar krær. Annar garðinn hefur verið steyptur að ofan. Samkvæmt Sigrúnu Halldórsdóttur heimildamanni var hluti húsanna notaður lengi sem reykkofi en fjárhúsin voru notuð síðast eitthvað fyrir 1967.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**DA-118:005** tóft rétt 357666 518839

Á túnakorti frá 1917 er útihús teiknað rúmum 160 m norðaustan við bæ 001. Á þessu svæði eru leifar af grjóthlaðinni rétt, um 125 m ANA við núverandi íbúðarhús og um 20 m austan við fjárhústóft 004. Fyrirhugaður jarðstrengur RARIK liggur austur-vestur um 5 m sunnan við suðurenda tóftarinnar og er hún því hálf inni á áhrifasvæði hans.

Réttin er í grýttu graslendi í vesturjaðri grjóthjalla ofan og um 30 m norðan við núverandi útihús Breiðabólstaðar.

Réttin er grjóthlaðin, um 26 m á lengd, um 13 m á breidd og liggur NNA-SSV. Gengið var






*Rétt 005, horft til ASA á ljósmynd.*

inn að SSV. Veggir eru signir en hlaðnir úr stóru grjóti og virðist bara vera eitt stórt hólf. Innanmál þess er um 18x8 m. Veggir eru um 1,5-5 m á breidd, breiðastir í efri norðurenda. Greina má 2-3 umför hér og þar. Réttin var ekki notuð í minni Sigrúnar Halldórsdóttur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**DA-118:008** heimild um útihús 357572 518865

Á túnakorti frá 1917 er tóft teiknuð um 120 m ANA við bæ 001. Á þessum stað er sumarbústaður úr timbri um 95 m norðan við núverandi íbúðarhús og um 105 m NA við gamla bæjarstæðið 001. Fyrirhugaður jarðstrengur RARIK liggur um heimatúnið fram hjá þessum sumarbústað um 10 m sunnar.

Bústaðurinn stendur á grasigrónum upphækkuðum stalli í norðurenda garðlags 082.

Ekkert sést til fornleifa á yfirborði enda hefur bústaður líklega verið reistur beint ofan á tóftinni.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**DA-118:054** *Steingróa* tóft fjárskýli 358156 518937

„Fyrir innan Gestabing er varða rétt fyrir ofan veginn. Hún heitir Steingróa. Skömmu ofar eru tveir melhólar. Á milli þeirra rennur lækjarsytra, sem þó oft er þurr. Þeir heita Steingróuhólar, Ytri- og Innri-. Nokkru austar er varða að nafni Einbúi [055],“ segir í örnefnaskrá.

Steingróa var fjárskýli samkvæmt ábúanda og er tóftin um 665 m ANA af bæ 001 og um 35 m NNV af Klofningsvegi. Tóftin er um 2 m utan (NNV) við úttektarsvæði vegna




*Steingróa 054, horft til ASA á ljósmynd.*

jarðstrengslangningar RARIK 2022.

Tóftin stendur á lágum hálfgrónum hól ofan við Klofningsveg, girðing liggur VNV-ASA um 5 m SSA af tóftinni.

Tóftin er hringlaga, um 4 m í þvermál með op til suðvesturs. Hún er grjóthlaðin og sjást 3-5 umför af grjóti. Breidd veggja er 1-1,5 m, hæð 30-40 cm og er tóftin breiðust og hæst á móti innganginum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Breiðabólstaður, 12

**DA-118:082** garðlag túngarður 357594 518836

Stór og mikið garðlag 082 er í miðju heimatúni um 100 m NA við gamla bæjarstæðið 001 og um 65 m NNA við núverandi íbúðarhús. Þessi garður er ekki sýndur á túnakorti en telst mikilvægur heimamönnum. Fyrirhugaður jarðstrengur á að liggja þvert í gegnum garðlagið og er meirihluti þess innan áhrifasvæðis.



*Garðlag 082, horft til suðausturs.*

Á þessu svæði er grasigróið óslétttað tún.

Garðlagið er stórt og mikið, um 60 m á lengd, um 2-5 m á breidd og liggur í mjúkum boga NNV-SSA. Garðlagið er um 0,5 til 1,5 m á hæð og líklega grjót og torfhlaðið. Í gegnum mitt garðlagið er 0,5 m breitt skarð vegna skurðgraftar. Þetta er líklega túngarður.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-118:083** garðlag túngarður 357698 518815

Óljóst garðlag er rétt NA við núverandi útihús á Breiðabólstað, um 20 m suðaustan við rétt 005 og um 180 m ANA við gamla bæjarstæðið 001. Fyrirhugaður jarðstrengur RARIK á að liggja um 8 m ofan og norðan, samsíða þessum túngarðsleifum, svo allt garðlagið lendir inná áhrifasvæði strengsins.

Á þessu svæði er illa gróin suðurhlíð malarhjallans ofan við bæ.



*Garðlag 083, horft til ANA.*

Garðlagið er sigið, 20-36 m langt, um 2-3 m breitt og liggur VSV-ANA. Hleðslur eru mjög óljósar en líklega hefur þetta verið túngarður hlaðinn úr torfi og grjóti líkt og túngarður 082. Ekki er ólíklegt að garðlögin hafi eitt sinn tengst nær bæ. Í austurenda garðlagsins er mjög óljóst hversu langt það hefur náð en hugsanlega hefur grjóti verið hlaðið upp meðfram náttúrulegri suðurbrún bæjarhjallans en það er þá mikið til hrunið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-118:084** tóft smalakofi 357776 518834

Grjóthlaðið smalabyrgi er um 230 m ANA við núverandi íbúðarhús, um 280 m ANA við gamla bæjarstæðið 001 og um 67 m norðan við veg. Fyrirhugaður jarðstrengur RARIK á að liggja austur-vestur aðeins 3 m sunnan við byrgið.






*Smalakofi 084, horft til ANA á ljósmynd.*

Smalabyrgið stendur í brún malarhjallans austan bæjar, rétt neðan við girðingu.

Byrgið er grjóthlaðið, um 4 x 3 m að flatarmáli og liggur NV-SA. Gengið var inn að suðvestan. Innanmál þess er um 2x1,5 m. Veggir þess eru um 1 m á breidd og 0,2-0,5 m háir. Telja má

2-3 umför. Byrgið er skeifulaga og mjög líkt Steingróu 054, öðru grjóthlöðnu byrgi fyrir innan Gestabing.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Sigrún Birna Halldórsdóttir 2004, bls. 19-20

**DA-118:085** varða óþekkt 357845 518837

Hrunin grjóthlaðin varða er í brún malarhjalla um 340 m ANA við gamla bæjarstæði 001, um 65 m austan við byrgi 084 og 45 m norðan við veg. Fyrirhugaður jarðstrengur RARIK á að liggja austur-vestur aðeins 3 m sunnan við vörðuna.



*Varða 085, horft til norðausturs.*

Á þessu svæði er hjallinn nokkuð flatlendur en illa gróinn grasi og lyngi.

Varðan hefur verið hlaðin á steini og verið um 0,5 x 0,5 m í flatarmál og um 0,5-1 m á hæð en hún er nú hrunin. Hlutverk er óþekkt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## DA-119 Þúfa (Valþúfa)

**1686:** 13 hdr., 80 ál., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1695:** 16 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1703:** 16 hdr., bændaeign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, 102-103.

**1731:** 16 hdr., bændaeign, skv. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 73.

**1847:** 16 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 167.

Jörðin er einnig nefnd Valþúfa, e.g. ÞÞ A, 9536.

**12.6.1695:** „Að forlagi biskupsins, meistara Björns Þorleifssonar, selur Þorsteinn Þórðason bróður sínum (þ.e. svila), Guðmundi Þorleifssyni 5 hndr. og 40 álnir í Þúfu á Fellsströnd og í Staðarfellskirkjusókn. Hér á mót meðkennir Þorsteinn, að hann hafi uppborið, fyrir hönd biskupsins, 42 ríxdali og fjögur dönsk mörk að auki, en samkomulag var um að reikna 8 ríxdali fyrir hvert jarðarhundrað. Einnig skikkar Þorsteinn Guðmundi til eignar eitt og hálft ásauðarkúgildi sem innistandandi eru með þessum jarðarparti, og kemur sú innistæða upp í þau þrjú leigukúgildi, sem Guðríður Magnússdóttir að Flatey lét í té við sáluga Eggert Björnsson með Tungu í Bitru (Strand.) fyrir mörgum árum, en Guðmundur Þorleifssonar er nú heimtari þeirrar skuldar fyrir hönd Guðríðar," segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 88.

**22.9.1696:** „Jón Árnason selur Guðmundi Þorlefssyni 6 hndr. og 80 álnir í Þúfu. Hér í mót lofar Guðmundur að gjalda 16 hndr. í lausu féi. Upp í þá peningasummu greiðir Guðmundur nú strax 40 ríxdali in specie og þá til aura virði, sem þeim vel semdi," segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 89.

Jarðaítök: Heimajörðin hafði hagagöngu í Hellulandi, skv. Ö-Hella, 6.

**1917:** Ræktað tún 5,3 ha (2,6 ha þýft) og 1,6 ha undir hús og fl. Öll torfan er samtals 6,9 ha og garðar 400 m2.

**1703:** „Túnið er sumpart þýft, sumpart sljett, hart, sendið og í meðallagið grasgefið. Engjar á dreif, mýrlendar, nokkuð snöggvar. Hagar sæmilegir en þrönglendir [...]. Skógur til kolagjörðar varla nýtur, en til eldiviðar sæmilegur; þó mjög kalinn og kominn að falli. Túnið spilliast af sandfoki lítlfjörlega. Hagar blása smámsaman," segir í JÁM VI, 103.

**1731:** „Koster.Toduvöllur j meallage Stór og grasgiefenn. Eingiar vydlengar og votar. Gott under bú og hagbeit göd ä Sumurenn Skogur Nytannlegur til elldevidar enn til Kolagiördar valla.Trofrista og stunga änægeleg. Okoster Landed er vyda Skridurunned og af þeim eirnenn Skiemdar til Stors Skada eingiarnar. Tuned er þyft, og meinlega grytt og af storskridu og sande mille fiarhusa og bæar fordiarfad," segir í Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 74.




*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Valþúfu DA-119 frá árinu 1917, skráðar minjar og línuleiðir.*

**DA-119:005** heimild um útihús 355933 518244

Á túnakorti frá 1917 er tóft teiknuð tæpum 60 m sunnan við bæ 001. Miðlína úttektarsvæðis vegna fyrirhugaðs jarðstrengs RARIK liggur yfir staðsetningu tóftarinnar.

Þar sem tóftin var er nú beitartún, víða hlaupið í þúfur en annars mjög grænu grasi gróið.

Ekki sést til fornleifar vegna sléttunar og ábúðar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**DA-119:008** garðlag túngarður 356005 518339

Á túnakorti frá 1917 er túngarður teiknaður umhverfis tún bæjar 001. „Allt var túnið girt að nafninu til með veggjum og gaddavírssnúru ofan á," segir í örnefnaskrá. Túngarðurinn sést á nokkrum stöðum umhverfis heimatúnið og var hann athugaður á tveimur stöðum þar sem úttektarsvæði vegna fyrirhugaðs jarðstrengs RARIK liggur yfir garðinn. Annars vegar er lítill hluti túngarðsins að öllum líkindum í bakgarði núverandi íbúðarhúss, um 16 m norður af núverandi íbúðarhúsi og um 140 m ASA af bæ 001. Þar er túngarðurinn tæpa 7 m norðvestan við enda fyrirhugaðs jarðstrengs. Einnig sést garðurinn rétt suðvesta við núverandi

bæjarstæði jarðarinnar.

Norðan við íbúðarhúsið er grasi gróinn garður með trjáplöntum umhverfis. Suðvesturhluti garsðins liggur rétt á mörkum ræktað túns og óræktað svæðis.

Garðbúturinn sem sést norðan við núverandi íbúðarhús er um 7 m á lengd, 1 m á breidd og 40 cm á hæð. Hann er allur grasivaxinn og sinuvafin. Staðsetning garðsins er nokkru sunnar en garður er teiknaður á túnakort 1917. Garðbúturinn sem er rétt suðvestan við núverandi bæjarhús er grjóthlaðinn og siginn; 0,4 m á hæð og aðeins neðsta umfarið sést. Garðurinn er greinilegur á um 68 m löngum kafla og liggur nálega austur-vestur.



*Túngarður 008, horft til austurs.*

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Valþúfa JJ, 12

**DA-119:055** tóft lambhús 356002 518238

Tóft er um 140 m suðaustur af bæ 001. Útihús er ekki merkt á þessum stað á túnakorti 1917 en um lambhústóft er að ræða samkvæmt ábúanda. Vinnuskúr er um 10 m norðvestan við tóftina. Tóftin er um 5 m utan við úttektarsvæði vegna lagningar jarðstrengs 2022.

Tóftin er í grasi vöxnum garði umkringdum húsum og trjárækt. Þó nokkuð rask hefur átt sé stað umhverfis tóftina en einnig virðist garðurinn vera nýttur sem geymsla fyrir ýmis tæki og tól. Fast sunnan við tóftina er niðurgröftur, líklega fyrir byggingu. Fast vestan og norðan við





*Lambhústóft 055, horft til vesturs á ljósmynd.*

tóftina eru tré.

Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti, um 9,5 x 5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er tvískipt og er syðra hólfið talsvert skýrara en það nyrðra. Nyrðra hólfið er ofan á lágum hjalla en syðra hólfið virðist grafinn inn í hjallann. Syðra hólfið er um 3 x 2 m að innanmáli með inngang í suðvestur. Norðurhlið sem líklega er náttúruleg er um 1,4 m á hæð en hleðsluhæð er annars 0,4-1 m. Breidd veggja er víðast um 1 m. Fimm umför af grjóti sjást í veggjum. Innanmál nyrðra hólfið er heldur óskýrt en er líklega um 1,5 x 1,5 m með inngang til austurs. Hleðsluhæð í norðurhluta er mest 40 cm.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-119:056** þúst óþekkt 356135 518204



*Þúst 056, horft til suðurs.*

Þúst er um 280 m suðaustur af bæ 001. Hún er á milli girðingar og núverandi vegar upp að bænum, um 3 m austan við veginn. Miðlína úttektarsvæðis vegna fyrirhugaðs jarðstrengs RARIK er um 0,5 m norðaustan við þústina.

Svæðið er sinuvaXið og mosagróið. Mikið er af stórgrýti er í umhverfinu.

Þústin stendur hærra en nánasta umhverfi. Hvorki innanmál né inngangur er greinanlegt á yfirborði en lag bendir eindregið til þess að mannvist sé undir sverði. Þústin er víða hlaupin í smáþúfur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## DA-120 Hella

**1686:** 10 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1695:** 16 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1703:** 16 hdr., bændaeign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, 103.

**1731:** 16 hdr., bændaeign, skv. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 76.

**1847:** 16 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 167.

**3.3.1383:** „Örnolfr bóndi Jónsson selr með samþykki Herdísar konu sinnar Guttormi syni sínum hálfa jörðina Staðarfell [DA-122] á Meðalfellsströnd með öllum gögnum og gæðum [...] ok hann vard fremzt eigandi ath til allra halfra vmmerkia þeirra sem adrer eigo á mót honum medr halfri seluæidi firir hello [...].“ DI III, 364.

**23.4.1385:** „Örnolfr bóndi Jónsson kvittar Guttorm son sinn fyrir andvirði hálfs Staðarfells er hann hafði selt bonu 1383 og fyrir hálfa selveiði fyrir Hellu.“ DI III, 384-385.

**14.6.1449:** „Halldóra Helgadóttir selr Þórði Helgasyni bróður sínum þann part í jörðinni Staðarfelli á Meðalfellströnd sem hún átti, en Þórðr gefr í mót jörðina Hellu í Staðarfellsþingum, að frá skildri selveiði, og kvittar Haldóra hann fyrir andvirðinu.“ DI IV, 765.

**24.10.1563:** „Kaupmálabréf Sigurðar Jónssonar og Guðnýjar Jónsdóttur [...] Halbiorgu mine Biarnadottr systur hennar [...]. Skal hun eignazt j fyr skrifad hundrada hundrada jordina [...] Hellu xvj að dýrleika [...].“ DI XIV, 170, 178.

**24.9.1647:** „Jón Finnson selur bróðursyni sínum, Jóni Torfasyni, 8 hndr,. Í Helllu á Fellströnd og í Staðarfellskirkjusókn. Í sama máta selur Jón Finnson Jóni Torfasyni tvö málntjukúgild, sem voru í áðurnefndri hálflendu, Hellu. Á móti þessu skyldi Jón Torfson gjalda 58 ríkisdali í næstu fardögum,“ segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 79.

Jarðaítök: Valþúfa hafði hagagöngu í heimajörð, skv. Ö-Hella, 6. Staðarfell á hálfa selveiði í heimajörð, skv. DI III, 364; sbr. einnig Landamerkjabréf No. 54. Þegar komið var á seinni hluta 18. aldar hafði Staðarfell tryggst sér alla selveiði á jörðunni, skv. Landamerkjabréfi No. 11.

**1917:** Ræktað tún 2,2 ha (1,0 ha þýft) og 0,1 ha undir hús og fl. Öll torfan er samtals 2,3 ha og garðar 110 m2.

**1703:** „Túnið er mikinnpart þýft, grýtt og snögt. Engar mýrlendar, á dreif, litlar. Hagar sæmilegir [...].Skógur er þar, sæmilegur til kola og eldiviðar. Túnið spillist stundum nokkuð lítið af sandfoki. Hagar blása upp smámsaman. Vatnsból þrýtur stundum, og er þá erfitt til vatns,“ segir í JÁM VI, 103-104.

**1731:** „Koster, Skogur nægelegur til Kolagiördar og elldevidar. Torfrista og stunga sæmeleg.

Ökoster. Jordenn er landlitel og það snogt og hrióstugt. Tuned er slæmt grytt og graslyted. Hagbeit ä vetrardag j Lakara lage. Flædehltt Sumar og vetur. Kvikfenad grandar og tijdumm forædesdy og jardpitter I landenu," segir í Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 77.




*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Hellu DA-120 frá árinu 1917, skráðar minjar og línuleiðir.*

**DA-120:033** garðlag óþekkt 354116 516857

Garðlag er um 790 m suður frá bæ 001 og um 20 m suður af vegi sem liggur að Skorravík DA-115. Garðlagið er að mestu utan við útektarsvæði vegna fyrirhugaðs jarðstrengs RARIKS en um 7 m þess ná inn á svæðið og er norðvesturendi garðlagsins um 11 m suðvestur af miðlínu.

Vírgirðing er fast norðan við garðlagið. Umhverfis er runnamýri, en þurrara til norðurs.



*Garðlag 033, horft til vesturs.*

Garðlagið er L-laga og alls um 45 m lengd og liggur lengri hluti þess norðaustur-suðvestur. Það er víðast um1-2 m á breidd, breiðara til nor'vesturs. Garðlagið er hæst til norðausturs, eða um 30 cm á hæð en lækkar til norðvesturs. Garðlagið er torfhlaðið og mjög gróið fjalldrapa og lyngi. Rof er í garðlaginu á nokkrum stöðum, aðallega til norðausturs. Hlutverk garðlagsins er óþekkt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-120:034** varða samgöngubót 354232 517682

Lítil varða er um 130 m ANA við bæ 001 og 135 m norðvestan við vörðu 037. Varðan er 14 m utan við úttektarsvæði jarðstrengs en helgunarsvæði hennar (15 m) nær innan þess. Af þeim sökum var hún tekin með í þessa fornleifaskrá.


*Varða 034, horft til vesturs.*

Varðan stendur á gróðursnauðum klapparhól, rétt austan við malarveg sem liggur til norðurs.

Varðan er 0,4 m á kant og aðeins 0,3 m á hæð. Hún er reist úr sex flötum grágrýtissteinum. Hlutverk hennar er óþekkt, en mögulega var hún hluti af gamalli leið (sjá einnig vörður 035-037).

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**DA-120:035** varða samgöngubót 354749 517584

Varða er um 730 m austur af bæ 001 og 375 m ASA af vörðu 036. Hún er 20 m norður af Klofningsvegi og um 4 m norður af miðlínu úttektarsvæðis vegna fyrirhugaðs jarðstrengs RARIK 2022 Líklegt er að varðan marki leið ásamt vörðum 034,036 og 037,



*Varða 035, horft til suðurs.*

Varðan er á uppblásnum mel milli klapparhóls og vegar. Þó nokkuð er að mosa og lyngi í umhverfinu en að öðru leyti er melurinn ber.

Varðan er hrunin og eftir standa aðeins um eitt til tvö umför af grjóti, um 40 cm á hæð. Grjótið úr og í vörðunni er meðalstórt en hefur mest allt hrunið til austurs frá vörðunni.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-120:036** varða samgöngubót 354375 517621

Varða er um 280 m austur af bæ 001 og 17 m suðaustan við vörðu 037. Hún er um 21 m norðan við miðlínu úttektarsvæðis vegna fyrirhugaðs jarðstrengs RARIK 2022 Líklegt er að varðan marki leið ásamt vörðum 034, 035 og 037,



*Varða 036, horft til norðurs.*

Varðan er á mosa- og og lyngivaxinni móbergsklöpp.

Varðan er um 50 cm á hæð og í henni sjást um 4 umför af meðalstóru grjóti. Nokkuð hefur hrunið úr vörðunni og er grjót á dreif í kring.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**DA-120:037** varða samgöngubót 354356 517630

Varða er um 260 m austur af bæ 001 og 17 m norðvestan við vörðu 036. Hún er um 21 m norðan við miðlínu úttektarsvæðis vegna fyrirhugaðs jarðstrengs RARIK 2022. Líklegt er að varðan marki leið ásamt vörðum 034, 035 og 036,



*Varða 037 með vörðu 036 í bakgrunni, horft til SSA.*

Varðan er á mosa- og og lyngivaxinni móbergsklöpp.

Varðan er ágætlega hlaðin og er um 1 m á hæð. Í henni sjást um 5-6 umför af litlu og meðalstóru grjóti.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**DA-120:038** þúst útihús 354075 517565

Þúst, mögulegur rústahóll, er um 85 m suður af bæ 001 og um 15 m suður af garðlagi 039. Þústin er 50 m norðvestan við núverandi íbúðarhús. Miðlína úttektarsvæðis vegna fyrirhugaðs jarðstrengs RARIK 2022 liggur meðfram suðurjaðri þústarinnar.



*Þúst 038, horft til suðurs.*

Þústin er innan gamla heimatúns Hellu, á svæði sem nú er beitarstykki fyrir hross. Hálfgrónir klettar eru norðan og vestan við túnið.

Þústin er um 1,6 m á hæð, 19,5 x 12 m að stærð og snýr austur-vestur. Þústin er með sléttan grasi gróinn topp en grjót sést í hliðum. Hjólför eða kindagötur liggja þvert yfir þústina, frá austri til vesturs. Ekki er hægt að útiloka að hér sé aðeins um náttúrulegan stall að ræða sem hefur verið sléttaður að hluta að ofan en ekki tekinn alveg niður, en einnig er mögulegt að útihús hafi staðið á þessum stað.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-120:039** garðlag óþekkt 354061 517582

Hryggur, mögulega gamalt garðlag, er í túni um 75 m SSV af bæ 001 og 80 m norðvestan við núverandi íbúðarhús. Hann er um 6 m utan við úttektarsvæðIð en helgunarsvæði hryggsins (15 m) nær inn á úttektarsvæðið og er hann því hafður með í þessari skráningu.

Garðlagið er innan gamla heimatúns Hellu, á svæði sem nú er beitarstykki fyrir hross. Hálfgrónir klettar eru norðan og vestan við túnið.

Garðlagið hefur að mestu verið sléttað en er um 20 m á lengd og 5 m á breidd. Það er grasi gróið og rís ekki hærra en 40 cm. Mögulega er hér um túngarð að ræða, eldri en þann sem merktur er á túnakort 1917 (sjá 041).



*Garðlag 039, horft til austurs.*

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**DA-120:040** þúst óþekkt 354056 517533

Þúst er um 120 m SSV af bæ 001 og 70 m vestan við núverandi íbúðarhús. Miðlína úttektarsvæðis vegna fyrirhugaðs jarðstrengs RARIK 2022 er um 12 m norðvestur af þústinni.

Þústin er innan gamla heimatúns Hellu, á svæði sem nú er beitarstykki fyrir hross. Hálfgrónir klettar eru norðan og vestan við túnið.

Þústin er um 1 m á hæð, 10 x 7 m að stærð og snýr austur vestur. Grjót sést í hliðum hennar suðaustan og suðvestan til og hefur stórgrýti verið staflað á suðaustur horni þústarinnar. Viðarstaur hefur verið stungið ofan í þústina miðja og kindagötur eða hjólför eru þvert yfir hana úr suðri til norðurs. Mögulega er hér um leifar útihúss að ræða en ekki er hægt að útiloka að um náttúrulegan hól sé að ræða.



*Þúst 040, horft til norðvesturs.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-120:041** heimild um túngarð 354027 517547

Túngarður er merktur umhverfis tún á túnakorti frá 1917. Úttektarsvæði vegna fyrirhugaðrar raflagnar RARIK 2022 liggur yfir túnið og fer miðlína þess yfir svæði þar sem túngarðurinn var á tveimur stöðum, annars vegar um 135 m suðvestur af bæ 001 og 100 m vestur af núverandi íbúðarhúsi en hins vegar um 105 m suðaustur af bæ 001 og 45 m norðaustur af núverandi íbúðarhúsi.

Girðing afmarkar nú gamla heimatún Hellu, en hluti þess er nýttur sem beitarstykki fyrir hross.. Vestan túns eru hálfgrónir klettar.

Ekki sjást merki um túngarðinn á yfirborði innan úttektarsvæðisins. Gróthrúga er við girðinguna um 120 m suðvestur af bæ 001 en líklega er þar þó frekar um hreinsun úr túni að ræða.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-120:042** varða samgöngubót 355387 517747

Nær hrunin varða er um 1,3 km austan við bæ 001 og 40 m norðan við Klofningsveg 590. Varðan er 11 m utan við úttektarsvæðið 2022 en helgunarsvæði hennar (15 m) nær innan þess. Af þeim sökum var hún tekin með í þessa fornleifaskrá.



*Varða 042, horft til suðurs.*

Varðan er ofarlega á gróðursnauðum klettahól. Nokkuð grýtt svæði er umhverfis hólinn en gróður þéttist mikið því norðar sem dregið er.

Varðan er a.m.k. 0,5 m á kant en hefur hugsanlega verið stærri áður fyrr. Hún er 0,2 m á hæð og hlaðin úr allt að fimm steinum. Nokkuð mikið grjót er í kringum vörðuna sem hefur eflaust hrunið úr henni. Líklega er þetta gömul varða við leið (sjá einnig vörður 035-037).

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**DA-120:043_01** tóft stekkur 355521 517891

Stekkur 043_01 og garðlag 043_02 eru um 1,4 km austan við bæ 001 og 120 m norðan við Klofningsveg 590. Þessar fornleifar eru á svæði sem er 80 x 60 m að stærð og snýr ANA-VSV. Aðeins vestasti hluti svæðisins er innan úttektarsvæðis. Þetta er líklega stekkur þótt ekki sé útilokað að staðurinn hafi eitt sinn verið nýttur sem sel.

Fornleifarnar eru á óræktuðu svæði, rétt austan við veg 593. Þær eru í miðri gróinni hlíð sem hallar smávægilega til suðurs og er smáþýft á þessum slóðum. Til NNV og norðausturs eru hálfgrónir klapparhólar og til suðurs má sjá uppþornaðan læk sem legið hefur þvert í gegnum minjasvæðið, niður hlíðina og sennilega náð niður að Skoravíkurá en það sést ekki skýrt lengur vegna framræslunar og túnagerðar fast upp við ánna.




*Minjasvæði 043.*

Tóft 043_01 er á miðju svæðinu. Tóftin er reist á grónum hól sem er sennilega að hluta til uppsafnaðar mannvistarleifar. Hún er tvískipt og er 11 x 11 m að stærð. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir og eru hæstir til suðurs og norðurs, 0,6 m en þær eru ívíð lægri til vesturs og austurs, 0,3 m. Ekki sér í umför vegna gróðurs. Hólf A er austast í tóftinni. Það er 5 x 3,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á hólfinu til suðausturs, Hólf B er norðvestast í tóftinni. Það er 5 x 2 m að innamáli og snýr nálega norður-suður. Op er á






*Stekkur 043_01, horft til austurs á ljósmynd.*

tóftinni norðarlega á vesturhlið þess. Mögulega er hólfinu skipt í tvennt en í miðju þess er þúst sem gæti verið skilveggur þótt ekki sé loku fyrir það skotið að þústin sé gróið hrun.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**DA-120:043_02** garðlag túngarður 355492 517903

Túngarður 043_02 er umhverfis tóft 043_01. Garðurinn afmarkar svæði sem er 80 x 60 m að stærð og snýr ANA-VSV. Garðurinn er torf- og grjóthlaðinn og eru hleðslur signar, 0,6 m á hæð og allt að 4 m á breidd (til norðurs). Túngarðurinn er horfinn til suðausturs og austurs. Mögulega hefur aldrei verið hlaðinn garður til austurs heldur hafi uppþornaður lækur verið nýttur sem náttúruleg afmörkun. Gróður innan túnsins er þéttari en en gróður utan hans. Vesturhluti garðsins er um 9 m austan við miðlínu áhrifasvæðis 2022.



*Garðlag 043_02, horft til austurs.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## DA-121 Skógar

**1686:** 20 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1695:** 12 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1703:** 12 hdr., bændaeign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, 104.

**1731:** 12 hdr., bændaeign, skv. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 72.

**1847:** 12 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 167.

**3.3.1383:** „Örnolfr bóndi Jónsson selr með samþykki Herdísar konu sinnar Guttormi syni sínum hálfa jörðina Staðarfell [DA-122] á Meðalfellsströnd með öllum gögnum og gæðum […] ath stadarfell ætti alla selwæidi firer skogvm […].“ DI III, 364; sbr. einnig DI III, 384.

**10.10.1479:** „ […] Jörðin Skógar […] liggr j stadarfellz kirkiu sokn.“ DI VI, 228.

**25.6.1481:** „Kaupmálabréf Ásgríms Sigmundssonar og Steinvarar Þórarinsdóttur […] hier j mote reiknade þorarinn bonde aronson dottur sinne steinuaru þriatige hundrada med þeim fridleika fýst jördin skogar er liggur j stadarfellz kirkiu sok fyrir xiii jundrut og þar til fimm malnytu kugillde. ij gelldiar kugillde. kugilldis hest. vij hundrut j silfri og iij hundrut j þarfligum peningum ofridum.“ DI VI, 227-229.

Jörðin fór í eyði árið i 1991 og er eign Skógræktar ríkisins, skv. ÁFÍ 2011, 89.

Jarðaítök: Í kaupmálabréfi frá fyrri hluta 14. aldar segir að Staðarfell eigi alla selveiði í heimajörð, sbr. DI III, 364, 384. Þegar komið var á seinni hluta 18. aldar hafði Staðarfell tryggt sér alla selveiði á jörðunni, skv. Landamerkjabréfi No. 11

**1917:** Ræktað tún 3,7 ha (0,5 ha þýft) og 0,3 ha undir hús og fl. Öll torfan er samtals 4,0 ha og garðar 1176 m2.

**1703:** „Túnið er þýft, grýtt og snögt. Engjar á dreif víðlendar og snöggvar. Hagar í meðallagi […]. Skógur hefur þar verið, og er en nú sæmilegur til kola og eldiviðar; öngvum ljeður, nema ef er nágranna fyrir lítinn betalínt til jarðareignanda Ketils og Jóns. Túnið spillist af aur og sandi úr bæjarlæknum. Engjar spillast af grjóti og sandi úr Helluá. Hagar spillast sumstaðar af skriðum og blása upp. Vatnsból slæmt, þrýtur, og er þá erfitt til vatns,“ segir í JÁM VI, 104.

**1731:** „Koster. Tun er þar gott […] og gott under bú ä Sumuerenn. Skogur mikeel og gödur. Torfrista og stunga Næg,“ segir í Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 73.

**DA-121:070** tóft kálgarður 353254 517058

Kálgarður er um 1 km suðvestur af bæ 001 og um 12 m norðvestur af núverandi íbúðarhúsi Skóga, Miðlína úttektarsvæðis vegna fyrirhugaðs jarðstrengs RARIK 2022 er um 5 m suðvestan við garðinn.







*Tóft 070, horft til NNV á ljósmynd.*

Mikill grasvöxtur er umhverfis garðinn en hann er fast norðan við sléttað tún. Kálgarðurinn er hlaðinn sunnan undir hjalla og er búið að planta trjám ofan við garðinn.

Garðurinn er um 10 x 5,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann tvískiptur og er norðvestara hólfið um 3,5 x 3 m að innanmáli. Það er grafið inn í hjallann að þremur hliðum en er opið til suðvesturs. Suðaustara hólfið er um 4,5 x 1,5 m að innanmáli og nýtir hjallann fyrir norðvestur og norðausturhliðar en suðvestur og suðausturhliðar eru torfhlaðnar. Hæð veggja er um 1 m og breidd 1 m. Samkvæmt heimildarmanni var rabbarbari ræktaður á þessum stað en þar er nú allt vaxið grasi og elftingu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-121:071** garðlag óþekkt 353646 517169

Garðlag er um 610 m suðvestur af bæ 001 og um 380 m austur af núverandi íbúðarhúsi. Úttektarsvæði vegna lagningar jarðstrengs 2022 liggur yfir suðurenda garðlagsins og endi garðsins um 10 m norðan við miðlínu úttektarsvæðisins. Mögulegt er að garðlagið hafi þó náð lengra til suðurs en það sást ekki skýrt á vettvangi.



*Garðlag 071, horft til norðurs.*

Garðlagið liggur um þýft runnamýrlendi austan við núverandi bæjarstæði.

Garðlagið er fornlegt, víða mjög útflatt og rofið. Það er allt sinuvafið, lyng- og mosagróið. Garðlagið er alls um 177 m á lengd, 2,5-3 m á breidd og allt frá 0.3 m til 1 m á hæð. Sitthvoru megin við garðlagið,

austan og vestan, er mjög blautt/djúpt í mýrlendið, líklega pæla sem myndast hefur þegar efni var tekið í garðinn.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

## DA-122 Staðarfell

**1686:** 40 hdr., 5/6 bændaeign, 1/6 kirkjueign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1695:** 60 hdr., 5/6 bændaeign, 1/6 kirkjueign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 182.

**1703:** 60 hdr., Kirkjustaður og annexía frá Hvammi, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, 104.

**1731:** 60 hdr., Kirkjustaður, skv. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 77.

**1847:** 60 hdr., beneficium, skv. Jarðatali Johnsen, 167. Í neðanmáls grein segir að eyðihjáleigan Silfraskógar sé höfð til beitar skv. jb. 1805.

Jörðin er einnig nefnd Undir Felli, e.g. Sturl. I, 13.

Jörðin er nefnd í Landnámu, ásamt eyðibýlunum Ljótólfstöðum, Vífilstóftum og Þórunnartóftum, sbr. ÍF I, 147-149.

Í Brennu-Njáls sögu segir: „Maðr er nefndr Þorvaldr; hann var Ósvífursson. Hann bjó út á Meðalfellsstrqnd, undir Felli, hann var vel auðigt at fé. Hann átti eyjar þær, er heita Bjarneyjar." ÍF XII, 30.

Jarðarinnar er getið í Geirmundar þáttr Heljarskinns. Sturl. I, 10. c. 1117. Í Þorgils saga ok Hafliða segir: „Þórðr Gilson bjó undir Felli inu innra." Sturl. I, 13.

**Um 1148:** Í Sturlu sögu segir: „Undir Felli á Syðri-Strönd bjó Þórðr Gilsson." Sturl. I, 64; sbr. einnig Sturl. I, 66, 67, 88.

**Um 1227:** Í Íslendinga sögu segir: „En Torfi prestr bað fyrir þeim við Sturlu ok flutti þat, at þar eftir myndi fara hollusta Guðmundar [prests] undir Felli, mágs Þorgils." Sturl. I, 313; sbr. einnig Sturl. I, 378, 384, 387, 446, 447, 449, 471. c. 1245. Í Þórðar sögu Kakala segir: „Þar var ok Ketill Þorláksson ok Guðmundr undan Felli ok margir bændr at boði Þórðar." Sturl. II, 70. c. 1253. Í Þorgils sögu Skarða segir: „Hrafn Oddson var í ferð Sturlu ok Snorri prestr undan Felli." Sturl. II, 160, 213-214. c. 1263. Í Sturlu þætti segir: „Sturla var á vestr á Staðarfelli." Sturl. II, 229.

**3.3.1383:** „Örnolfr bóndi Jónsson selr með samþykki Herdísar konu sinnar Guttormi syni sínum hálfa jörðina Staðarfell á Meðalfellsströnd með öllum gögnum og gæðum." DI. III, 364-365

**23.4.1385:** „Örnolfr bóndi Jónsson kvittar Guttorm son sinn fyrir andvirði hálfs Staðarfells er hann hafði selt bonu 1383 og fyrir hálfa selveiði fyrir Hellu [DA-120]." DI III, 384-385.

**14.6.1449:** „Halldóra Helgadóttir selr Þórði Helgasyni bróður sínum þann part í jörðinni Staðarfelli á Meðalfellströnd sem hún átti, en Þórðr gefr í mót jörðina Hellu í Staðarfellsþingum, að frá skildri selveiði, og kvittar Haldóra hann fyrir andvirðinu." DI IV, 765.

**11.10.1502:** „Guðlaug Finnbogadóttir selr Sturlu Þórðarsyni bónda sínum jarðirnar Ingvildarstaði, Reyki og Daðastaði á Reykjaströnd við Skagafjörð fyrir hálft Staðarfell á Meðalfellsströnd með fleirum atriðum, er bréfið greinir.“ DV VII, 617-618.

**31.10.1503:** „Úrskurðarbréf Finnboga lögmanns Jónssonar um landamerki milli Staðarfells og Arastaða (Harastaða) [DA-123] á Fellströnd.“ DI VII, 651-653.

**26.8.1534:** „Ögmundr biskup kvittar Guðlaugu húsfreyju Finnboadóttur undir Staðarfelli um porcio kirknanna á Staðarfelli og Sauðafelli um fjögur ár og um önnur gjöld, sem henni bar að svara fyrir kirkjur sínar.“ DI IX, 706-707.

**4.8.1535:** „Kaupmálabréf Orms Sturlusonar og Þorbjargar Þorleifdóttur [...]. Ormur Stulluason hafde til kaups vid adur greinda Þorbiorgu Þorleifsdottur iij. að hundraða fasteign til skilin og greind jördin Stadarfell og 80 malnitukugillde og 80c i ollum þarflegum peningum kvikum og daudum [...].“ DI IX, 739-740.

**16.4.1543:** „Ormr Sturluson selr Ara Jónssyni jörðina Hleinargarð í Eyjafirði fyrir lausafé, en Þorbjög Þorleifsdótti kona Orms átti jörðina, og fær hann henni Staðarfell á Fellströnd, en lofar Ara forkaupsrétti á öllum þeim jörðum, er hann vilji selja.“ DI XI, 208-209.

**6.11.1680:** „Með samþykki konu sinnar, Helgu Þorláksdóttur, og föður hennar selu Jón Vigfússonar eldri sýslumaður Birni Jónssyni Staðarfell í sjálfrar sinnar kirkjusókn, 60 hndr. að dýrleika, með öllum þeim gögnum og gæðum, skógum, rekum og ítökum til lands og vatns, sem bæði bóndaeigninni og kirkjunnar hefur fylgt og ber að fylgja að fornu og nýju. Hér í mót greiðir Björn jörðina Geldingalæk í Gunnarsholtskirkjusókn (Rang.), 40 hndr. að dýrleika, ásamt Kaldaðarnesi í Mýrdal og Reyniskirkjusókn (V-Skaft.), 12 hdr. að dýrleika, og í Keldudal í sömu sveit og Sólheimakirkjusókn, 12 hndr. að dýrleika. Björn lofar samþykki konu sinnar, Margréti Nikulásdóttur,“ segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 82.

**3.7.1703:** „Eftirfarandi bréf er undirritað af Margréti Nikulásdóttur og virðist með hendi Á.M. „Kónglegrar majestic commissariis gef ég undirskrifuð til vitundar, að mér og mínum börnum tilheyrir jörðinni Staðarfell á Meðafellströnd, hver að tilfallin er eftir minnn sæla ektamann, Björn Jónsson. Bóndaeign í þeirri jörðu er 60 hndr. Hér fyrr utan eru 10 hndr. í jörðinni á landi, sem kirkjunni tilheyra, fyrir utan eyjar, sem greindri kirkju tileinkaðar eru. Kirkjukvígildi eru með þessari jörðu 12. Um önnur kvígildi eður landskuld er hér ei að skrifa, því vær búum sjálf á jörðunni og búið höfum, síðan hún kom i eign mína sál. ektamann. Þessu til staðfestu er mitt nafn hér undir skrifað að Hvammi í Hvammssveit [DA-106] þann 3. julii 1703,“ segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 82.

Eyðibýli 1703: Hialle (122:041), Hálsasel (122:027), Hólkot (122:035), Díngia (122:037), Staðarbacke (DA-122b), Liotastder (122:020), Vífilstoffter (122:030) og Borgurgierde (122:071), skv. JÁM VI, 104-105.

Eyðibýli 1731: Sartastade (122:031), skv. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 78.

Önnur eyðibýli: Túngarðshólar (122:036), Hríshlíð (122:034), skv. Árbók 1896, 22-23.

Hjáleigur: Staðarfellstún (122:010), skv. Túnakorti 1917, og ónefnt hús (122:078), skv. Mannlíf og mórar í Dölum, 59, annað ónefnt hús (122:068), Minningab. MF, 154, svo og bú í Flekkudal sem kemur fram í Sturlungu (122:080), sbr. Sturl. I, 64.

Kirkja var á jörðinni og er hennar fyrst getið í Kirknaskrá Páls, DI XII, 12. Að auki var skóli á jörðinni skv. Ö-Staðarfell, 4, og í honum var símstöð, skv. ÞÞ 109, 2007-2-83.

Jarðaítök: Á fyrri hluta 14. aldar átti jörðin alla Selveiði í þessum jörðum og að hluta í Arastaðalandi, skv. DI III, 364; sbr. einnig DI III, 384. Og hálfa selveiði í Hellu sbr. DI III, 364. Auð auki átti jörðin Tjaldaneshólma og Svartasker fyrir [5 hdr] vegna hálfkirkiunnar i Arnarbæle, skv. DI VII, 202. Á síðari hluta 18. aldar hafði heimajörð tryggt sér alla selveiði í Hellu og Skógalandi, skv. Landamerkjabréfi No. 11. Holt átti skógarítak í heimajörð skv. Ö-Rauðbarðaholt II, 17. Flekkudalur léður til upprekstrs fyrir Fellstrandahrepp, skv. SSD, 85. Jörðin átti eyjarnar Lambey, Steindórsey, Ölversker, Hjalleyjar, Harðsteinasker, Miðlandahólm, Sinuhólm, Þórishólm, og Deildarey árið 1451 (DI V, 88-89), 1492 (DI VII, 134-135 ), eftir 1493 (DI VII, 301-302), 1575 (DI XV, 595), 1703 (JÁM VI, 105).

**1917:** Ræktað tún 8,2 ha (3,4 ha þýft) og 3,3 ha undir hús og fl. Öll torfan er samtals 11,5 ha og garðar 580 m2.

**1703:** „Túnið er mikinnpart sljett, sumt þýft og grýtt; í betra lagi grasgefið. Engjar á dreif víðlendar, sumstaðar snöggvar, sumar lángt í burt. Hagar heimum heilnæmir en þrönglendir [...]. Túnið spillist nokkuð lítið af aur, sem lækur ber á, og af grjóthruni úr smáklettum fyrir ofan. Engjar gánga úr sjer nokuð, og áin fyrir ofan ber lítilsháttar leir á. Selveiði hefr verið rjett góð, og er ennú mikinnpart góð ef iðkuð er. Grasatekja er að nokkru gangi. Berjatekja nýtileg ef iðkað er. Skógur viðsæmandi til raftviðar, kola og eldiviðar. Eyjar á kirkjan fyrir sínu landi og annarra: Lambey, Steindórsey, Ölversker, Hjalleyjar, Harðsteinasker, Miðlandahólm, Sinuhólm, Þórishólm, Deildarey, og jörðin á fleiri sker og hólma. Í þessjum eyjum eru sumum slægjur, sumum eggver, dúntekja, fugltekja og beit; sumstaðar í meðallagi, sumstðar lakara," segir í JAM VI, 104-105.

**1731:** „Koster. Töduvöllur er þar mikell grasgiefenn og vydast greidfær. Eingiar ij betra lage og þær eirnenn grasgiefnar. Skögur mikell til Kolagiördar elldevidar og rafthöggs [...]. Eyar og Hölmar liggia þar fire framan a Hvammzfyrde sem arlega giefa af sier eggvarp Duntekiu, Selveide ä vorenn j netlogumm, fuglatekie, Slægiur miklar og Hagbeit goda fire Lomb ä Haust og vetra þegar vel ärar [...]. Vorgott framar enn ä odrumm jördumm. Torfrista og stunga änægeleg. Ökoster [...]. Engiavegur langur og Slæmur. Skogurenn so uppEiddur og Kaleen, ad ei erefter til gagns af honum meir enn 4. Partur. Agangjörd af annara manna

Peninge j fiarhöfumm, sem ei Verfur Vivardad vegna fiarlægdar og einz er þvi hætt uoa eingiar. Kvikfenade grandar oft ad Hann flæeder sumar og vetur, item hrapar ur biargenu og fiallzhlydenne ä vetrummm„ segir í Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 77-78.

**DA-122:071_01** *Borgargerði* heimild um bústað 351365 517475

„Í Staðarfellslandi hefur verið kot, sem nú er kallað Borgugierde. Þar eru girðíngar og tóftarbrot. Nú er það komið í grjót og liggur um almenníngsvegur [DA-661:026]. Kann ekki að byggjast," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703.

„Borgargerð sem Á.M. nefnir mun vera sama sem Borgugerði; það er austur með sjónum, við veginn, fyrir austan Staðarfell. Það er allstór girðing forn, engin rúst sjest í henni nema stekkjar nema stekkjartóft frá síðari öldum. En efsti hluti girðingarinnar er genginn úr lagi, og er ekki að fortaka að þar kunni tóftir að hafa verið áður, þo það sjáist nú ekki," segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags frá 1896.

„Skammt fyrir innan Staðarfell neðanvert við veginn hefur til forna verið afgirt svæði. Sést þar vel fyrir garðinum, sem er umhverfis það. Telja nokkrir, að enn sjáist fyrir akrinumm inni gerði þessu, sem er kallað Borgugerði," segir í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1947,




*Minjar í Borgargerði 071.*

„Staðarfell […]. B. Borgargerði, svo nefn (eða Borgugerði), allstór og forn girðing við eginnn fyrir austan Staðarfell. Þar með er dálítil rúst í girðingunni. Sbr. Árb. 1896: 21 […]. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 24.06.1931,“ segir í Friðlýsingaskrá.

Minjasvæðið er rúmlega 80 x 70 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Fyrirhuguð raflögn RARIK liggur yfir stekkjartóft 071_02 í Borgargerði en þær leifar sem sjást af garði 071_03 umhverfis svæðið eru um 18 m utan áhrifasvæðis raflagnarinnar. Þar sem helgunarsvæði friðlýstra minja er 100 m nær helgunarsvæði garðlagsins þó einnig inn á úttektarsvæðið.

Umhverfis minjasvæðið er rýr grasmói. Vegur að Staðarfelli liggur fast neðan (sunnan) við tóft 071_02.

Ekki sjást merki um aðrar tóftir á svæðinu en stekkjartóft 071_02. Hvar bæjarstæði Borgargerðis stóð er ekki vitað en ekki er ólíklegt að stekkjartóftin hafi verið reist ofan á eldri minjum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** JÁM VI, 106; Árbók 1896, 21; ÁFÍ 1947, 74; Friðlýsingaskrá, 31; Kortavefsjá MÍ

**DA-122:071_02** tóft stekkur 351365 517473

Stekktartóftin er tvískipt, um 13 x 9,5 m að stærð og snýr u.þ.b. norður-suður. Breidd veggja er víðast 2-3 m en tóftin er heldur útflött og er hæð veggja aðeins um 20 cm. Syðra hólf tóftarinnar er um 6 x 4 m að innanmáli og er inngangur í hólfið á suðurhlið. Nyrðra hólfið er um 3,5 x 2 m að innanmáli en ekki er greinanlegur inngangur í hólfið. Tóftin er gróin grasi og hvítmuru og sést hvergi í grjót.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda






*Tóft 071_02, horft til NNA á ljósmynd.*

**DA-122:071_03** garðlag túngarður 351439 517422

Garðlag 071_03 var ekki mælt upp á vettvangi sumarið 2022 en á minjavefsjá Minjastofunnar Íslands má sjá uppmælingu á Borgargerði frá 2007. Garðlagið er rúmum 90 m suðaustan tóftarinnar og liggur það ANA-VSV á rúmlega 30 m löngum kafla. Á loftmynd virðist einnig mögulega marka fyrir öðrum hluta garðlagsins í stefnu austur-vestur um 40 m norðan við tóft 071_02 en ummerkin eru ekki fyllilega skýr.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## DA-125 Túngarður

**1686:** 12 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 183.

**1695:** 16 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 183.

**1703:** 16 hdr., bændaeign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, 108.

**1731:** 16 hdr., bændaeign, skv. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 72.

**1847:** 16 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 168.

Jarðarinnar er getið í Landnáma og er Björn hvalmagi sagður búa þar. ÍF I, 147.

**28.5.1493:** „Skiptabréf eptir Þórð Helgason á Staðarfelli [DA-122] […] og til skipat jordina tungard fyrir sextan hundrud […].“ DI VII, 184.

**27.6.1575:** „[…] Túngarður á Fellsströnd er í Staðarfellskirkjusókn.“ BG, 99.

**12.10.1670:** „Með ráði þeirra hjóna, Þorláks Arasonar og Málfríðar Gísladóttur, og með samþykki konu sinnar, Helgu Þorláksdóttur, selur sýslumaðurinn Jón Vigfússonar eldri séra Páli Ketilssyni eftirfylgjandi jarðir: Ytrafelll [DA-124] 24 hndr., Túngarð, 15 hndr.,og Sveinaskóg (Svínaskóg?) [DA-127], 12 hndr […]. [þ]ar að auki hálfa Kýrunnarstaðir („Kirnarstaðir„ í hdr) [DA-109] í Hvammssveit og Hvammskirkjusókn, 12, hndr, og 20 hndr. í Broddanesi í Kollafirði og Fellskirkjusón (Strand.). Hér í mót gefur sr. Páll og lofar




*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Túngarðs DA-125 frá árinu 1917, skráðar minjar og línuleiðir.*

samþykki konur sinnar, jörðina Hellur, liggjandi á Landi og í Skarðskirkjusókn (Rang.), 40 hndr. að dýrleika, og Geldingalæk, einnig 40 hndr, í Gunnaholtskirkjusókn (Rang.)," segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 80.

Jörðin fór í eyði 1979, skv. ÁFÍ 2011, 90.

**1917:** Ræktað tún 4,3 ha (2,0 ha þýft) og 0,1 ha undir hús og fl. Öll torfan er samtals 4,4 ha. **1703:** „Túnið er sumpart sljett, sumpart þýft, sumstaðar grýtt og mjög snögt. Engjar á dreif, mýrlendar víða og grasslæmar. Hagar góðir [...]. Skógur er þar til eldiviðar. Túnið spillist mjög lítið af sandfoki. Hagar eru uppblásnir og komnir mesta part í skriður. Vatnsból er bæði erfitt og þrýtur. Fjenaðargeymsla erfið," segir í JÁM VI, 108.

**1731:** „Koster. Töduvöllur j betre lage. Eingiar sæmelegar. Hagbeit góð [...]. Skögur Litelfiörlegur. Torfrista og stunga Næg. Okoster. Landed er Vyda uppbläsed, og skridurunned," segir í Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 72.

**DA-125:001_01** *Túngarður* bæjarhóll bústaður 352668 519856

Á túnakorti frá 1917 er bærinn merktur með bæjarhúsi, einu fjósi (001_02), kofa (002_03) og kálgarði (001_04).



*Núverandi íbúðarhús jarðarinnar, horft til norðurs.*

Í fasteignamati 1918 segir: 1. Baðstofa 7,5 x 4,4 m, portbygð, með krossrisi, alþiljuð uppi og niðri, 3 herbergi undir lofti; nýbygð. 2. Bæjardyr og búr 7,5x1,9 m, nýbygt. 3. Fjós yfir 5 nautgripi úr torfi."

Þessar minjar ná yfir svæði sem er 40 x 40 m að stærð. Gamli bærinn var rétt norðan við núverandi íbúðarhús jarðarinnar (b. 1958). Enn er búið á jörðinni en engin hefðbundinn búskapur er lengur á henni. Engin merki um bæjarhól eða bæjarhús sjást lengur á þessum stað. Bærinn er um 2 m norðan við úttektarsvæði jarðstrengsframkvæmda en helgunarsvæðI hans (15 m) nær innan áhrifasvæðis og því var hann tekinn með í þessa fornleifaskrá.

Í bakgarði núverandi íbúðarhús jarðarinnar og er mitt á milli þess og geymsluhús. Umhverfis núverandi íbúðarhús er talsvert af háum trjám. Gamla heimatún jarðarinnar er komið í órækt og er á kafi í grasi.

Engin greinileg merki sjást lengur um bæjarhól á þessum stað en svæðið er mikið raskað vegna

byggingar núverandi íbúðarhúss og umsvifa í kringum það. Hugsanlega er einhver mannvist undir sverði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Fasteignamat 1916-1918 - undirmat Dalasýsla, 260

**DA-125:001_02** heimild um fjárhús 352654 519830

Fjárhús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 5 m sunnan við bæ 001_01. Engin merki þess sjást lengur á yfirborði og hefur það sennilega horfið vegna sléttunar. Minjastaðurinn er um 6 m norðan við miðlínu áhrifasvæðis 2022.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**DA-125:001_03** heimild um útihús 342631 519837

Kofi er merktur inn á túnakorti frá 1917 um 30 m VSV við bæ 001_01. Kofinn er 10 m vestan við úttektunarsvæði jarðstrengsframkvæmda en helgunarsvæði hans (15 m) nær innan þess og því fylgir hann þessari fornleifaskrá. Engin merki kofans sjást lengur á yfirborði, líklega vegna sléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**DA-125:001_04** heimild um kálgarð 352648 519860

Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1917 um 5 m vestan við bæ 001_01. Kálgarðurinn er 2 m utan við úttektunarsvæði jarðstrengsframkvæmda en helgunarsvæði hans (15 m) nær innan þess og því fylgir hann þessari fornleifaskrá. Engin ummerki um kálgarðinn sjást lengur á yfirborði en hann hefur verið hlaðinn í brekku sem hallar til suðvesturs. Hann er sennilega horfinn vegna sléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**DA-125:019** *Mógrafir* náma mógrafir 352904 519435

„Í kinninni suðaustur af frá túninu eru Mógrafir. Þar var og er skorinn mór frá Túngarði," segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar eru um 490 m suðaustan við bæ 001 og 150 m norðan við veg

593. Grafirnir eru þvert á áhrifasvæði 2022.

Nokkuð deiglent svæði, smáþýft og á kafi í grasi þegar skrásetjari var þar í júlí 2022.


*Mógrafir 019, horft til NNV.*

Mór var tekinn á svæði sem er 60 x 50 m að stærð og snýr hér um bil austur-vestur. Mögulega hafa þær náð lengra til austurs en það er ekki skýrt. Grafirnar innan svæðis er margar hverjar byrjaðar að renna saman og því erfitt að telja fjölda þeirra, þær skipta þó tugum. Þær sem enn eru heilar mógrafir eru þær flestar um 5 x 2 m að stærð og snúa yfirleitt norður-suður eða nálega austur-vestur. Grafir innan svæðis eru allt að 0,8 m djúpar, með gróinn og rakan botn.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Túngarður, 4

**DA-125:027** garðlag túngarður 352648 519744

Garðlag er rúmum 115 m sunnan við bæ 001 og um 5 m austan við heimreið sem liggur að núverandi íbúðarhúsi á jörðinni (b. 1958). Garðurinn liggur þvert í gegnum miðlínu úttektarsvæðis 2022.


*Garðlag 027, horft til austurs.*

Garðurinn liggur rétt norðan við hálfgróið svæði og gamla námu. Gróður þéttist þó fljótlega til allra átta.

Garðurinn liggur nálega austur-vestur og er greinilegur á um 42 m löngum kafla. Hann er grjóthlaðinn en mikið siginn, 0,2-0,3 m á hæð og er mest 3,3 m á breidd. Ekki sér í umför vegna gróðurs. Óvíst er með hlutverk garðsins, möguleg gamall túngarður en hann er þó utan við mörk túnsins eins og þau eru teiknuð á túnakorti 1917.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## DA-126 Hallsstaðir

**1686:** 23 hdr., 80 ál., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 183.

**1695:** 24 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 183.

**1703:** 24 hdr., bændaeign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, 108.

**1731:** 24 hdr., bændaeign, skv. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 71.

**1847:** 24 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 168.

**15.8.1469:** „Ari Haldórsson selur Guðina Jónssyni fjórðung í Krossnesi í Eyrarsveit fyrir tólf kúgildi, og auk þess skal Guðini svara hálf kirkjunni í Krossnesi þrem hundruðum, er Ari henni skyldugr." Lesið á Hallstöðum í Staðarfellskirkjusókn og skrifað og innsiglað á Hvammi (DA-106). DI V, 548-549.

**12.11.1470:** „Jón Halldórsson og Guðrún Haldórsdóttir kona hans selja Guðina Jónssyni hálft Krossnes í Eyrarsveit fyrir fjörtíu og átta hundruð í gangandi fé." Lesið á Hallstöðum og skrifað og innsiglað á Hvammi. DI V, 585-586.

**1917:** Ræktað tún 4,1 ha (1,8 ha þýft) og 0,2 ha undir hús og fl. Öll torfan er samtals 4,3 ha og garðar 180 m2.

**1703:** „Túnið er meira part þýft, grýtt og hefur verið sæmilega grasgefið, en gengur úr sjer.




*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Hallsstaða DA-126 frá árinu 1917, skráðar minjar og línuleiðir.*

Engjar á dreif, sumpart mýrlendar, og grasslæmar. Hagar rjett góðir [...]. Skógur er sæmilegur til kola og eldiviðar. Grasatekja hefur verið; nú ekki ómaks verð. Túnið spillist af vatns uppgángi, sem ber á leir og grjót, og það blæs upp af veðrum og kemur upp grjót. Engjar spillast af leir og grjóti úr aurlækjum. Hagar fordjargast af skriðum og skógur af sama tilefni og er stórlega kalinn. Vatnsból þrýtur stundum, og er þá erfitt til vatns," segir í JÁM VI, 109.

**1731:** „Koster. Töduvollur j medallage. Gott under bu og hagbeit ä Sumrumm göd [...]. Skogur nægelegur fire äbuendur. Eingiar sæmelegar [...]. Torfrista og stunga alsæmeleg. Ökoster. Eru einger markverder utann landegnenn uppblæs arlega og skögurinn Ryrnar," segir í Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 71-72.

**DA-126:001** *Hallsstaðir* bæjarhóll bústaður 351663 520815

Á túnakorti frá 1917 er bærinn merktur með tveimur húsum og áföstu fjósi og hlöðu. Því til viðbótar er kálgarður 002 sunnan bæjarhúsanna.

Í fasteignamati 1918 segir: „1. Bæjarhús, 6,3x3,2 m, portbygt, alþiljað, fornfál. 2. Búr 5,7x2,5 m úr torfi. 3. Skemma 5,7x3,2 m. 4. Fjós yfir 6 nautgripi."

„Jörðin Hallsstaðir á Fellsströnd er fremsti bær í Flekkudal að norðanverðu við Flekkudalsá. Bærinn stendur undir fjallshlíð, sem heitir Hallsstaðahlíð," segir í örnefnaskrá.

Á bæjarhólnum stendur núverandi íbúðarhús jarðarinnar (b. 1948) og syðst á hólnum er malarplan. Hafa þessar framkvæmdir raskað bæjarhólnum en skýr hólmyndun sést þó á þessum stað. Stafnar gamla bæjarins hafa snúið til suðurs. Úttektarsvæðis 2022 liggur yfir suðurhluta bæjarhólsins.



Bæjarhóll 001, horft til norðausturs.

Allt umhverfis bæjarhólinn er tún sem komið er í órækt. Svæðið hallar nokkuð til suðurs en þar sem gamli bærinn stóð er lítill flatur blettur. Svæðið er girt eða umlukið af hálfgrónum klettaásum til austurs, vesturs og norðurs en til suðvesturs eru ræktuð og framræst tún.

Bæjarhóllinn er 28 x 25 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er vel gróinn og með skýrar brúnir til suðurs og norðurs en er ógreinilegri til austurs og vesturs. Mögulegt er að hóllinn hafi náð lengra til vesturs en þar stendur lítiL kofi og er það því ekki skýrt. Líklega er talsverð mannvist undir sverði þótt hún sé nokkuð röskuð. Hóllinn

er hvað hæstur til suðurs, allt að 1 m en nokkuð lægri annars staðar, um 0,5 m.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Hallsstaðir JG, 1

**DA-126:002** heimild um kálgarð 351686 520790

Á túnakorti frá 1917 er kálgarður merktur um 20 m sunnan við bæ 001 og 55 m suðvestan við fjárhús 003. Minjastaðurinn er um 3 m vestan við miðlínu áhrifasvæðis 2022.

Þar sem kálgarðurinn var er sléttað en óræktað tún,sunnan við malarplan.

Engin merki um kálgarð sjást lengur á yfirborði og er hann líklega horfinn vegna túnasléttunar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**DA-126:017_01** heimild um túngarð 351750 520745

Túngarður er merktur umhverfis tún bæjar 001 á túnakortI frá 1917. Samkvæmt túnakortinu afmarkaði garðurinn svæði sem er 300 x 260 m að stærð og snÉri austur-vestur. Tveir túngarður eru á jörðinni en túngarður 017_02 hefur aðra stefnu en þessi og er sennilega reistur skömmu eftir að túnakortið var gert.Lítill hluti áætlaðar staðsetningar suðausturhluta túngarðs 017_01 nær innan úttektarsvæðis.

Á þessum slóðum er slétt og óræktað tún. Til suðurs er deiglent svæði sem hallar nokkuð til suðurs.

Hér er túngarður 017_01 skráður en engin ummerki um hann sjást lengur innan úttektarsvæðis 2022. Mjög sennilega er hann horfinn vegna túnasléttunar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**DA-126:017_02** garðlag túngarður 351774 520663

Túngarður 017_02 skráður liggur þvert í gegnum úttektarsvæðið. Hann er L- laga og er a.m.k. um 55 m á lengd: liggur austur-vestur á um 50 m löngum kafla og norður-suður á um 5 löngum kafla. Hann hefur sennilega náð lengra til vesturs og norðurs en það svæði er langt utan úttektarsvæðis 2022 og því var það svæði ekki kannað. Garðurinn er torfhlaðinn, 0,6 m á hæð og allt að 1,3 m á breidd. Pæla sést sums staðar sunnan við garðinn.



*Túngarður 017_02, horft til vesturs.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## DA-128 Orrahóll

**1686:** 26 hdr., 160 ál., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 183.

**1695:** 24 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 183.

**1703:** 24 hdr., bændaeign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, 110.

**1731:** 24 hdr., bændaeign, skv. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 70.

**1847:** 24 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 168. Í neðanmálsgrein segir að árið 1805 hafi eyðibýlið Barkarstaðir verið haft til beitar.

Jörðin er einnig nefnd Orrahváll, e.g. ÍF IV, 26.

Jarðarinnar er getið í Landnámu og er Ásbjörn vöðvi sagður búa á jörðinni. ÍF I, 147.

Í Eyrbyggja sögu segir: „Eptir þat for Bqrkr í brott frá Helgafelli ok vest a Meðalfellstrqnd ok bjó fyrst á Barkarstqðum Milli Orrahváls ok Tungu [DA-100]. Síðan fór hann í Glerárskóga [DA-096] ok bjó þar til elli.“ ÍF IV, 26.

**23.10.1467:** „Skiptabréf eptir Björn Þorleifsson [...].Þessum jordum skiptum vier fyrrnefndar menn hustru Olofu Loptsdottur j siitt hlutskipti er so heita [...] Orraholl.“ DI XII, 46, 49.

**17.1.1495:** „Skiptabreff Solwegar biorndottur [...]. orrahuoll [...] allar greindar jarðir firir iij. c. hundrada og þar til half annat hundrad hundrada j kugildum fridu peningum og friduirdum.“ DV VII, 243-244.

**4.5.1543:** „Dómr, út nefnd af þorleifi lögmanni Pálssyni, um ákæru Þorleifs til Orms Sturlusonar um hald á jörðunum Orrahóli [í Fellskirkjusókn] [og fleiri jörðum ...], sem Þorleifr taldi sína eign eptir gjöf Solveigar Björnsdóttur móður sinnar.“ DI XI, 210-213.

Eyðibýli 1703: Barkastader (128:014), skv. JÁM VI, 111; sjá einnig: ÍF IV, 26.

Tvíbýli var á jörðinni á 20. öld, (128:012), skv. ÞÞ 0, 9535.

**1917:** Ræktað tún 2,2 ha (1,0 ha þýft) og 0,1 ha undir hús og fl. Öll torfan er samtals 2,3 ha og garðar 110 m2.

**1705:** „Túnið er meira part sljett, harðlent, sumstaðar grýtt, víða snögt. Engjar sumstaðar mýrlendar, sumstaðar þurar, og þær að litlu gagni. Hagar góðir [...]. Skógur er sæmilegur til kola og eldiviðar. Túnið hefur stundum skemst af gili, sem á það hefur borið sand og grjót. Engjar hafa spilst af grjótu úr Flekkudalsá, og sumar hefur hún afbrotið. Hagar fordjarfast af skriðum og blása upp. Stúnga og rista er slæm,“ segir í JÁM VI, 110.

**1731:** „Koster. Toduvöllur er þar ij medalLage. Utheyes Slægiur nægar. Hagbeit beit og Sumar j betra Laage. Torfrista og stunga nægileg. Skogur fyrer þad heimili anægelegur. Okoster [...]. Tiarner og Pietter ä Läglendenu bana þar of Kivfien,“ segir í Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 70.




*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Orrahóls DA-128 frá árinu 1917, skráðar minjar og línuleiðir.*

**DA-128:001_01** *Orrahóll* bæjarhóll bústaður 348207 520742

Á túnakorti frá 1917 er bærinn merktur með stöku húsi (001_01) og skemmu (001_02) þar austan við. Í fasteignamati 1918 segir: „1. Baðstofa 5,7x3,5 m, portbygð, alþiljuð, forn. 2. Búr 3,2x2,6 m úr torfi, þiljað. 3. Eldhús 3,2x2,6 m [úr torfi]. 4. Bæjardyr 5,7x1,3 m [úr torfi].“

„Býlið Orrahóll stendur undir múla, austanvert við gil, sem heitir Orrahólsgil, og er þarna bæjarröð með fjallinu, sem er norðanvert við Flekkudal […]. Túnið á Orrahól hallar móti suðri og er slétt. Fyrir neðan túnið er flói, sem liggur niður að Flekkudalsá,“ segir í örnefnaskrá. Gamli bærinn er á sama stað og núverandi íbúðarhús jarðarinnar (b. 1927) stendur. Núverandi íbúðarhús stendur nær á sama stað og gamli



*Bæjarhóll 001_01, horft til austurs.*

bærinn stóð. Engin merki um gömlu bæjarhúsin sjást því lengur en ummerki um bæjarhól eru þó greinileg rétt norðan og austan við íbúðarhúsið. Bærinn er 8,5 m utan við úttektarsvæðið en helgunarsvæði hans (15 m) nær inn á áhrifasvæði jarðstrengsins. Bæjarhólinn og skemman sem merkt er inn á túnakort (001_02) ná yfir svæði sem er 25 x 20 m að stærð og snýr austur-vestur

Þar sem gamli bærinn stóð hallar í landi smávægilega til suðurs. Austan við bæinn er núverandi heimreið að bænum og sunnan og suðaustan við bæinn eru ræktuð tún.

Bæjarhóllinn er allt að 1 m á hæð og er 20 x 20 m að stærð. Hann hefur skýrar brúnir til austurs og norðurs en er fremur ógreinilegur að vestan og sunnan. Líklega hefur hann náð lengra suður en það svæði er búið að slétta.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Orrahóll, 1; Fasteignamat 1916-1918 - undirmat Dalasýsla, 252

**DA-128:001_02** heimild um skemmu 348216 520738

Skemma er merkt inn á túnakort frá 1917 um 8 m austan við bæ 001_01. Engin merki um skemmu sjást lengur en hún hefur staðið austar á grónum náttúrulegum hól sem er á kafi í grasi. Minjastaðurinn er um 12 m VNV við miðlínu áhrifasvæðis 2022.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Orrahóll, 1

**DA-128:003** heimild um fjárhús 520742 520607

Á túnakorti frá 1917 eru fjárhús merkt um 170 m suðaustan við bæ 001 og 60 m NNA við þúst 031. Fjárhúsið var um 12 m vestan við miðlínu áhrifasvæðis 2022.

Staðurinn er í sléttu túni, rétt vestan við malarveg sem liggur um suðurhluta túna jarðarinnar.

Engin merki um fjárhús sjást lengur vegna sléttunar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**DA-128:015** *Hof* örnefni 348304 520572

„Lambhústún [016] var innarlega á túni, út og niður af girðingunni, sem liggur innan við túnið. Fyrir vestan Lambhústúnið var djúpt hvolf, sem nefndist Hof; er það nú uppfyllt," segir í örnefnaskrá. Örnefnið Hof gæti bent til forns átrúnaðarstaðar. Staðurinn er rúmum

190 m SSA við bæ 001 og 30 m norðaustan við þúst 031. Hof er 1 m utan við úttektarsvæði jarðstrengsframkvæmda en helgunarsvæði staðarins (15 m) nær innan þess og því var hann tekinn með í fornleifaskrá.

Staðurinn er í dag sléttað tún.

Eins og segir í örnefnaskrá er búið að fylla upp hvolfina. Búið er að slétta svæðið og gera tún og sjást engin ummerki lengur á yfirborði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Orrahóll, 3

**DA-128:022** þúst óþekkt 349005 520568

Þúst, hugsanlega garðlag, er um 820 m ASA af bæ 001. Þústin er um 4 m utan við úttektarsvæði jarðstrengs en helgunarsvæði hennar (15 m) nær inn á úttektarsvæðið og er hún því höfð með í þessari skráningu.



*Þúst 022, horft til norðurs.*

Þústin er í smáþýfðu graslendi, fast sunnan við Efribyggðarveg. Stutt er niður á klöpp. Norðan vegar er mólendi.

Þústin er um 30 m á lengd, 7-8 m á breidd og er hæst um 1 m. Hún er grasi gróin og öll hlaupin í þúfur en einnig sjást víða steinar í þústinni. Þústin er áberandi stórþýfðari, grösugri og grænni umhverfið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-128:023** öskuhaugur 348214 520727

Öskuhaugur er um 12 m suðaustan við bæ 001_01 og 10 m sunnan við skemmu 001_02. Öskuhaugurinn er um 12 m VSV við miðlínu áhrifasvæðis 2022. Þetta er líklega öskuhaugur vegna mikillar grænku og nálægt við bæjarhól 001.



*Öskuhaugur 023, horft til norðvesturs.*

Á þessum stað er lítið óræktað svæði mitt á milli núverandi íbúðarhús jarðarinnar (b. 1927) og ræktað túns. Svæðið var allt á kafi í grasi þegar skrásetjari var þar í júlí 2022.

Öskuhaugurinn er 5 x 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann hefur skýrar brúnir til allra átta og er 0,6 m á hæð. Hann sker sig nokkuð úr umhverfinu vegna þéttari gróðurs.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-128:024** þúst óþekkt 348281 520551

Þúst er rétt austan við Eiríksvöll, um 200 m suðaustan við bæ 001 og 50 m SSV við fjárhús 003. Þústin er 2 m utan við áhrifasvæði jarðstrengsframkvæmda en helgunarsvæði hans (15 m) nær innan áhrifasvæðis og því var hún tekin með í þessa fornleifaskrá.



*Þúst 024, horft til norðvesturs.*

Staðurinn er í fremur sléttu túni, fast vestan við malarveg.

Þústin er 18 x 14 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er allt að 0,8 m hærra en umhverfið og hefur fremur skýrar brúnir til allra átta. Gróður er talsvert þéttari á hólnum en umhverfis hann. Þetta er að hluta til náttúrulegur hóll og líkega hefur mannvirki staðið á honum og það síðan sléttað út.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## DA-651 Fornleifar á fleiri en einn jörð í Hvammssveit

**DA-651:004** gata leið 368829 526449



*Leið 004, horft til VNV. Leið 012 liggur úr frá leiðinni til vesturs.*

Á herforingaráðskorti frá 1914 er leið teiknuð sem liggur frá Hvammi, í suðausturátt að Skerðingsstaðahöfða og beygir þar til austurs og stoppar við götu (651:005) við Glerá. Leiðin sést milli Hvamms DA-106 og Skerðingsstaða DA-105, norðvestast um 180 m suð-austur af bæ DA-106:001 í Hvammi og suðaustast um 110 m suðvestur af bæ DA-105:001 á Skerðingsstöðum. Miðlína úttektarsvæðis vegna fyrir-hugaðs jarðstrengs RARIK 2022 liggur með leiðinni á um 115 m löngum kafla í landi Skerðingsstaða.

Næst bæ á Skerðingsstöðum liggur leiðin um tún í halla til suðurs en norðvestar um klettótt mólendi.

Við Skerðingsstaði er leiðin hálfgróinn vegarslóði, um 2,5 m breiður stallur í brekku. Suðvestast er 10-20 cm djúp bílför í veginum en eftir því sem fjær dregur bæ verður vegurinn sléttari og grónari. Um 195 m vestur af bæ DA-105:001 liggur leið 012 til vesturs út frá leið 004. Leiðin 004 var ekki rakin lengra á vettvangi en á loftmynd sést hún liggja áfram um 1155 m í átt að Hvammi og er leiðin því alls greinanleg á um 1,3 km löngum kafla.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Hkort 34 Laxárdalur - Ásgarður NV

**DA-651:012** vegur leið 368573 526518

Á herforingjaráðskorti frá 1914 er leið teiknuð sem ligggur frá leið 004 í Skerðingsstaðalandi (DA-105) í suðvesturátt og fer þvert í gegnum lönd Skarfsstaða (DA-108), Kýrunnarstaða (DA-109), Knarrarhafnar (DA-110), Teigs (DA-111) og Rauðbarðaholts (DA-113). Leiðin fer út fyrir hreppsmörk og yfir í Fellstrandarhrepp. Leiðin var athuguð á nokkrum stöðum í tengslum við fyrirhugaða jarðlínu RARIK 2022. Áhrifasvæði línunnar liggur yfir eða með leiðinni á um 241 m kafla í landi Skerðingsstaða, 120 m kafla í landi Skarfsstaða, 105 m kafla



*Leið 012 í landi Kýrunnarstaða, horft til NNA.*

í landi Kýrunnarstaða, 29 m kafla í landi Knarrarhafnar, 78 m kafla í landi Teigs og 76 m kafla í landi Rauðbarðaholts.

Leiðin liggur um mýrar og móa milli bæja í Hvammssveit.

Á þeim stöðum þar sem leiðin var athuguð sást hún sem upphlagðinn grasi gróinn vegur, um 3 m breiður og 40-50 cm hár. Á loftmynd sést víða móta fyrir veginum út fyrir mörk úttektarsvæðis 2022 en einnig eru langir kaflar þar sem gamli vegurinn hefur farið undir núverandi veg eða verið sléttaður út vegna nýræktun túna. Mögulegt er að þær leifar sem sjást í dag séu af yngri vegi en þeim sem merktur er á herforingjaráðskortið en eldri leiðin hefur legið á svipuðum eða sömu slóðum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Hkort 34 Laxárdalur - Ásgarður NV; Hkort 24 Fellströnd-Hafratindur NA; Hkort 24 Fellströnd- Hvammsfjörður SA

## DA-661 Fornleifar á fleiri en einn jörð á Fellsströnd

**DA-661:014** *Neðri-Byggðarvegur* vegur leið 355656 515891



*Neðri-Byggðarvegur í landi Skoravíkur, horft til NNV.*

„Skoravík: Frá Skoravíkurá ofanverðu við Skoravíkurtún [DA-115:001] og Ketilsstaðatún [DA-112:001] neðan Teigstún [DA-111:001] og Knar[r]arhafnartún [DA-110:001] á aðalveginn þar, kallaðist Neðri-Byggðarvegur," segir í svörum um vegagerð í Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands.

Á herforingjaráðskorti frá 1911 er Neðri-Byggðarvegur teiknaður. Hann liggur frá Hreppsmörkum milli Fellstandar og Hvammssveitar í vesturátt, fer framhjá Skoravík og sveigir í norðvesturátt uns hann sameinast leið 026.

Leiðin var athuguð á vettvangi milli leiðar 026 og Skoravíkur. Vegurinn hefur á þeim kafla að mestu legið á sömu slóðum og núverandi vegur en um 470 m vestur af bæ í Skoravík DA-115:001, neðan (sunnan) við Ekrur DA:115: 015 sjást leifar af eldrI vegi neðan við núverandi veg að bænum. Gamli vegurinn er við jaðar áhrifasvæðis vegna fyrirhugaðs jarðstrengs RARIK.

Vegurinn liggur um grasmóa í brattri hlíð sem hallar til suðurs.

Gamli vegurinn sést sem um 2 m breiður stallur í hlíðinni. Hann liggur út frá núverandi vegi um 675 m vestur af bæ 001 og heldur áfram um 205 m til austurs þar til hann sameinast núverandi vegi að nýju.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** ÞÞ 46, 6191; Hkort 24 Fellströnd-Hvammsfjörður SA

**DA-661:026** gata leið 358710 519103

Á herforingjaráðskorti frá 1911 er leið teiknuð sem liggur frá Hóli (DA-114) í vesturhátt og fer neðan við bæina Hafurstaði (DA-117), Breiðabólstað (DA-118), Valþúfu (DA-119), Hellu (DA-120), Skóga (DA-121), en fyrir ofan Staðarfell (DA-122). Síðan heldur vegurinn framjá Ytrafelli (DA-124) Kjallaksstöðum (DA-133) og Vogi (DA-134). Vegurinn fer yfir hreppsmörk Fellstrandarhrepps og Skarðsstrandarhrepps.

„Í Staðarfellslandi hefur verið kot, sem nú er kallað Borgugierde [DA-122:071]. Þar eru

girðíngar og tóftarbrot. Nú er það komið í grjót og liggur um almenníngsvegur," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703.

Leiðin var athuguð milli Breiðabólsstaðar og Staðarfells vegna fyrirhugaðs jarðstrengs RARIK 2022 en hún hefur að mestu legið á svipuðum slóðum og núverandi Klofningsvegur.

Leiðin liggur um mýrar, móa og kjarrlendi milli bæja á Fellsströnd.

Ekki sjást merki um eldri götur innan úttektarsvæðisins. Á loftmynd má sjá götur í landi Staðarfells ofan (norðan) við núverandi veg en þær eru næst um 30 m utan við mörk úttektarsvæðisins og voru því ekki skráðar á vettvangi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Hkort 24 Fellströnd-Hvammsfjörður SA; Hkort 24 Fellströnd-Klofningur NV; JÁM VI, 106

## IV.II Snæfellsnes

### SN-167 Brimilsvellir

**1695:** 40 hdr. Bændaeign. Old Icelandic Land Registers, 169.

**1711:** 40 hdr. Bændaeign. JÁM V, 246.

**1847:** 40 hdr. Bændaeign. JJ, 149.

Í Landnámu er þess getið að Ormur hinn mjóvi hafi búið á Brimilsvöllum um hríð. ÍF I, 112, 113.

**17.11.1428:** Gunnar Ólafsson handleggur Styr Snorrasyni jörðina Hraunsmúla, en Brimilsvellir standa fyrir brigð á jörðinni. DI VI, 43-44.

**23.10.1467:** Skiptabréf eftir Björn Þorleifsson. „Þessum jordum skiptum vier fyrrnefnder menn hustru Olofu Loptsdottur j sitt hlutskipte er so heita. […] Brimelsveller." DI XII, 49-50.

**8.7.1480:** Illugi Haldórsson fær Einari Þórólfssyni hálfa Brimilsvelli til fullar eignar í sinn föðurarf og móður en Sigurður sonur Illuga selur Einari hinn helming jarðarinnar. DI VIII, 68-69, sbr. DI VI, 544-545.

**2.7.1480 & 23.01.1481:** Þorleifr Þórólfsson fær Einari Þórólfssyni bróður sínum þann hluta Brimilsvalla sem hann hafði erft eftir Ástríði Sæmundardóttur móður sína. DI VI, 278. 1711: „Brimnesveller. Almennilega nú kallaðir, heitir með rjettu að fornu lagi Brimilsveller. Engin vita menn rök til að hjer hafi til forna bænhús nje kirkja verið, þó heitir hjer niður við sjóinn Bænhússandur [sjá 002]. […] Jörðin er sundurdeild í mörg býli, en heimabærinn er almennilega kallaður Vallnabær." JÁM V, 246.

**1711:** Sextán hjáleigur og þurrabúðir í byggð eru taldar upp í JÁM: Ónefnd grasnytjarhjáleiga við heimabæinn, Hollt, Hjallabúð, Sigurðar Ólafssonar búð, þrjár ónefndar þurrabúðir, Árnabúð, Bakkabúðir tvær, Gvendarbúð, Kókur, Einarsbúð, Hólbúðir tvær, Lækjarbugur. Einnig eru taldar upp 31 eyðibúð: Holltabúð, Nikulásarbúð, Sigurðarbúð, Hallsbúð, Ingubúð, Hjallabúð, Gvendarbúð, Sigurðarhús, Þorgilsbúð, Bjarnabúð, Solveigarbúð, Bakkabúðir tvær, Kolbjarnarhús, Tjarnarbúðir fimm, Barkabúð, Gvendarbúð, Melabúðir tvær, Þorbjarnartóftir, Gata, Mýrabúð, Bjarnabúðir tvær, Ólafsbúð, Björnsbúð og Skemma. JÁM V, 257-252.

**1847:** „Sýslumaður telur með Brimilsvöllum 11 ónafngreind grasbýli og 1 þurrabúð, en af þeim, sem metin eru til dýrleika 1805, nefnir prestur eigi nema 10, þó telur hann Bakkabúðirnar [167:040, SN-176, SN-177] nefndar einsog í jarðabókunum, og á þeirri, sem þar er talin stærri, taldir 2 ábúendur. 1805 er héraðauki talin Öskubúð [108] og Bjarnabúð [013, 023, 039?], sem prestur nú eigi nefnir, og hjá A.M.: Árnabúð [014] (55 al. Isk), Melabúð

[035, 036?] (40 al. lsk 1 kúg.) og „Hólbúð önnur" [SN-169, 167:084?] sem grasbýli frá Brimilsvöllum, og enn fremur fjöldi þurrabúða, er 1760 voru taldar 13. Leigumáli á grasbýlum þeim, sem A.M. nefnir, er hér talinn eptir honum. Sýslumaður segir nú aðeins 30 vætta Isk. á allri torfunni, en ekkert kúgildi." JJ, 149. „Þar er kirkja [003] byggð 1923 og lögskilarétt byggð 1959, (torfrétt [059] var áður við Vallahnúk) þar var samkomuhús hreppsins, nú sumarbústaður [...]." BS, 380. „Algengt var, að byggðin væri kölluð Vellir, svo og sjálft höfuðbólið, sem af nágrönnum var einnig nefnt Vallabær." Ö-Brimilsvellir SÓ, 2.

Túnakort 1916: Tún 3 ha, slétt 4/5, aukatún 1,1 ha, útrækt 1,1 ha, garðar 800 m2.

„Selstaða, sem jörðin átti í heimalandi, er nú aldeilis eyðilögð af skriðum, og vilji menn selstöðu hafa þá þarf hana út að kaupa. Torfrista og stúnga enn nú bjargleg, fer til þurðar. Móskurður til eldiviðar nægur. Silúngsveiðivon er valla teljandi. Eggver í sjáfarhömrum þar sem heitir Vallnabjarg fæst ekki nema með sigum og ræktast lítt; tekur og bjargið að hryngja so sigamönnum er ekki óhætt fyrir grjóthruni. Fuglveiði og fiðurtekja því eins að sókt sje í sama bjarg til lítils ágóða. Rekavon í minna lagi, heppnast misjafnt. Sölvafjara hefur að fornu verið, má nú valla telja. Bjöllu og þönglareki gagnar hestum á vetur, þegar ekki kemur fjörusullur. Heimræði ár um kríng, lendíng góð en lángræði mikið en góð verstaða til



*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Brimilsvalla SN-167 frá árinu 1916, skráðar minjar og línuleiðir.*

fiskifengs. Engjarnar eru mjög so eyðilagðar af aur og vatnagángi, en þó einna mest af yfirgángi kvikfjár heimamanna, því landþröng er mikil. Úthagar fordjarfast mjög af fjallskriðum. Hætt er kvikfje á flæðiskerjum. Oft hrapar kvikfje fyrir sjáfarhamra í stórviðrum, nema því betur sje vaktað.“ JÁM V, 246-247.

„Land jarðarinnar takmarkast af Hrísalandi að austan en Staðabergsá að vestan. […] Þarna er landrými mest í Fróðárhreppi. Þar […] var mikið útræði. Rituvarp er í Vallnabjargi, nú lítið nytjað.“ BS, 380.

**SN-167:001** *Brimilsvellir* bæjarhóll búustaður 283840 497883

Inn á túnakort sem er líklega frá 1916 er merkt íbúðarhús og matjurtagarður á bæjarhól Brimilsvalla. Íbúðarhúsið er sunnan við matjurtagarðinn. Í fasteignamati 1918 segir: „Íbúðarhús byggt 1902 úr timbri og allt járnvarið. Stærð 12x10 al og 5 al hátt. Kjallari er undir öllu húsinu.“



*Bæjarhóll 001, horft til norðausturs.*

„[H]eimabærinn er almennilega kallaður Vallnabær og tíundar þeir sem í honum búa alla jörðina. Þar er og ekki venja, so menn minnist að hjáleigmennirnir, þótt grasnyt hafi, tíundi hjér býli sín,“ segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalínfrá 1711. „Íbúðarhúsið stendur stutt frá þjóðvegi að neðanverðu,“ segir í Byggðir Snæfellsness. „Bærinn á Brimilsvöllum stendur sunnarlega í miðjum túnum, þar sem áður voru mörg býli (hjáleigur). Byggðin skiptist um læk í efra og neðra pláss,“ segir í örnefnaskrá SÓ. „(Vallnapláss). Bæirnir standa á víðáttumiklu sléttlendi við sjó fram, norðan undir háu fjalli, er Vallnahnúkur heitir, en þó nokkurn spöl frá því. Höfuðbólið (Vallnabærinn) stendur austarlega í þorpinu, er þar timburhús,“ segir í örnefnaskrá. Bæjarhóllinn á Brimilsvöllum er norðan þjóðvegar, nokkurn veginn miðja vegu milli hans og sjávar og þó nokkuð nær sjó. Kirkja 003 sem þar var byggð 1923 er um 90m norðan við bæjarhólinn. Staðurinn var fyrst athugaður árið 2015 en var heimsóttur aftur sumarið 2022 vegna fyrirhugaðar raflagnar RARIK. Raflögnin og áhrifasvæði hennar liggur yfir norðausturhluta bæjarhólsins.

Bæjarhóllinn er í landi sem er nokkuð hæðótt og liggur að sjó. Bæði vestan og austan við hann eru lækir og þá munu tún vera nokkuð blaut en þau hafa öll verið framræst.

Bæjarhóllinn er um 49 x 47 m að stærð og snýr austur vestur. Upphleðsla hans gæti verið um

2 m en austantil á honum stendur íbúðarhús byggt 1945. Það er hæð, grunnur kjallari og ris. Lítið hús er einnig norðvestantil á hólnum. Gamli bærinn sneri líklega stöfnum til vesturs.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1916; JÁM V, 246; BS, 380; Ö-Brimilsvellir SÓ, 1; Ö -Brimilsvellir, 1; Fasteignamat 1916-1918 - undirmat Snæfells- og Hnappadalssýsla, 182

**SN-167:006** heimild um kálgarð 283839 497906

Samkvæmt túnakorti frá 1916 var kálgarður fast norðvestan við bæ 001 og hefur hann væntanlega verið norðan undir bæjarhólnum.

Staðurinn var fyrst athugaður árið 2015 en var heimsóttur aftur sumarið 2022 vegna fyrirhugaðar raflagnar RARIK. Áhrifasvæði raflagnarinnar liggur yfir þann stað þar sem kálgarðurinn var áður.

Kálgarðurinn var mörkum bæjarhóls og sléttaðs túns.

Ekkert sér til minja vegna sléttunnar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1916

## SN-178 Hrísar

**1695:** 16 hdr. Bændaeign. Old Icelandic Land Registers, 169.

**1711:** 16 hdr. Bændaeign. JÁM V, 252.

**1847:** 16 hdr. Bændaeign. JJ, 150.

**15.4.1480:** Skipti eftir Ólöfu Loptsdóttur. „Hlaut þorleifur biornsson j sinn hlut til motz uit einar brodr sinn þessa peninga. […] hris.“ DI VI, 256.

**1505:** Ágrip af gjafabréfi Sigurðar Daðasonar til Snóksdalskirkju. „Neffndur Sigurdur heffur og kirkiunne feinged sexærijngs skipstödu i [Hrísa]Klett millum Höffda og Enniss arid um krijng. Elldevidartak j hrijsa jörd.“ DI IX, 48-49.

**1711:** Taldar eru upp þrjár grasnytjarbúðir sem tilheyra jörðinni: Tjarnarkot og tvö Hrísakot. Einnig eru nefndar þrjár þurrabúðir í eyði: Hólbúð, Klettsbúð og ein nafnlaus búð. JÁM V, 253-254.

**1847:** „Sýslumaður telur 3 hjáleigur (ónafngreindar) með Hrísum, og eru þær hér taldar, með sömu nöfnum, sem þær eru kallaðar 1805 og já A.M., en prestur nefnir nú aðeins 1 (Tjarnarkot) með sama nafni, en kallar þar á móti Pínukot og Lómakot, máske þau sömu grasbýlin, sem áður hafa verið nefnd Hrísakot, efra og neðra,“ segir í JJ, 150. „Á Hrísum var forðum margbýlt og hjáleigur ýmsar enda útræði mikið þaðan; hét byggðin einu nafni Hrísapláss. Nú eru Hrísabæir tveir: Neðri-Hrísar, sem forðum var aðaljörðin, og Efri-Hrísar sem fyrrum hét Lómakot.“ SF, 376.

„Engjatak eigna menn jörðunni eitt í Brimnessvallaland, og skuli þar í mót koma beit híngað aftur. Annað í Máfahlíðarland, sem koma skuli fyrir skipsuppsátur í plátsi því er kallað er Klettur. Bæði engin eru í takmörkuðu plátsi; því er ekki nafn gefið, sem eignað er á Brimnessvöllum, en hitt í Máfahlíðarlandi heitir enn nú í dag Hrísaengi.“ JÁM V, 252-253.

Túnakort 1919: Tún 1 ha, slétt 1/4, garðar 700 m2.

„Selstaða er til í heimalandi allnærri, og brúkast því ei. Torfrista og stúnga meinlega sendin, so valla helst um árið. Móskurður góður og nægur. Hrísrif sem verið hefur er eyðilagt aldeilis. Selveiðivon ekki miður en í meðallagi, rækist lítt. Rekavon í meðallagi. heppnast misjafnt. Sölvafjara nokkur. Fjörugrös eru til en brúkast ekki. Heimræði er ár um kríng. Og lendíng góð. […] Hætt er túninu fyrir skriðu úr bröttu fjallgili og hefur af því skaði orðið fyrir 10 árum. Engjar má öngvar telja nema veitu, sem liggur fyrir heimabænum og falla, ef vel er ært, vel 20 hestar.“ JÁM V, 252-253.

„Bæirnir standa á sléttlendi fyrir vestan Hrísaá en á milli þeirra rennur Hrísagil.“ SF, 376.

**SN-178:035** garðlag óþekkt 285394 497680

Garðlag er um 260 m norðvestur af bæ Neðri-Hrísa, fast sunnan við Tunguveg. Úttektarsvæði vegna fyrirhugaðrar línulagningar RARIK 2022 liggur yfir norðurhluta garðlagsins.

Vestari hluti garðlagsins liggur um rýrt mólendi, afmarkað af skurði sem liggur norðvestur-suðaustur. Austan skurðarins er graslendi. Girðing liggur norðursuður samhliða Tunguvegi, um 10 m sunnan við veginn.




*Garðlag 035.*

Garðlagið er u.þ.b. V laga. Það er í heild um 135 m á lengd og liggur fyrst um 75 m til suðausturs út frá Tunguvegi en sveigir þá til norðausturs og endar um 18 m sunnan við veginn. Garðlagið er um 60 m á breidd og á bilinu 50-120 cm á hæð. Garðlagið er grasi vaxið en rof eru í því á stöku stað. Þar sem girðing liggur yfir garðlagið sést hann ekki á um 6 m löngum kafla en á austurhluta er garðlagið er einnig rofið af skurði á um 11 m kafla.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## SN-182 Túnga

**1695:** 16 hdr. Bændaeign, áður Helgafellsklausturseign, síðan konungseign til 1694. Old Icelandic Land Registers, 169.

**1711:** 16 hdr. Bændaeign. JÁM V, 254.

**1847:** 16 hdr. Bændaeign. JJ, 150.

**[1355]:** Máldagi Ólafskirkju í Máfahlíð. „þetta fee a kirkian j mavahlyd. tuo hlute j Tvngv landi.“ DI III, 111.

**2.5.1425:** Tveir menn votta að Þorleifur Marteinsson hafi handlagt Nikulási Broddasyni Tungu og fleiri jarðir sem hann erfði eftir Sveins Marteinsson móðurföður sinn og Jón Þorgilsson föðurföður sinn. DI IV, 320-321.

**23.10.1467:** Skiptabréf eftir Björn Þorleifsson. „Þessum jordum skiptum vier fyrrnefnder menn hustru Olofu Loptsdottur j sitt hlutskipte er so heita. [...] þridiung j Tungu.“ DI XII, 49-50.

**15.4.1480:** Skipti eftir Ólöfu Loptsdóttur. „Hlaut þorleifur biornsson j sinn hlut til motz uit einar brodr sinn þessa peninga. [...] tunga.“ DI VI, 256.

**17.1.1495:** Testamentisbréf Solveigar Björnsdóttur. „Jtem gef ec sonum minum ij [...] þessa




*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Tungu SN-182 frá árinu 1916, skráðar minjar og línuleiðir.*

mina testamentvm giof þorleifi og joni. […] tunga. allar þessar jarder firir iij c. hundrada og þar med c. kugillda eda kugillda virt.“ DI VII, 243-244.

**16.6.1503:** Ormr Nikulásson selur Halldóri ábóta og klaustrinu á Helgafelli „alla þa eign. riett og tiltolu sem hann ma edur matti eigandi ad verda jordunum. Maahlijd. Hollti og Thungu og honum hafdi thil erfda fallid epter fodur sinn og modur […].“ DI VII, 640.

**1847:** „Sýslumaður nefnir aðeins eina Túngu með 1 hjáleigu, einsog gjört er 1805 og áður (þó nefna jarðabækurnar - enar eldri - eigi Tungukot); en prestur nefnir: Efri Túngu, Túngukot, Neðri Túngu og Nýju Túngu, sé tómthús, er amtmaður kallar Nýjabæ.“ JJ, 150. „Bæirnir voru áður tveir og voru kallaðir Efri-Tunga og Neðri-Tunga. […] Tungukot fór í eyði 1920 og var þá skipt til helminga á milli Tungubæjanna. Efri-Tunga stóð ofar og sunnar er Neðri-Tunga. Eftir það nefndist bærinn Tunga,“ segir í örnefnaskrá, 1.

„Engjaítak í Máfahlíðarland sem bóndaeigninni fylgir […] hefur brúkað verið. Hinn parturinn hefur þess ekki notið yfir 20 ár eður lengur, sumir meina aldrei.“ JÁM V, 255.

Túnakort 1919: Tún 1,7 ha, aukatún 1 ha, garðar 500 m2.

„Torfrista og stúnga því eins bjargleg að þökur sjeu skornar í sendnu vallendi. Móskurður til eldiviðar þver mjög. Heimræði má hjer ekki kalla, þó menn geti lent um vor og sumar við einn brigðulan árós, þar sem sæta þarf sjáfarflæðum. Rekavon nær engin, því mjög lítið er sjáfarpláts. […] Engi ekki nema það sem hent er í fjallhögum.“ JÁM V, 254-255.

1977: „Íbúðarhúsið stendur stutt frá þjóðvegi að ofanverðu. Landið nær frá Kötlholti - Tunguós, Stafnafell - að Hrísaá. Túnið hefur verið stækkað nokkuð, en nýrækt mistekist. Landið er blautt, vikurborið og grær illa. Engar slægjur utan túns. Fjallland gott fyrir sauðfé. Áður var þarna útræði. Lítilsháttar silungsveiði er í Tunguósi,“ segir í BS, 383;

**SN-182:002** *Neðri-Tunga* bæjarhóll bústaður 286168 498116

„Efri-Tunga stóð ofar og sunnar en Neðri-Tunga. Eftir það nefndist bærinn Tunga,“ segir í örnefnaskrá.

„Bæirnir standa á hæðarrana, sem lækkar niður að Tunguós. [...] Árið 1953 eða 1954 sléttaði þáverandi ábúandi í Tungu Ólafur Kristjánsson, vegna túnræktunar, allar rústir í Tungulandi; rústir Arakots, Tungukots og rústir gömlu bæjanna í Neðri-Tungu og Efri-Tungu,“ segir í örnefnaskrá.

Bæjarhóll Neðri-Tungu er um 70 m suðvestan við núverandi íbúðarhús jarðarinnar (b. 1948). Eins og fyrr segir er búið að slétta hóllinn og sjást engin bæjarhús lengur á þessum stað þótt enn mótar greinilegar fyrir bæjarhóli. Miðlína jarðstrengs 2022 fer þvert í gegnum bæjarhólinn.

Neðri-Tunga var rétt vestan við ræktað tún. Á þessum stað er gamalt tún sem komið er

í órækt og var það allt á kafi í grasi þegar skrásetjari var þar sumarið 2022. Mishæðótt tún sem hallar lítillega til norðurs. Rétt sunnan við hóllinn er framræsluskurður.



*Bæjarhóll Neðri-Tungu 002, horft til austurs.*

Bæjarhóllinn er 56 x 25 m að stærð og snýr hér um bil ANA-VSV. Hann er um 1,5-2 m á hæð en er að hluta til reistur á náttúrulegum hól. Hóllinn heefur nokkuð aflíðandi hlíðar og með skýrar brúnir til norðurs og vestur en óskýrar til suðurs og austurs. Samkvæmt Sigurði Gylfa Kjartanssyni, heimildamanni, sér enn ógreinilega till húsgrúnns en allt svæðið var kafloðið þegar skrásetjari var þar og engin greinileg merki grunns.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** BS 1977, 373; Ö-Tunga í Fróðárhreppi í Snæfellsnessýslu 1986, 1; Ö-Tunga ÞJ, 1 -

**SN-182:007** heimild um útihús 286253 498133

Inn á túnakort Tungu (án árs) er útihús merkt um 50 m NNA við Efri-Tungu 001 og 35 m vestan við túngarð 024. Útihúsið er 7 m utan við áhrifasvæði jarðstrengs 2022 en helgunarsvæði (15 m) nær inn á það.

Mishæðótt tún sem komið er í órækt. Til austurs er vegur sem liggur frá núverandi íbúðarhúsi jarðarinnar (b. 1948 ) og til útihúss.

Engin merki um útihús sjást lengur vegna sléttunar,

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort Tungu

**SN-182:023** mannvirki óþekkt 286331 498351

Grjóthlaðin hrúga, sennilega seinustu leifar af einhvers konar mannvirki, er um 60 m norðan við veg 5742 og 20 m sunnan við Holtsá. Jarðstrengurinn liggur þvert í gegnum mannvirkið.



*Mannvirki 023, horft til ANA.*

Mannvirkið er við klettabrún og er nokkuð aflíðandi brekka til norðurs. Annars er svæðið umhverfis mannvirkið grasigróið þótt grjót standi upp úr grasinu víða.

Mannvirkið er 6 x 2 m að stærð og snýr austur-vestur. Sennilega er um að ræða einhvers konar grjóthlaðnar ndirstöður af mannvirki, sem er allt að 0,4 m á hæð. Ekki er ljóst hvert hlutverk mannvirkis sem þarna hefur staðið var en gott útsýni er frá þessum stað og í Holtsá.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SN-182:024** heimild um túngarð 286198 498139

Túngarður er merktur umhverfis heimatún bæjar 001 inn á túnakort frá 1916. Samkvæmt túnakorti afmarkaði garðurinn svæði sem er 190 x 120 m að stærð og snýr norður-suður. Aðeins lítill hluti norðaustur- og norðvesturhluta garðsins lendir inn á áhrifasvæði jarðstrengsframkvæmda árið 2022. Túngarðurinn liggur þvert í gegnum miðlínu lagnastrengsins á tveimur stöðum.

Á þessum stað er óræktað svæði sem var á kafi í grasi þegar skrásetjari var þar sumarið 2022. Svæðið er smámishæðótt.

Engin merki um túngarð sjást lengur innan áhrifasvæðis árið 2022.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1916

**SN-182:025** þúst útihús 286222 498143



*Þúst 025, horft til austurs.*

Þúst er um 60m noðan við Efri-Tungu 001 og 30 m ANA við Neðri-Tungu 002. Ekkkert mannvirki er merkt á þesum stað inn á túnakort frá 1916 og hefur það líklega verið aflagt fyrir gerð kortsins. Fyrirhugaður rafstrengur RARIK liggur þvert í gegnum þústina.

Á þessum stað er óræktað tún sem er mishæðótt. Þarna vex mikið af grasi og sóleyjum.

Þústin er 10 x 6 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hún er 0,5 m hærra en umhverfið í kring og hefur skýrar brúnir en ekkert greinilegt tóftarlag má sjá á henni.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

## IV.II Mýrar

### MH-171 Melur

**1695:**16 hdr. Bændaeign, Old Icelandic Land Registers, 155

**1709:** 16 hdr. Bændaeign, JÁM IV, 419.

**1847:** 16 dr. Bændaeign. JJ, 132.

Jarðarinnar er getið í Heiðarvígasögu. „[…] rennr Gestr [Þórhallason] suðr á leið til Borgarfjarðar ok kemr at Mel; sá hét Halldórr, er þar bjó, en kona hans var náskyld Gesti.“ ÍF III, 235.

**[Um 1463-1470]:** Máldagi Hofstaðakirkju á Mýrum. „Kirkia aa hofstodum aa […] allt landit at mel. Er þar half iordin til leiguburdar. ijj. merkur.“ DI V, 409.

Túnakort 1918: Tún 3,1 ha, slétt 4/5. Garðar 200 m2.

„Skógur til raftviðar valla teljandi, til kolgjörðar og eldiviðar nægur og brúkar ábúandi skóg til bússnauðsynja. Torfrista og stúnga bjargleg. Móskurður til eldiviðar brúkast ei, meinast þó vera. Móskurður til eldiviðar brúkast ei, meinast þó vera. Engjarnar hafa brugðist í margt ár og ekki sprottið, og eru því komnar í mosa fyrir þessa óáran, so mönnum þykir örvænt að þetta slægjuland muni hjer eftir að gagni verða. Landþröng er og víða graslítið brunahrun, og því kaupir ábúandi sumar og vetrarhaga fyrir xxx álna toll af Svarfhólsmönnum árlega. Vatnsból erfitt í Melsá um vetur fyrir brattlendi og hálkufrostum. Hreppamannaflutníngur torsóktur fyrir foröðum.“ JÁM IV, 420.

„Land Mels er ekki mjög stórt, en það er fjölbreytt að gerð. Austasti hluti þess er úfið hraun, Melshraunið, vestasti hluti þess, sem runnið hefur úr Hraundalnum. Vestan við hraunjaðarinn, skilin frá honum af mýrarsundi er löng melalda. Bæjarhús standa nyrst á þessari öldu, nærri Melsá, og þar eru eldri tún jarðarinnar. Á suðurhluta öldunnar eru dálitlar skógarleifar. Þar setti Skógrækt ríkisins upp skógræktargirðingu fyrir allmörgum árum. Vestur af öldunni eru samfelldar mýrar og flóar. Austasta hluta þeirra, næst bænum, hefur nú verið breytt í tún. Austur frá suðurhluta öldunnar er einnig allstór mýrarspilda. Óveruleg hlunnindi af laxveiði í Melsá fylgja Mel.“ BB III, 309.




*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Mels MH-171 frá árinu 1918, skráðar minjar og línuleiðir.*

**MH-171:001_01** *Melur* bæjarhóll bústaður 353021 471863

Á túnakorti er bær 001_01 merktur litlu austan við miðju heimatúnsins og er kálgarður 001_02 fast austan við bæ. Í fasteignamati frá 1916-1918 er bæjarhúsum á Mel lýst svo: „Baðstofa þrepbyggð 8 1/2 x 6 ál og frambær er 10 x 4 1/2 ál.“ Gamli bærinn stóð um 50 m suðaustur af núverandi íbúðarhúsi og sneri líklega stöfnum til suðurs. Síðasti bærinn sem stóð á þessum stað var rifið í kringum 1980 samkvæmt ábúanda. Miðlína úttektarsvæðis vegna fyrirhugaðrar raflagnar RARIK liggur að bæjarstæðinu og stoppar þar sem bærinn og kálgarðurinn voru áður.



*Bæjarhóll 001_01, horft til norðurs.*

Umhverfis gamla bæjarhólninn er slétt tún í rækt. Heimreið liggur framhjá bæjarhólnum sunnan- og vestantil. Búið er að planta greni, furu og rifsberjarunnum fast norðan við

matjurtagarð sem enn er á staðnum.

Sléttað hefur verið úr minjum gamla bæjarins og sést ekki skýr hólmyndum á svæðinu. Á túnakorti frá 1918 eru bæjarhús sýnd sem 10 x 10 m að stærð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1918; Fasteignamat 1916-1918 - undirmat; Mýrasýsla, 199

**MH-171:001_02** heimild um kálgarð 353026 471852

Þar sem kálgarður er merktur austan við bæ 001_01 á túnakorti frá 1918 er nú kartöflugarður. Kálgarðurinn sem merktur er á túnakortið hefur líklega náð lengra til norðurs. Kartöflugarðurinn er um 16 x 11 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki er hlaðið umhverfis kartöflugarðinn en lögun gamla garðsins gæti stjórnað lögun hans a.m.k. að hluta.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## MH-172 Fíflholt

**1695:** 24 hdr. Bændaeign, Old Icelandic Land Registers, 156.

**1709:** 24 hdr. Bændaeign, JÁM IV, 449

**1847:** 16 dr. Bændaeign. JJ, 132.

**[Um 1530-1600]:** Skrá um landamerki Fíflholta í Hraunhreppi á Mýrum. DI IX, 567-569; DI XI, 102-104.

Sveitarfélögin á Vesturlandi keyptu Fíflholt árið 1997 og er þar nú urðunarstaður sorps.

Túnakort 1918; Tún 6,5 ha, slétt 1/3. Garðar 450 m2.

„Hagagöngufje taka ábúendur stundum á vetur sjer til gagnsmuna meira eður minna. Torfrista og stúnga nýtandi, erfið til að sækja. Reiðíngsrista fyrir heimilið bjargleg. Móskurður lakur til eldiviðar, brúkast þó. Hrísrif lítið til tróðs. Engjunum grandar lækur í vatnsvöxtum, sem ber mor og slý í slægjuland. Hætt er kvikfje fyrir stórviðrum á vetur, sje ei með mestu gætni við varðað. Vatnsból bregst um vetur og er þá erfitt í torfgröfum. Kirkjuvegur lángur og torsóktur fyrir foröðum á sumur til Staðarhrauns, en fyrir Melsá og Melslæk á vetur. Hreppamannaflutníngur erfiður á sumur fyrir foröðum.“ JÁM IV, 450.

„Jörðin er landstór, og er landið að mestum hluta mýrar og flóar, en í norðurhluta þess er




*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Fíflholts MH-172 frá árinu 1918, skráðar minjar og línuleiðir.*

allmikill melafláki, Fíflholtamelar. Melar þessir eru nyrsti hluti melarana, sem liggur alllangt niður í Hraunhrepp og er trúlega forn jökulruðningur. Ólafsvíkurvegur liggur um melana ofanverða, og eru þar vegamót Ólafsvíkurvegar og Hraunhreppsvegar. Mjög beitarsælt þótti í Fíflholtum, á meðan sauðfjárrækt byggðist á útbeit á vetrum, en slægjur þóttu rýrar.“ BB III, 297.

**MH-172:008** heimild um túngarð 350033 469886

Á túnakorti frá 1918 er túngarður teiknaður umhverfis heimatúnið. Í fasteignamati frá 1916-1918 segir að að gripagirðing sé kringum allt túnið. Fyrirhuguð raflögn RARIK mun liggja yfir norðurmörk heimatúnsins Í Fíflholti, líkt og það er teiknað á túnakort frá 1918, um 50 m vestur af bæ 001.

Þar sem vesturmörk túnsins voru áður liggur nú malarvegur bílastæði við sorpurðunarstöðina að Fíflholtum. Umhverfis er hálfgróinn melur.

Svæðinu hefur mikið verið raskað í tengslum við sorpurðun á svæðinu og ekki sjást merki um túngarð á yfirborði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1918; Fasteignamat 1916-1918 - undirmat; Mýrasýsla, 200

## MH-174 Álptá

**1695:** 16 hdr. Hítardalskirkjueign, Old Icelandic Land Registers, 155.

**1709:** 16 hdr. Hítardalskirkjueign, JÁM IV, 420.

**1847:** 16 dr. Hítardalskirkjueign. JJ, 132.

**1397:** Máldagi Hítardalskirkju. „Allra heilagra kirkia j Hitardal a […] Alftta." DI IV, 184.

**1470:** Máldagi Hítardalskirkju. „Allra heilagra kirkia j hitardal a […] aflta a." DI V, 599.

**1504:** Skrá og reikningsskapur eigna Guðna Jónssonar. „viij kugilldi aa aalptaa." DI VII, 745.

**1570 og síðar:** Máldagi Hítardalskirkju. „Jtem a kirkian thessar jarder. […] Altarland. leigd fyrer c." DI XV, 611-612.

Um skeið eða 1906 til 1922 var húsmennskubýli í landi Álftár, Álftárstekkur." BB III, 292.

Túnakort 1918: Tún 4,5 ha, slétt 8/9. Garðar 235 m2.

„Skógur sem segir um Mel supra. [Skógur til raftviðar valla teljandi, til kolgjörðar og eldiviðar nægur og brúkar ábúandi skóg til bússnauðsynja.] Torfrista og stúnga bjargleg. Móskurður til eldiviðar lakur. Engjar litlar nema það hent er úr hagmýrum. Foröð eru mikil í landinu, so allvíða þarf að brúa undir kvikfje á sumur, ef því skal óhætt vera heim og heiman." JÁM IV, 421.




*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Álftár MH-174 frá árinu 1918, skráðar minjar og línuleiðir.*

„Land jarðarinnar er víðlent. Meginhluti þess er mýrar og flóar með dreifðum, stökum skógar- og klapparásum. Nokkurt melasvæði er í vesturhluta þess, og nyrsti hluti þess er úfinn, gróðurlítill hraunfláki, hluti af hrauni því sem runnið hefur fram úr Hraundal. Hraunflákinn skiptist milli fjögurra jarða, og ber hver hluti þess nafn dregið af nafni viðkomandi jarðar. Álftá fellur um land jarðarinnar. Hún er bergvatnsá, sem kemur undan hraunjaðrinum í nokkrum vatnsmiklum uppsprettum. Á austurmörkum jarðarinnar fellur áin Veita, sem kemur úr Hraundalnum og rennur með austurbrún hraunsins, þar sem henni bætist vatn frá uppsprettum undan hrauninu. Landspilda vestan við Veitu var keypt undan Álftártungu 1923. Jörðinni fylgja nokkur hlunnindi af laxveiði í þessum tveimur ám.“ BB III, 292.

**MH-174:001** *Álptá* bæjarhóll bústaður 354321 466950

Á túnakorti frá 1918 er bær 001 merktur við austurjaðar heimatúnsins. Í fasteignamati frá 1916-1918 er Álftárbænum lýst svo: „Íbúðarhús steinsteypt, að stærð 11 x 8 1/2 ál, einlift, með kjallara og porti.“ Íbúðarhúsið stendur enn og var byggt 1911 samkvæmt fasteignaskrá. Samkvæmt ábúanda var torfbær litlu norðvestan við núverandi íbúðarhús. Fyrirhuguð raflögn RARIK liggur yfir bæjarhólinn.



*Bæjarhóll 001, horft til ANA.*

Bærinn stendur um 30 m vestan við bakka Álftár. Malarplan er fast suðvestan við bæinn en handan þess er aflíðandi grasi gróin brekka niður að ánni. Heimreið liggur að bænum úr suðri en umhverfis hann eru sléttuð tún. Trjám hefur verið plantað meðfram heimreiðinni vestantil.

Bæjarhóllinn er um 50 x 25 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hóllinn er víðast um 1 m á hæð en að sunnanverðu rennur hann saman við náttúrulegan klettahól, um 2 m á hæð. Norðaustantil á hólnum stendur steypt íbúðarhús á tveimur hæðum. Grunnar dældir eru í bæjarhólnum vestur og suðvestur af bæ en ekki sjást skýr merki um mannvirki.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1918; Fasteignamat 1916-1918 - undirmat; Mýrasýsla, 201; Fasteignaskrá

**MH-174:002** heimild um útihús 354310 466942

Útihús er merkt á túnakort frá 1918 um 15 m SSV af bæ 001. Húsið var suðvestarlega á bæjarhól 001 en það er horfið. Fyrirhuguð raflögn Rarik liggur yfir staðsetningu útihússins.

Bærinn stendur um 30 m vestan við bakka Álftár. Heimreið liggur að bænum úr suðri en umhverfis hann eru sléttuð tún. Trjám hefur verið plantað meðfram heimreiðinni vestantil.

Ekki sjást skýr merki um útihúsið á yfirborði og sléttað úr minjum þess en grunnar dældir eru þó í bæjarhólnum á þessu svæði og er líklegt að ummerki séu varðveitt undir sverði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1918

**MH-174:005_01** þúst útihús 354276 467083

Útihús er merkt á túnakort frá 1918 um 140 m NNV af bæ 001. Á þessum stað er hóll 005_01 og tóft 005_02 ofan á honum. Fyrirhuguð raflögn RARIK liggur yfir hólinn og tóftina.



*Rústahóll 005_01, horft til VNV.*

Rústahóllinn er utan núverandi heimatúns, í smáþýfðu beitarhólfi. Vegarslóði liggur austur-vestur um 5 m sunnan við hólinn.

Hóllinn er ílangur, um 27 x 16 m að stærð, og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er grasi gróinn og er hæstur um 1.2 m. Víða eru dældir í hólnum en ekki sjást skýr ummerki um aðrar byggingar en tóft 02. Mögulegt er að hóllinn sé náttúrulegur en líklegt er að hann sé a.m.k að hluta myndaður af uppsafnaðri mannvist.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1918

**MH-174:005_02** tóft útihús 354274 467079

Tóft 005_02 er sunnarlega á hólnum miðjum. Hún er einföld, um 6 x 5,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á tóftinni til norðausturs. Tóftin er heldur óskýr og rís ekki hÆrra en 20 cm að innan en hæst um 35 cm að utan á norðvesturhlið. Tóftin er að mestu grasi gróin en grjóthleðsla sést þó meðfram norðvesturhlið að utanverðu, einföld röð af stóru






*Tóft 005_02, horft til SSA á ljósmynd.*

grjóti, allt að 40-50 cm í þvermál. Grjótið er við það að hverfa í gras og mosa.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**MH-174:006** gata traðir 354336 466934



*Traðir 006 horft til ASA.*

Traðir eru merktar suðvestan við bæ á túnakort frá 1918. Traðirnar eru enn varðveittar og liggja frá malarplani suðaustan við bæ 001 til suðausturs að Álftá. Áhrifasvæði fyrirhugaðar raflagnar RARIK nær yfir norðvestari helming traðanna.

Sléttað tún er sunnan við traðirnar en njólabreiða norðan við þær. Aflíðandi halli er frá bæ niður að ánni.

Traðirnar eru um 20,5 m langar og 2,2 m breiðar. Ekki er sést skýr ytri kantur. Traðirnar eru um 30 cm djúpar næst bæ en um 1 m næst ánni. Þær eru grónar grasi og njóla auk þess sem hófsóley vex í tröðunum næst ánni þar sem blautast er. Handan árinnar er traktorsslóði sem liggur áfram til suðausturs.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1918

**MH-174:008** varða óþekkt 352966 468080

Varða er um 1,7 km norðvestur af bæ 001 og rúmum 20 m norðaustan við Snæfellsnesveg, við afleggjara að námu á Fornaselsás. Varðan er innan áhrifasvæðis fyrirhugaðar raflagnar RARIK, um 11 m norðaustan við miðlínu svæðisins. Önnur varða 009 er um 73 m til NNA.


*Varða 008, horft til norðurs.*

Varðan er ofan á lágu klettaholti, hálfgrónu mosa og lyngi. Mýrlendi er sunnan vörðunnar en klettaholt og malarnáma til norðurs.

Varðan er um 0,8 x 1 m að grunnfleti og um 1,1 m á hæð. Varðan er lítillega grasi gróin í botninn. Telja má 6-7 umför grjóts í vörðunni og er það vel skófum vaxið. Hlutverk vörðunnar er óþekkt. Ekki er útilokað að hún tengist selinu sem ásinn er kenndur við en henni hefur þá verið vel við haldið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**MH-174:010** garðlag óþekkt 354271 465541

Fornlegt garðlag suðaustan við bæ 001. Syðri endi þess er um um 1,4 km suður af bænum en nyrðri endi þess um 970 m suðaustur af bænum. Á loftmynd virðist garðlagið þó mögulega ná mun lengra til norðvesturs. Garðlagið liggur samhliða Veitá og virðist loka af bug við ána. Garðlagið er að mestu um 2,5 til 15 m suðaustan við miðlínu fyrirhugaðrar raflagnar RARIK en um 160 m frá vestari enda garðlagsins liggur miðlínan í gegnum rof á garðinum.


*Garðlag 010, horft til suðausturs.*

Garðlagið liggur um mýrlendi með klapparmelum á stöku stað. Vestari rennur um 40 m sunnan við vestari enda garðlagsins.

Garðlagið er alls um 956 m langt en er víða rofið á allt að 150 m löngum köflum. Það liggur að mestu norðaustur-suðvestur en um 170 m frá syðri enda þess beygir garðlagið til VSV. Garðlagið er um 1-1,5 m á breidd og rís hæst um 50 cm. Það er gróið háu grasi, mosa og hrafnafífum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**MH-174:011** gata leið 354075 467231



*Leið 011, horft til VNV.*

Á herforingjaráðskorti frá 1911 er gata sýnd sem liggur frá bæ til norðvesturs að vagnvegi MH-671:002. Úttektarsvæði vegna fyrirhugaðs jarðstrengs RARIK 2022 liggur yfir leiðina um 355 m norðvestur af bæ 001.

Næst bænum eru ræktuð tún, afmörkuð af skurðum. Fjær bæ liggur leiðin yfir deigan brokflóa milli klettaása. Næst klettaásum er land uppblásið.

Leiðin sést ekki næst bænum og er hún þar horfin í tún. Handan túna sést leiðin á um 52 m löngum kafla. Hún sést þar sem um 2,5 m breiður vegur, mögulega ruddur. Hann er grasi gróinn en lítið eitt sléttari en umhverfið. Leiðin hverfur síðan aftur nær klettaásunum þar sem land hefur blásið upp. Handan ásanna sést leiðin aftur en liggur þar utan úttektarsvæðis 2022.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Hkort 25 SA

## MH-179 Ánastaðir

**1695:**16 hdr. Bændaeign, Old Icelandic Land Registers, 155.

**1709:** 16 hdr. Bændaeign, JÁM IV, 423.

**1847:** 16 dr. Bændaeign. JJ, 132.

**15.4.1480:** Skiptabréf eftir Ólöfu Loptsdóttur milli Þorleifs og Einars Björnssonar. „Hlaut þorleifur biornsson j sinn hlut til motz uit einar brodr sinn þessa peninga. [...] annastader." DI VI, 256.

**12.3.1511:** Stephán biskup í Skálholti leggur Ánastaði til sóknar og gjalda til Hjörseyjarkirkju. „[....] ad þeir tueir bæir er suo heita anastader og hamrendar liggia langt j burtu fra soknarkirkiunne alltanesi. Enn erv j nalægd uid hesseyjar kirkiu [...]." DI VIII, 342.

**1709:** Ein eyðihjáleiga, Ánastaðakot. JÁM IV, 424.

„Svo virðist sem kot þetta [Ánastaðakot] hafi ekki byggst aftur fyrr en 1870 og var þá í byggð um 30 ára skeið eða til ársins 1902. Annað býli, Jaðar, var byggt í landi Ánastaða seint á síðastliðinni öld, en það var aðeins í byggð í sjö ár. Bæjarbruni varð á Ánastöðum árið 1967, fór þá jörðin í eyði um fimmtán ára skeið.[...] Ánastaðir fóru enn í eyði árið 1984 en byggðust aftur árið 1986." BB III, 293.

Túnakort 1918: Tún 3,8 ha, slétt 1/4. Garðar 274 m2.

„Torfrista og stúnga næg, so og reiðíngsrista fyrir heimilið. Móskurður til eldiviðar nægur. Lax og silúngsveiði hefur góð verið í Álftrá, en nú svipul í nokkur ár. Heimræði má hjer valla telja, þó hafa menn bragðað að fleyta hjer skipi um stórstraumsflæðar nokkrum sinnum um sumur; er þetta þó mjög erfitt og svipult, brúkast því sjaldan. Enginu grandar Álftár með grjótsáburði til stórskaða. Landþröng er, og nýtur ábúadi góðvilja nábúa sinna fyrir óákveðinn góðvilja, en geldur ei vist fyrir. Selvegur torstóktur fyrir foröðum, sem brúa þarf með stóru erfiði. Hætt er kvikfje fyrir holbakkaskurðum og foröðum. Kirkjuvegur lángur og torsóktur að Hjörsey fyrir foröðum og Hjörseyjarsundi, so sæta verður sjáfarföllum til og frá." JÁM IV, 424.

„Landið er stórt. Það er að mestum hluta votir flóar en hallamýrar nær Álftá. Vestast í landi jarðarinnar er stórt vatn, Grænumýrarvatn, um 90 ha að flatarmáli. Affall frá því rann austur yfir flóann og myndaði þar allstórt veitusvæði. Þar voru taldar góðar slægjur, þótt blautar væru. Ánastöðum fylgja umtalsverð hlunnindi af laxveiði í Álftá." BB III, 293.

**MH-179:009** tóft heystæði 345759 459503

Tóft er um 595 m SSV af íbúðarhúsi á Ánastöðum og um 125 m suðaustan við Hraunhreppsveg. Tóftin er um 4 m norðvestan við miðlínu fyrirhugaðrar raflagnar RARIK.




*Tóft 009, horft til suðurs á ljósmynd.*

Norðvestan við tóftina eru uppblásnir melar en til annarra átta er gróið mýrlendi.

Tóftin er einföld, um 4 x 5,5 m á stærð og snýr austur-vestur. Op er á tóftinni á suðurhlið. Breidd veggja er víðast 1-1,5 m og hæð um 60 cm en tóftin gæti verið lítið eitt niðurgrafin. Tóftin er að mestu gróin grasi, lyngi og mosa en virkt rof er á nokkrum stöðum í veggjum að innanverðu. Líklega er hér um heystæði að ræða.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## MH-180 Hundastapi

**1695:**10 hdr. Bændaeign, Old Icelandic Land Registers, 155.

**1709:** 10 hdr. Bændaeign, JÁM IV, 425.

**1847:** 8 dr. Bændaeign. JJ, 132.

Jörðin var líklega í konungseign fyrir 1550 skv. Old Icelandic Land Registers, 150, sbr. DI VIII, 831-833. AÍ II, 204.

Einnig kölluð Andarstapi eða Hindarstaði. JÁM IV, 425; BB III, 305.

„Þessa jörð ljet uppbyggja hjer um fyrir 60 árum lögmaðurinn sál. Hr. Sigurður Jónsson á fornu eyðibóli, og hefur síðan lögbýlisjörð haldin verið.“ JÁM IV, 425.

Túnakort 1918: Tún 3,3 ha, slétt 3,5. Garðar 77 m2.

„Torfrista og stúnga næg, so og reiðíngsrista fyrir heimilið. Móskurður til eldiviðar nægur. Lax og silúngsveiði hefur áður verið, en meinast nú lítil eður engin, því áin rennur nú í öðrum farveg heldur en áður, meðan veiðin brúkaðist. Heimræði ut á Ánastöðum supra. [Heimræði má hjer valla telja, þó hafa menn bragðað að fleyta hjer skipi um stórstraumsflæðar nokkrum sinnum um sumur; er þetta þó mjög erfitt og svipult, brúkast því sjaldan.] Engjavegur erfiður




*Kort sem sýnir hnitsett túnakort Hundastapa MH-180 frá árinu 1918, skráðar minjar og línuleiðir.*

yfir Álftá síðan fyrir vel 20 árðum þegar áin braut sig gegnum landið, so að mesti partur engjanna er nú hinumegin árinnar. Hætt er kvikfje fyrir foröðum, sem víða þarf að brúa, og verður oft mein að sumar og vetur. Kirkjuvegur ut supra á Ánastöðum. [Kirkjuvegur lángur og torsóktur að Hjörsey fyrir foröðum og Hjörseyjarsundi, so sæta verður sjáfarföllum til og frá.] Hreppamannaflutníngar torsóktur fyrir foröðum, so víða þarf að brúa.“ JÁM IV, 425-426.

„Land Hundastapa er þó drjúgstórt. Að uppruna er það allt mýrar og flóar með stökum klöppum og klapparásum á víð og dreif. Eystri hluti þess, austur af bænum, var samfelld mýri með jöfnum halla austur að Álftá og því sæmilega auðveldur til framræslu og ræktunar. Miklum hluta þessa lands hefur nú verið breytt í tún. Vestur af bænum, vestan mikils klapparáss, sem þar er, eru mjög votir flóar, víða settir vatnsflögum. Þar eru nokkur vötn. Austast þerra er Hóltjörn en vestar, á merkjum móti Laxárholti, Arnarbælisvatn og Baugavötn. Lítilsháttar silungsveiði er í sumum þessara vatna. Hundastapa fylgja töluverð hlunnindi af lax- og silungsveiði í Álftá.“ BB III, 305.

**MH-180:004** heimild um túngarð 345090 458686

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var túngarður umhverfis heimatún bæjar 001. Samkvæmt kortinu afmarkaði garðurinn svæði sem var um 250 x 220 m að stærð og snÉri norður-suður. suðausturhlutI túnagarðsins nær inn á úttektarsvæði vegna lagningu jarðstrengs 2022. Eins og garðurinn er merktur inn á túnakort þá fer jarðstrengurinn í gegnum hann eins og garðurinn lá eitt sinn.

Túngarðurinn lá rétt vestan við framræsluskurð, þar sem nú (2022) er sléttað tún.

Engin merki um túngarð sjást lengur á yfirborði, sennilega er hann horfinn vegna túnasléttunar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1918

**MH-180:005** garðlag óþekkt 345047 458566

Grjóthlaðinn garður er rúmum 180 m SSA við bæ 001 og 130 m SSV við túngarð 004. Garðurinn er 6 m utan úttektarsvæðis vegna lagningu jarðstrengs 2022 en helgunarsvæði hans (15 m) nær innan þess og því var hann tekinn með í þessa fornleifaskrá.

Garðurinn liggur á hálfgrónu klapparholti. Næst holtinu er óræktað svæði en fjær því eru sléttuð tún til allra átta.

Garðurinn er um 67 m á lengd og liggur nálega norðaustur-suðvestur. Allt að 3 umför af stæðilegu grjóti má sjá í hleðslum sem eru 0,3-,5 m á hæð. Inn á milli sést í smágrýti.

Veggir eru hæstir til norðurs en lækka nokkuð hratt því sunnar sem dregið er. Garðurinn er 0,5 m á breidd. Óvíst er með hlutverk garðsins. Mögulega túngarður en hugsanlega eru þetta gamlar undirstöður undir vír-girðingu (og þá ekki fornleif, en garður-inn fær að njóta vafans og því tekin með í þessa fornleifaskrá).

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Garðlag 005, horft til suðurs.*

**MH-180:007** þúst óþekkt 345380 459065

Möguleg þúst eða tóft er um 485 m norðaustur af bæ 001 og 95 m suðaustan við Hraunhreppsveg. Fyrirhuguð raflögn RARIK liggur yfir þústina.

Svæðið umhverfis þústina er sinu- og mosavaxið. Einnig er hátt gras áberandi. Melur er norðvestanmegin við þústina og töluvert af stórgrýti umhverfis. Girðing er um 5 m suðvestan





*Tóft 007, horft til NNA á ljósmynd.*

við þústina og tún handan hennar.

Þústin er um 5,5 x 4 m á stærð, um 60 cm á hæð og snýr NNA-SSV. Hún virðist grjóthlaðin en vesturhlið er að mestu rofin, einkum norðantil. Einnig er þústin mjög uppblásin að innanverðu og sést í möl og grjót.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## MH-188 Traðir

**1695:** 6 hdr. Bændaeign, Old Icelandic Land Registers, 156.

**1709:** 6 hdr. Bændaeign, JÁM IV, 435.

**1847:** 6 dr. Bændaeign. JJ, 132.

**1709** er jörðin sögð byggð fyrir manna minni úr Laxárholti MH-189 og vera fjórðungur heimajarðarinnar.

Túnakort 1918: Tún 2,5 ha, slétt 3/5. Garðar 810 m2.

„Haga á sumur brúkar Skutulseyjar ábúandi að nokkru leyti fyrir búsmala sinn, og stundum selstöðu þar með […]. Torfrista næg, stúnga lök. Reiðíngsrista bjargleg. Móskurður til eldiviðar nægur. Hrísrif til kolgjörðar hefur verið, nú gjöreytt. Silúngsveiðivon valla teljandi. Eggver og dúntekja í vatnahólmum gagnvænleg, þykir þó fara til rýrðar mjög. Rekavon lítil, heppnast sjaldan og njóta ábúendur þess eina af reka, sem lög leyfa. Sölvafjara bjargleg fyrir heimilið. Heimræði má hjer vera ár um kríng, brúkast sjaldan á vetur, því þá hamla ísar. Skip ábúanda gánga hjer fleiri eður færri eftir því þeir fá viðkomið. Túninu heimajarðarinnar grandar vatn, sem jetur úr rótina, en sjóargángur á Tröðum með grjóts áburði, til stórskaða. Enginu grandar vatn, sem hleypur á engið uppúr einum fornum lækjarfarveg og jetur úr rótina allvíða. Selför mjög erfið fyrir foröðum, so brúa verður fyrir menn og kvikfje, og ekki hestum viðkomið millum sels og húsa, heldur verða menn að bera selmatinn frá selinu og til þess, það sem nauðsynlega þarf. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum og foröðum, og hefur hverutveggja þetta oftlega að meini orðið. Vatnsból slæmt, bregst um vetur, og er þá erfitt vatns að afla frá heimafjörðunni í torfgröfum, en frá Tröðum í Kóptjörn.“ JÁM IV, 436.

„Land Traða með Skálanesi er ekki mikið. Mestur hluti þess er votir flóar með stökum klapparásum. Við sjóinn eru fitjablettir og sums staðar þurrir sandbakkar og valllendismóar. Ströndin er ákaflega vogskorin og fyrir henni fjöldi skerja. Flæðihætta mikil. Fjörubeit er ágæt, og kemst sauðfé af með lítið fóður í venjulegu árferði, en miklar árvekni þarf við. Áður var stundað útræði frá Tröðum, en fram af bænum er öruggt bátalægi, trúlega það besta á Mýrum. Þar er hrognkelsaveiði, og nokkur selveiði var þar. Þar er og dálítið æðarvarp.“ BB III, 321.

**MH-188:007** tóft óþekkt 340747 458845

Tóft er sunnan undir hól á merkjum Traða og Laxárholts, um 1,29 km norðaustur af bæ 001. Tóftin er innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar raflagnar RARIK, tæpum 11 m norðaustan við miðlínu svæðisins.

Hóllinn er lágur klettahóll, að mestu grasi gróinn. Merkjagirðing liggur yfir hólinn miðjan.





*Tóft 007, horft til SSA á ljósmynd.*

Norðaustan girðingarinnar í landi Laxárholts er sléttað tún en suðvestan girðingarinnar er grasmói í landi Traða.

Mjög stórþýft er sunnan undir hólnum en þar virðist óljóst marka fyrir tvískiptri tóft, um 4,5 x 3,5 að stærð, sem snýr norðaustur-suðvestur. Hólfið í norðausturhluta er skýrara, um 1 x 0,7 m að innanmáli en suðvestara hólfið er stærra, um 1,5 x 1 m. Op virðast á tóftinni bæða á norðaustur- og suðvesturhlið. Breidd veggja er víðast 0.8-1.2 m og hæð um 30-40 cm. Tóftin er grasi gróin og töluvert gengin í þúfur. Ekki sést í grjót. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en mögulega gæti verið um beitarhús að ræða.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## MH-662 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Álftaneshreppi

**MH-662:004** gata leið 354855 466729

Á herforingjaráðskorti frá 1911 er óviss gata merkt frá Álftártungu MH-151 til vesturs að Álftá MH-174. Úttektarsvæði vegna fyrirhugaðs jarðstrengs RARIK liggur yfir leiðina um 1,1 km norðvestur af bæ Álftártungu MH-151:001.

Leiðin liggur yfir mýrarsund og klettaása milli ánna Álftár og Veitár.

Á loftmynd sést ein gata liggja milli bæjanna og er hún alls greinileg á um 1030 m löngum kafla en sést ekki næst bæjunum. Hún virðist liggja frá vaði á Veitá um 530 m norðvestur af bæ en á herforingjaráðskorti er hún merkt liggja frá vaði suðvestan bæjar. Vestari endi leiðarinnar stefnir á traðir MH-174:006.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Hkort 25 SA

## MH-671 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Hraunhreppi

**MH-671:001** heimild um leið 343871 458324

Á herforingjaráðskort frá 1911 er gata merkt sem liggur til suðvesturs frá Hundastapa MH-180 yfir klettaása að Seljum MH-184 og áfram meðfram ströndinni framhjá Skálanesi MH-186 og að Tröðum MH-188. Úttektarsvæði vegna fyrirhugaðs jarðstrengs RARIK liggur yfir svæðið þar sem leiðin lá um 1,2 km suðvestur af bæ á Hundastapa.

Innan úttektarsvæðisins er grasmói milli klettaása.

Ekki sáust merki um gamlar götur á þessu svæði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Hkort 25 SA

**MH-671:002** heimild um leið 351895 469436

Á herforingjaráðskort frá 1911 er merktur vagnvegur sem liggur frá Álftaneshreppi yfir í Hraunhrepp um Hrafnsbrú á Álftá. Vegurinn liggur til norðurs og norðvesturs gegnum hreppinn og yfir í Kolbeinsstaðahrepp við Brúarfoss MH-162. Úttektarsvæði vegna fyrirhugaðs jarðstrengs RARIK liggur að hluta á sömu slóðum og leiðin lá áður, norðaustan við Brúarland og milli Álftár MH-174 og Fíflholts MH-172 við afleggjara að Mel MH-171.

Á þessum slóðum liggur nú Snæfellsnessvegur milli bæja yfir mýrar og klettaása.

Leiðin hefur að öllum líkindum farið undir núverandi veg og sjást ekki merki um eldri leiðir innan úttektarsvæðisins.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Hkort 25 SA

**MH-671:003** heimild um leið 352995 471858

Á herforingjaráðskort frá 1911 er merktur gata sem liggur frá vagnvegi 002, til norðurs framhjá Mel MH-171 og að Staðarhrauni MH-167. Úttektarsvæði vegna fyrirhugaðs jarðstrengs RARIK 2022 liggur yfir svæði þar sem leiðin lá fast vestan við bæ á Melum MH-171:001, þar sem nú er heimreið að bænum.

Hítardalsvegur liggur út frá Snæfellsnesvegi yfir mýrlendi á sömu slóðum og leiðin lá áður. Þegar komið er yfir Melslæk sveigir Hítardalsvegur en leiðin lá leiðin beint áfram að Melum en á því svæði eru nú ræktuð tún.

Ekki sjást merki um leiðina á yfirborði og hefur hún horfið í tún og undir yngri vegi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Hkort 25 SA

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

# V. Niðurstöður og umræða

Alls voru skráðar 145 fornleifar á 117 minjastöðum innan úttektarsvæðanna. Flestar fornleifanna voru á úttektarsvæði 1 sem lá um Hvammssveit og Fellsströnd í Dölum eða 117. Átta minjar voru skráðar á úttektarsvæði 2 á Snæfellsnesi en á Mýrum voru sex fornleifar skráðar á úttektarsvæði 3 og 14 á úttektarsvæði 4. Minjar voru skráðar á 18 jörðum í Dölum, á þremur jörðum á Snæfellsnesi og á sex jörðum á Mýrum.

Úttektarsvæðin voru bæði innan heimatúna og í úthögum jarðanna og tengjast skráðar minjar flestar búsetu, landbúnaði og samgöngum. Ástand fornleifanna innan úttektarsvæðisins er með ágætum og sáust yfirborðsummerki um 72% af öllum skráðum fornleifum. Nokkur munur var þó á hlutfalli sýnilegra minja eftir svæðum en það var um 74% í Dölum, 65% á Mýrum og 63% á Snæfellsnesi. Ekki sást til 28% skráðra fornleifa og voru það í langflestum tilvikum staðir innan heimatúna sem hafa horfið vegna sléttunar og annars nútímarasks.

*Tafla 1: Skráðar fornleifar og ástand þeirra.*

| Samtala | Sérheiti | Tegund | Hlutverk | Ástand |
|---|---|---|---|---|
| DA-105:011 | | heimild | áveita | ekki sést til fornleifar |
| DA-105:017 | Draugakinn | örnefni | draugur | sést til |
| DA-105:033 | | náma | mógrafir | sést til |
| DA-106:002 | | kirkjugarður | kirkja | sést til |
| DA-106:005_01 | | heimild | kálgarður | ekki sést til fornleifar |
| DA-106:005_02 | | heimild | rétt | ekki sést til fornleifar |
| DA-106:037 | Útburðar-pyttur | heimild | draugur | ekki sést til fornleifar |
| DA-108:004 | | heimild | fjárhús | ekki sést til fornleifar |
| DA-108:027 | Grátur | þjóðsaga | | ekki sést til fornleifar |
| DA-108:041 | | þúst | óþekkt | sést til |
| DA-109:001 | Kýrunnarstaðir | bæjarhóll | bústaður | sést til |
| DA-109:003 | | vegur | leið | sést til |
| DA-109:006 | | heimild | fjós | ekki sést til fornleifar |
| DA-109:007 | | heimild | túngarður | ekki sést til fornleifar |
| DA-110:001 | Knarrarhöfn | bæjarhóll | bústaður | sést til |
| DA-110:011 | | gata | traðir | sést til |
| DA-110:043_01 | | garðlag | óþekkt | hleðslur signar |
| DA-110:043_02 | | garðlag | óþekkt | hleðslur signar |
| DA-111:001 | Teigur | bæjarhóll | bústaður | hleðslur standa grónar |
